



Stjórn málafræðideild

MA-ritgerð í alþjóðasamskiptum

Allt fyrir friðinn

Framsal Ante Gotovina:

Liður í inngöngu Króata í Evrópusambandið

Ragna Björk Þorvaldsdóttir

Október 2009

„Ef við gætum ekki réttlætis, mun réttlæti ekki gæta okkar.”¹

¹ Tilvitnun í Frances Bacon. Í Hartmann, F. 2007. *Paix et Châtiment*. Bls. 247.

Leiðbeinandi: Dr. Eiríkur Bergmann Einarsson

Nemandi: Ragna Björk Þorvaldsdóttir

Kennitala: 070759-6249

Útdráttur

Frá árinu 1991 geisaði blóðug styrjöld í löndum gömlu Júgóslavíu þar sem framdir voru skelfilegir glæpir gegn óbreyttum borgurum. Stríðsglæpadómstóllinn í málefnum fyrrum Júgóslavíu, ICTY, var í kjölfarið stofnsettur árið 1993. Dómstóllinn ákærði meinta stríðsglæpamenn frá öllum löndum Balkanskagans en framsalskröfurnar fengu tregar undirtektir. Þegar Króatía sótti um aðild að Evrópusambandinu setti sambandið hlýðni við ICTY skilyrði aðildar. Þannig varð Evrópusambandið dómstólnum mikill liðsauki og sýndi alþjóðastofnunum og alþjóðaréttvísi augljósan stuðning. Þjóðhetja Króata, Ante Gotovina, var meðal ákærðra. Framsal hans var gjaldið sem Evrópusambandið krafðist af Króötum gegn vilyrði um aðild og jafnframt það sem skipti króatísku þjóðina miklu máli vegna þeirrar þjóðarímyndar sem Gotovina hefur.

Markmið þessararar ritgerðar er að skoða framsal Ante Gotovina til ICTY og þýðingu framsalsins meðal samlanda hans. Gerð verður tilviksathugun á máli Gotovina og leitað svara við þeirri spurningu hvort framsal hans hafi ráðið úrslitum um inngöngu Króatíu eins og vonir stóðu til. Þá er gerð grein fyrir tilurð og starfsemi alþjóðastofnana og framþróun alþjóðaréttvísi með starfsemi ICTY. Beitt var eigindlegum rannsóknaraðferðum í greiningu einstaklingsafstöðu til einstakra málefna. Fjallað verður um sjálfsmynd og afstöðu króatískra borgara til öryggis og ógnar en ekki síður til Evrópusambandsins.

Niðurstöður ritgerðarinnar sýna að Króatar hafa farið að kröfum Evrópusambandsins en sambandið virðist hafa tekið nýja stefnu í ljósi landamæradeilna Króata og Slóvena sem er ekki í takt við fyrri ákvarðanir þess og má efast um að Evrópusambandið hafi verið sjálfu sér samkvæmt í afstöðu sinni til alþjóðaréttvísi.

Abstract

From spring 1991 the Balkan war caused bloodshed in the countries of former Yugoslavia resulting in the establishment of The International Tribunal for the Former Yugoslavia, ICTY, in 1993. The Tribunal indicted suspected war criminals from all warring parties but its demands of extraditions met considerable reluctance. Upon Croatia's application for membership to the European Union, the EU made Croatia's collaboration with ICTY a precondition of admittance. Thereby, the EU positioned itself as a strong ally with ICTY thus strengthening considerably the international judicial system. Croatia's national hero, Ante Gotovina, was one of the indicted. His extradition was the entering fee demanded by the EU and simultaneously the one of greatest value to Croats due Gotovina's portrait amongst his people. The purpose of this paper is to follow the extradition of Ante Gotovina to ICTY and its meaning to the Croatian citizen.

This paper involves a case study of the indictments against Ante Gotovina in order to establish whether Croatia's anticipation of admittance has come true. The theoretical background of international institutions as well as that of the ICTYs will be discussed. In those parts of the paper concerning the individual's perspective, the paper is supported by methods of qualitative research. Nations' self-identity and experience of security and threat in addition to expectations towards the EU will be considered.

The conclusions are presented in the final part of the paper and indicate that Croatia has obliged all original demands but the EU seems to have abandoned its former judicial strategy on grounds of Croatia's border dispute with Slovenia and thus expressed certain inconsistency in its policy concerning candidates' submittance to international judiciary.

Formáli

Þessi ritgerð er 30 eininga lokaverkefni í meistaranámi í alþjóðasamskiptum við félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Verkið var unnið undir leiðsögn dr. Eiríks Bergmanns Einarssonar, dósents í stjórnmálafræði við Háskólann á Bifröst og forstöðumanns Evrópufræðasetursins á Bifröst. Ég kann honum mínar bestu þakkir fyrir nákvæma, góða og sérlega uppörvandi leiðsögn. Ritgerðin fjallar um framsal króatíska hershöfðingjans Ante Gotovina til Stríðsglæpadómstólsins í málefnum fyrrum Júgóslavíu, ICTY. Markmið ritgerðarinnar er öðlast dýpri skilning á afstöðu króatískra einstaklinga til inngöngu í Evrópusambandið og þær fórnir sem almenningur telur sig vera tilbúinn að færa svo inngangan verði að veruleika. Áhugi minn á viðfangsefninu kviknaði í fyrstu ferð minni til Króatíu fyrir tveimur árum, ekki síst vegna þess að landið er smátt eins og Ísland og viðbrögð einstaklinga við kröfum Evrópusambandsins sem snerta tilfinningaleg málefni eru öllum skyld. Máttur og vægi alþjóðlegra dómstóla og stofnana hafa orðið mér verulega hugleiknari eftir því sem námi mínu hefur undið fram og þess vegna skipar ICTY m.a. eitt aðalhlutverka ritgerðarinnar.

Fjölskyldan mín er í fararbroddi þeirra sem hafa stutt mig með ráðum og dáð. Eiginmanninum mínum, Arnari Jenssyni, þakka ég óbifanlegan stuðning, hlýju og hvatningu en ekki síst fyrir uppbyggilega og gagnlega rýni sem og stöðugan yfirlestur sem varnaði mér blessunarlega málamiðlunar. Börnin mín kær, nær og fjær, Brynjar, Þorri, Örvar og Elín, hafa verið mér ómetanlegur styrkur og heilshugar bandamenn. Tengdasonur minn, Ivica, fær sérstakar þakkir fyrir að veita mér fyrstu innsýn í hugarheim þjóðar sem hefur kynnst þjáningu af eigin raun. Systir mín, Þórhildur Elín Elínardóttir, og móðir mín, Elín Skeggjadóttir, sáu um yfirlestur og málfarslegar ábendingar og fá heiður og þökk fyrir.

Starfsmenn, saksóknarar, verjendur og annað gott fólk hjá ICTY fær bestu þakkir fyrir þeirra þátt í smíð þessarar ritgerðar.

Síðast en sannarlega ekki síst fá króatískir viðmælendur mínir hugheilar þakkir fyrir að deila með mér viðhorfum sínum, vonum og ótta. Án þeirra hefði ritið misst tilgang sinn.

E F N I S Y F I R L I T

INNGANGUR.....	9
<i>EFNISTÖK.....</i>	14
ALÞJÓÐASTOFNANIR	17
<i>GRUNNUR SAMVINNU.....</i>	17
<i>LÝÐRÆÐISHUGSIÓN ÞJÓÐABANDALAGSINS.....</i>	18
<i>REALISMI, LÍFSEIGUR GRUNNUR.....</i>	20
<i>NEOLIBERAL-INSTITUTIONALISMI; GREIN AF SAMA MEIÐI</i>	24
<i>EVROPUSAMBANDIÐ, EINSTAKT Í SINNI RÖÐ.....</i>	27
<i>SÍVAXANDI STOFNANABYGGING</i>	30
<i>ALÞJÓÐLEGIR SAMNINGAR</i>	34
STRÍÐSGLÆPADÓMSTÓLL Í MÁLEFNUM FYRRUM JÚGÓSLAVÍU - ICTY	37
<i>GÖFUG HUGSIÓN, BRÝN ÞÖRF.....</i>	37
<i>ÓVEÐURSSKÝ</i>	38
<i>STOFNUN ICTY.....</i>	42
<i>RÉTTAÐ YFIR STRÍÐSGLÆPAMÖNNUM, RÉTTUR HLOTUR FÓRNARLAMBA</i>	43
<i>HVERNIG DÓMSTÓLL?</i>	44
<i>PÓLÍTÍSKAR REFJAR.....</i>	47
<i>ARFLEIÐ ICTY</i>	51
ÁKÆRUR ICTY Á HENDUR ANTE GOTOVINA OG RADOVAN KARADŽIĆ	54
<i>MÆÐ LÖGUM SKAL LÖND BYGGJA</i>	54
<i>HVERS KONAR HERNÆÐUR?</i>	56
<i>HVERS KONAR LÖG?.....</i>	58
<i>ÞJÓÐARMORÐ EDA ÞJÓÐERNISHREINSANIR?.....</i>	59
<i>ÞJÓÐERNISHYGGJA – FORSENDI ÞJÓÐERNISHREINSANA</i>	62
<i>STÆRRI SERBÍA.....</i>	63
<i>ÁKÆRA ICTY Á HENDUR ANTE GOTOVINA</i>	66

<i>ÁKÆRA Á HENDUR RADOVAN KARADŽIĆ</i>	69
<i>ÓLÍKAR ÁKÆRUR, ANNARS KONAR SEKT</i>	74
<i>UNDAN KLÓM RÉTTVÍSINNAR</i>	75
FRAMSAÐ GOTOVINA OG INNGANGA KRÓATÍU Í EVRÓPUSAMBANDIÐ	80
<i>HETJA EÐA SKÚRKUR</i>	80
<i>ÍMYND FRELSIS</i>	85
<i>ÞJÓÐIN Í RÍKINU</i>	87
<i>SJÁLFSMYND ÞJÓÐAR</i>	90
<i>KÚGARINN OG HINN UNDIROKAÐI</i>	92
<i>KRÓATÍA OG EVRÓPUSAMBANDIÐ</i>	96
ÖRYGGI ÞJÓÐAR	102
<i>MARGHLIÐA ÖRYGGI</i>	102
<i>ÖRYGGI Í EVRÓPU</i>	104
<i>ÖRYGGISSAMFÉLAG Í EVRÓPU</i>	106
<i>NATO OG EVRÓPUSAMBANDIÐ</i>	107
<i>ÓGN</i>	110
NIDURSTÖÐUR	114
HEIMILDASKRÁ	121

INNGANGUR

Króatía sótti upphaflega um aðild að Evrópusambandinu í febrúar 2003. Umsókn þeirra er fyrir ýmissa hluta sakir athyglisverð. Þá þegar setti Evrópusambandið það skilyrði fyrir hugsanlegri aðild að landið færi í hvívetna eftir alþjóðareglum og beygði sig undir vald og tilmæli alþjóðlegra dómstóla, þar með talinn ICTY, Stríðsglæpadómstólsins í málefnum fyrrum Júgóslavíu. Um langa hríð hafði dómstóllinn barist fyrir því að lönd fyrrum Júgóslavíu afhentu til dóms og laga þá einstaklinga sem dómstóllinn hafði ákært að undangengnum rannsóknum á afbrotum meintra stríðsglæpamanna í stríðinu sem geisaði á Balkanskaga á tíunda áratug síðustu aldar. Dómstóllinn áleit samvinnufýsi Balkanlandanna í mörgu ábótavant og gekk hart fram í að knýja ríkin til samstarfs og hlýðni þótt sú barátta bæri ekki alltaf tilætlaðan árangur.

Í desember 2005 handtók spænska lögreglan fyrrum hershöfðingja Króata úr stríðinu, Ante Gotovina, á Kanaríeyjum. Gotovina var aðallega ásakaður um að bera ábyrgð á brottrekstri Serba sem búsettir voru í Króatíu og því að þeir hafi verið beittir harðræði og sviptir lendum sínum og eigum. ICTY gaf ákærana á hendur Gotovina út árið 2001 en hann hafði farið huldu höfði frá þeim tíma þrátt fyrir eindregnar kröfur dómstólsins til króatískra yfirvalda um framsal á honum. Handtaka Gotovina og framsal hans til dómsins vakti hörð viðbrögð í Króatíu þar sem hershöfðinginn naut mikils álits meðal almennings sem leit á Gotovina sem frelsishetju sem ætti heiðurinn af því að hafa rekið Serba af höndum þeirra og snúið gangi stríðsins þeim í vil. Þó voru fleiri breytingar í aðsigi því Franjo Tudjman sem verið hafði forseti landsins frá því að ríkið lýsti yfir sjálfstæði 1991, var fallinn frá og ný stjórn tekin við sem virtist aðhyllast opnara lýðræði og meiri tengsl við Evrópu en ríkisstjórn Tudjman sýndist gera.

Ýmsir hafa leitt að því getum að handtaka Gotovina hafi í rauninni verið rökrétt framhald umsóknar Króata um aðild og að undirlagi króatískra yfirvalda í

þeim tilgangi að verða við skilyrðum Evrópusambandsins en á það hafa ekki verið færðar sönnur. Þó virðist ljóst að hugsanleg aðild Króata að sambandinu hafi verið spyrnt við samvinnufýsi þeirra í alþjóðlegri réttvísi enda hefur Evrópusambandið tekið af öll tvímæli um afdráttarlaus skilyrði þar að lútandi.² Nauðsynlegt er að hafa í huga að í Evrópusambandinu kemur saman hópur ólíkra þjóða með mismunandi menningu, hefð og markmið í farteskinu þótt þær sjái hag sínum best borgið í innbyrðis samstöðu og samvinnu. Þannig gætu ákveðnir árekstrar og hnökrar orðið á frekari samruna af völdum annarra þjóðfélagslegra þátta en efnahagslegra hagsmuna. Ennfremur þarf að hafa hugfast að stækkun og dýpkun sambandsins er fráleitt yfirstaðin og mörk þess enn ekki ljós eða hafin yfir ágreining.

Meginmarkmið þessarar ritgerðar er að gera tilviksathugun á máli Ante Gotovina og þýðingu framsalsins fyrir inngöngu Króata í Evrópusambandið. Evrópusambandið setti hlýðni Króatíu við ICTY sem skilyrði og gaf skýr fyrirheit um að framsal Gotovina opnaði leið aðildar. Hefur fyrirheit sambandsins staðist eða hafa nýjar kringumstæður sett strik í reikning Króata? Til að svara þessari spurningu verður skoðað hvort kröfum Evrópusambandsins varðandi Ante Gotovina hafi verið mætt af hálfu Króata og hvort Evrópusambandið hafi hugsanlega bætt við frekari skilyrðum í ljósi yfirstandandi landamæradeilu Króatíu og Slóveníu.

Styrjöldina í fyrrum Júgóslavíu má rekja til þess að Króatar lýstu yfir sjálfstæði sínu frá Júgóslavíu 25. júní 1991. Mánuði síðar braust stríðið út sem átti eftir að standa yfir í fullan áratug. Styrjöldin breiddist hratt út í löndum fyrrum Júgóslavíu þótt komið væri á friði um tíma sem náði þó ekki til allra landa skagans. Stríðið var blóðugt og heiftúðugt og kostaði fleiri mannlíf í Evrópu en nokkru sinni síðan á dögum síðari heimsstyrjaldar. Á upphafsárum stríðsins var Evrópusambandið enn sem komið var ekki í stakk búið til að takast á hendur hernaðarleg afskipti. Hvort sem um var að kenna skorti á pólitískum vilja til þess arna eða þá staðreynd að

² Evrópusambandið. Heimasíða. The Year of the Western Balkans.

sambandið hafði enn hvorki vísi að sameiginlegri utanríkisstefnu né herafla er ósannað en ljóst er þó að hernaðarmáttur aðildarlanda ESB samanlagður var geysilega mikill. Evrópusambandið uppskar enda háð og spott af hálfu umheimsins sem álasaði því fyrir aumingjalega frammistöðu í Balkanskagastríðinu sem hefði niðurlægt sambandið og sýnt fram á augljóst getu-og viljaleysi þess til íhlutunar.³

Um síðir skarst NATO í leikinn að undirlagi Bandaríkjamanna og stillti til nokkurs konar friðar um sinn sem innsiglaður var með umdeildu samkomulagi hinna stríðandi þjóða, sem og stórveldanna, í Dayton 21. nóvember 1995. Enn viðhélst samt ófriður sunnar á Balkanskaganum allt til ársins 2001.

Fljótlega eftir að stríðið braust út bárust fregnir af stríðsglæpum og alvarlegum afbrotum sem sögð voru framin af hálfu stríðsaðila en þó sérstaklega Serba. Fjölmíðlar fluttu almenningi umheimsins þau tíðindi að Serbar hefðu m.a.s. sett upp útrýmingarþúðir þar sem minnihlutahópar voru ýmist pyntaðir og jafnvel líflátnir. Sumir fjölmiðlamenn og eftirlitsfulltrúar óháðra samtaka tóku svo djúpt í árinna að kalla aðfarir Serba „þjóðarmorð“. Stjórnvöld stórveldanna höfðust ekki að um langa hríð en vegna gífurlegs þrýstings frá fjölmiðlum, sjálfstæðum alþjóðasamtökum og almenningi um víða veröld var Stríðsglæpadómstóll í málefnum fyrrum Júgóslavíu (*e. International Criminal Tribunal for the former Yugoslavia; ICTY*),⁴ loksins stofnaður með ályktun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 827, 25. maí 1993. Dómstóllinn fer með þýðingarmikið hlutverk í aðdraganda væntanlegrar aðildar Króatíu að Evrópusambandinu og valdsvið hans hefur styrkst til muna eftir því sem framsalsmálum þeirra stríðsglæpamanna sem sakaðir eru um alvarlegustu brotin vindur fram.

Í innbyrðis tengdum heimi skipar alþjóðleg samvinna æ ríkari sess, ekki síst hvað varðar frið og öryggi. Mikilvægt er að ríki átti sig á ábyrgð sinni og möguleikum til íhlutunar á alþjóðavettvangi. Brýnt er að hafa hugfast að þótt þjóðirnar séu misleitar eru ástæður þeirra fyrir samvinnu og jafnvel samruna ekki eins sundurleitar og ætla mætti við fyrstu sýn. Að ýmsu er þó að hyggja í þessu sambandi.

³ Haseler, S. 2005. *Superstate: The New Europe and its Challenge to America*. Bls. 172.

⁴ Hér eftir verður notast við skammstöfun dómstólsins í ritgerðinni; ICTY.

Í fyrsta lagi er fyrirbyggjandi að undirrot og hvati stofnunar Evrópusambandsins er öðrum þræði viðleitni ríkja til að halda innbyrðis frið og setja hverju öðru viðunandi hegðunarskorður. Þannig hefur aðild ríkja að sambandinu verið skilyrt af hálfu þess; ekki aðeins með kröfum um efnahagslegar og lýðræðislegar úrbætur heima fyrir, heldur hefur hugsanleg aðild þeirra einnig verið háð því að ríki beygi sig undir alþjóðlegan aga og löghlýðni. Eitt af þeim tækjum sem sambandið hefur yfir að ráða eru alþjóðlegir dómstólar á grundvelli alþjóðalaga sem kunna að hafa verið brotin eða ekki virt. Velta má fyrir sér í því sambandi hvort alþjóðlegir dómstólar eru sjálfstæðir hliðverðir réttlætis eða afsprengi alþjóðlegra stjórnvalda. Sá kenningargrunnur sem neoliberal-institutionalism byggir á og snýr að hagsmunagæslu, valddreifingu, hegðun og framgöngu ríkja, verður lagður til grundvallar skoðunar á starfsemi og umsvifum ICTY með hliðsjón af því hlutverki sem hann hefur gegnt í þessu máli. Þetta atriði skiptir ekki síst máli vegna þeirra neoliberalísku áherslna sem einkenna Evrópusambandið og það vægi sem alþjóðastofnanir hafa öðlast með auknu sjálfræði og vaxandi styrk.

Í öðru lagi markar starfsemi, lagagrunnur og tilurð ICTY djúp spor í alþjóðlegt réttarfar og ákæru hans og framganga hafa í rauninni valdið tímamótum í möguleikum alþjóðlegra bandalaga til að aga ríki til ásættanlegrar hegðunar. Lagagrunnur alþjóðalaga hefur styrkst mjög við störf dómstólsins enda er annað hlutverk hans að vera ráðgefandi um frekari lagasetningar og benda á gloppur sem kunna að finnast í alþjóðlegu réttarfari. Þótt ekki hafi allar þjóðir verið jafnánægðar með stofnun hans í upphafi virðist dómstóllinn hafa staðið af sér þann styrk sem um hann stóð. Dómarar og saksóknarar dómstólsins hafa löngum barist kröftuglega fyrir sjálfstæði hans og mátti oft litlu muna í umróti alþjóðastjórnmála. Hugsanlegt er að dómstólnum hafi tekist að hrista af sér þá pólitísku fjötra sem reynt var að leggja á hann á fyrstu árum starfsemi hans og nánar verður fjallað um síðar.

Í þriðja lagi er óumflýjanlegt að skoða þær ákæru sem ICTY hefur birt á hendur Ante Gotovina og bera þær saman við ákæru dómstólsins gegn öðrum meintum, alræmdum stríðsglæpamanni sem þar til nýverið gekk laus í 13 ár og hafði ávallt sloppið undan klóm réttvísinnar; fyrrum forseta Bosníu-Serba,

Radovan Karadžić. Sá lagagrunnur sem ákærurnar gegn þessum tveimur einstaklingum byggja á skiptir einnig máli, ekki síst vegna þess að lagagrunnar alþjóðlegra dómstóla hafa styrkst í tíð ICTY. Ekki verður annað séð en að sá grunnur sem lagður hefur verið og bættur með störfum dómstólsins renni enn frekari stoðum undir öflugt samstarf ríkja á alþjóðavettvangi með vaxandi stofnanabyggingu og geri þeim auðveldara um vik að halda uppi lögum og reglu milli ríkja. Gera má ráð fyrir að handtaka Karadžić sumarið 2008 styrki enn orðstír, vald og áhrifamátt dómstólsins og má gera því skóna að vonir Serba um aðild að Evrópusambandinu hafi fengið nýjan byr í seglin við þann atburð. Evrópusambandið hefur nú sett Serbíu á lista yfir „mögulega kandiðata aðildar“ að uppfylltum forsendum sambandsins og því er framsal Karadžić ekki síður athyglisvert í því ljósi.

Í fjórða lagi þýddi framsal Gotovina að umsókn Króata um aðild að Evrópusambandinu fékk aukinn framgang og undirbúningur aðildar var settur í gang af hálfu sambandsins. Þetta ferli er í samræmi við yfirlýsingar Evrópusambandsins um skilyrði samvinnu af hálfu umsóknarlanda. Í yfirstandandi samvinnuferli Evrópu felst einn helsti óvissuþátturinn í vægi þjóðerniskenndar sem víða hefur staðið frekari samruna fyrir þrifum. Ekkert ríki er undanþegið hugmyndastraumum sem hunsa öll landamæri og vegið geta að lýðræðislegum undirstöðum, svo frá því sjónarhorni hlýtur öllum Evrópulöndum að teljast málið skylt á einn eða annan hátt. Sjálfsmynd þjóðar skiptir miklu máli í pólitískum ákvörðunum hennar. Afstaða hins almenna borgara í Króatíu gagnvart skilyrðum ESB vegna væntanlegrar inngöngu Króata í Evrópusambandið er sérlega mikilvæg í þessu ljósi og verður reynt að leita svara við því hvaða augum hinn almenni borgari lítur framsal Gotovina. Stuðningur almennings í Króatíu við aðgerðir ríkisstjórnarinnar í framsalsmálum meintra stríðsglæpamanna þarfnast skoðunar, því eigi pólitísk ásynd þjóðar sér ekki samsvörun í viðteknum gildum, hefð og menningu hennar, ganga umbreytingar þar ekki eftir.⁵ Afstaða borgara hlýtur að vera mikilvægur liður í inngöngu landsins í Evrópusambandið og ráða miklu um

⁵ Tiilikainen, T. 1998. *Europe and Finland*. Bls. 175.

hvernig það ferli gengur eða hvort samruninn við Evrópu eigi sér raunverulegan samhljóm.

Að lokum er nauðsynlegt að hafa í huga að Króatíu er mikil þörf á að tryggja öryggi sitt til frambúðar enda hafa væringar á Balkanskaga verið tíðar í gegnum aldirnar og ýfingar algengar milli þjóðanna sem skagann byggja. Nýleg innganga þeirra í NATO ýtir undir þá skoðun að króatísk yfirvöld sjái hag sínum og öryggismálum best borgið með frekari samvinnu og bandalagi við aðrar vestrænar þjóðir. Hugmyndir fólks um frið og öryggi skipta þó einnig miklu máli. Hverjar eru þær, hvernig álitur fólk öryggi sitt best tryggt og hvaða fórnir telur það sig geta fært svo friður verði tryggður? Álit almennings á þessu atriði vegur þungt þegar náin tengsl og samvinna við önnur lönd er til umræðu.

Efnistöð

Efnistöð munu styðjast við tilviksathugun. Ritgerðinni verður skipt í 5 meginkafla auk inngangs og niðurstöðukafla. Í fyrsta kafla verður fjallað um þann kenningarlega grunn sem alþjóðlegar stofnanir hafa verið byggðar á og lagður hefur verið til grundvallar af hálfu neoliberal-institutionalisma. Fjöldi alþjóðastofnana hefur vaxið hröðum skrefum með stóraukinni alþjóðasamvinnu og tengingum milli ríkja. Undirliggjandi hvati er viðleitni ríkja til að halda innbyrðis frið og setja hverju öðru viðunandi hegðunarskorður. Eins og rauður þráður í þróun ríkjasamvinnu og stofnun alþjóðlegra bandalaga liggur öryggishugtakið; hvernig geta ríki best tryggt öryggi sitt? Markmið með þessum fyrsta kafla er að öðlast betri skilning á því sem liggur að baki stofnunum alþjóðastofnana og hvað vakir fyrir ríkjum með slíkri samvinnu.

Í öðrum kafla verður fjallað um þann grunn sem lagður var í alþjóðlegri réttvísi með stofnun ICTY. Stofnun hans er fyrir marga hluta sakir athyglisverð og sú arfleifð sem hann mun skilja eftir sig í formi þéttari lagasetninga hefur styrkt mjög þann grunn sem alþjóðlegir dómstólar geta nú starfað á. Leiða má að því getum að með störfum sínum hafi dómstólum tekist að ryðja brautina og stuðla að stofnun annarra óháðra stríðsglæpadómstóla. Ekki voru öll ríki á eitt sátt við stofnun hans

og sýndist sitt hverjum. Þannig blandaðist sérhagsmunagæsla ríkjanna í aðdraganda stofnunar hans en þrátt fyrir erfiða fæðingu virðist dómstólnum hafa tekist að tryggja sjálfstæði sitt og auka tengsl milli ríkja.

Í þriðja kafla verða ákærur ICTY á hendur Ante Gotovina skoðaðar og þær bornar saman við ákærur dómstólsins á hendur alræmdum stríðsglæpamanni; Radovan Karadžić. Framsal stríðsglæpamanna og samstarfsvilji við alþjóðlega dómstóla hefur verið settur sem skilyrði af hálfu Evrópusambandsins fyrir mögulegri aðild. Hverjar voru ákærur ICTY á hendur Gotovina? Voru þær frábrugðnar ákærum á hendur Karadžić? Af hverju fékk Karadžić að ganga laus í allan þennan tíma þrátt fyrir að alþjóðasamfélagið hefði haft alla burði til að handsama hann löngu fyrr? Um þetta verður fjallað í þriðja kafla ritgerðarinnar.

Fjórði kafli fjallar um framsal Gotovina og þá mögulegu þýðingu sem framsal hans hefur á inngöngu Króata í Evrópusambandið. Ljóst er að aðildarferli Króata tók mikinn kipp við framsal hershöfðingjans og er það í samræmi við yfirlýsingar ESB um forsendur aðildar. Verður aðild Króata að sambandinu hraðað nú þegar þeir hafa sýnt umtalsverðan vilja til samvinnu? Óumflýjanlegt er þó að varpa upp fleiri flötum framsals Gotovina. Viðbúið er að skiptar skoðanir séu meðal króatísku almennings um réttmæti framsalsins. Gotovina nýtur töluverðs stuðnings í heimalandinu og er af mörgum álitinn þjóðhetja. Hann var skipuleggjandi og höfuðpaur að gagnárás Króata „*Stormur*“ (e. *Operation Storm*) gegn árásarliði Serba sem sneri stríðsgæfunni Króötum í vil. Mörgum Króötum kann að finnast Evrópusambandið sýna Króatíu óbilgirni með skilyrðum um samvinnu í framsalsmálum. Eigi aðild landsins að sambandinu að ganga snurðulaust fyrir sig, er brýnt að samstaða ríki meðal almennings. Aðildarferlið þarf að eiga sér samsvörun í sjálfsmynd þjóðarinnar því ella er hætt við að frekari samruni við önnur lönd Evrópu verði skrykkjóttur. Til að öðlast betri skilning á afstöðu óbreyttra, króatískra borgara verður nauðsynlegt að afla frekari vitneskju með viðtölum.

Nátengt efni fjórða kafla verður viðfangsefni þess fimmta og síðasta. Öryggi er öllum nauðsynlegt, bæði stjórnvöldum ríkja sem og hinum almenna þegn. Nýverið gekk Króatía í NATO og hefði sá atburður út af fyrir sig þótt tíðindum sæta fyrir

nokkrum árum. Hvernig álitur hinn almenni borgari í Króatíu að öryggi hans sé best tryggt? Hvaða fórnir telur almenningur sig þurfa að færa til að tryggja öryggi sitt? Þjóð, sem hefur lifað af blóðsúthellingar og þjáningar hlýtur að vera í mun að tryggja sinn hag til framtíðar. Telur fólk að slíkt öryggi sé að finna í faðmi Evrópusambandsins og auknum samruna?

Í yfirstandandi samruna Evrópu er áriðandi að stjórnvöld sýni mikla aðgát og einnig fólkið sem þjóðina byggir. Eigi róttækar breytingar á ásýnd þjóðar að ganga eftir er nauðsynlegt að sjálfsmynd hennar leyfi slíkar breytingar.

ALÞJÓÐASTOFNANIR

Stríðið milli landa fyrrum Júgóslavíu braust út síðla árs 1991 í kjölfar sjálfstæðisyfirlýsingar Króatíu. Fljótlega fóru umheiminum að berast fregnir af fangabúðum Serba þar sem grunur lék á að fram færu skipulegar þjóðernishreinsanir. En það voru fleiri einstaklingar frá öðrum hlutaðeigandi ríkjum sem gerðust brotlegir við alþjóðalög. ICTY ákærði fólk frá öllum löndum skagans fyrir stríðsglæpi og krafðist framsals þess en oft með litlum árangri. Þeirra á meðal voru Serbarnir Slobodan Milošević, Radovan Karadžić og Ratko Mladić að ógleymdum Króatanum Ante Gotovina sem var ákærður árið 2001. Erfiðleikar dómstólsins við að fá hina ákærðu framselda opinberuðu ákveðinn veikleika í alþjóðakerfinu sem þurfti að finna lausn á; verkfæri til að tryggja löghlýðni ríkja. Með aðstoð Evrópusambandsins tókst að lokum að finna rétta agnið sem dugði til að knýja fram viðunandi samstarfsvilja. Þetta hefði verið ógjörningur ef alþjóðastofnana hefði ekki notið við. Jafnvel væri hægt að fullyrða að með sameinuðum kröftum Evrópusambandsins og ICTY hafi styrkari stoðum verið rennt undir alþjóðaréttvísi þar sem alþjóðlegum stríðsglæpadómstólum hefur fjölgað í kjölfar stofnsetningar ICTY og sjálfstæði þeirra jafnframt aukist. Markmið þessa kafla er að varpa ljósi á tilurð alþjóðastofnana og þann kenningarlega grunn sem lagður hefur verið til grundvallar starfsemi alþjóðastofnana undangengna áratugi. Fjallað verður um ástæður að baki stofnunar alþjóðastofnana og hvað vakir fyrir ríkjum með slíkri samvinnu.

Grunnur samvinnu

Frá lokum heimsstyrjaldarinnar síðari hefur alþjóðlegum stofnunum og samtökum fjölgað mjög enda ber flestum saman um að slík samvinna milli landa sé

nauðsynleg og tryggi öryggi og velsæld öðru fremur.⁶ Alþjóðastofnanir hafa reyndar verið til allt frá 19. öld en upphaflega voru þær hluti stjórnmálalegra tengsla milli landa en ekki sjálfstæðar einingar eins og nú þekkest. Það var því óhjákvæmilegt að þær drægju beinlínis taum valdhafanna sem setti alla starfsemi þeirra í ákveðið samhengi.⁷ Þetta átti þó eftir að breytast, sér í lagi eftir lok seinni heimsstyrjaldar.

Nú á tímum eru alþjóðlegar stofnanir ýmist undir stjórn milliríkjavalds (*e. Intergovernmental organizations; IGO*), yfirþjóðlegar milliríkjastofnanir (*e. Supranational organizations*)⁸ eða sjálfstæðar, óháðar stofnanir (*e. Nongovernmental organizations; NGO*). Þær síðasttöldu áttu eftir að koma mjög við sögu stríðsins á Balkanskaga og áttu öðrum fremur stærstan þátt í að beina augum umheimsins að voðaverkum styrjaldarinnar með dyggri aðstoð fjölmiðla.⁹ Hér verður ekki fjallað um sjálfstæðar stofnanir en sjónum beint að alþjóðlegum milliríkjastofnunum, grunni þeirra, uppbyggingu og framvindu. Ástæða þess er að stækkun og dýpkun Evrópusambandsins hvílir að miklu leyti á alþjóðastofnunum sem mynda vettvang og samskiptagrunn milli landa. Fyrir þeirra tilstilli hefur alþjóðavæðing fengið byr í seglin en ekki síst hefur alþjóðleg réttvísi og gagnvirkar lagasetningar aukið samvinnumöguleika ríkja. Það atriði vegur einna þyngst í þeim aukna slagkrafti sem Evrópusambandið hefur öðlast og er jafnframt afar mikilvægur liður í vaxandi lög- og réttargæslu alþjóðasamfélagsins. Þótt alþjóðasamskipti sem slík kunni að eiga sér aldalanga sögu er ljóst að í kjölfar tveggja heimsstyrjalda tóku öll samskipti milli landa nánast stökkbreytingu.

Lýðræðishugsjón Þjóðabandalagsins

Í gegnum tíðina hafa ýmsar tilraunir til sameiningar ríkja verið gerðar en flestar runnið út í sandinn enda studdust þær allar við svipaðar hápólítískar aðferðir með hervaldi. Nægir þar að minna á árangurslausar tilraunir Bonaparte, Bismarcks og

⁶ Bennett, A.L. & Oliver, J. K. 2002. *International Organizations*. Bls. 2.

⁷ Bennett, A.L. & Oliver, J. K. 2002. Bls. 1.

⁸ Í þessari ritgerð verða notuð orðin alþjóðastofnun og/eða milliríkjastofnun, óháð stjórnarfyrikomulagi viðkomandi stofnunar.

⁹ Hazan, P. 2004. *Justice in a Time of War*. Bls. 12.

jafnvel Hitlers. Ljóst varð því að annarra leiða var þörf. Stofnun Þjóðabandalagsins eftir lok fyrri heimsstyrjaldar markaði á vissan hátt tímamót í alþjóðasamvinnu því þótt bandalagið hafi ekki lifað af stjórn málaumrót síns tíma þá er stofnun þess fyrir margra hluta sakir merkileg og skiptir máli fyrir þá þróun sem á eftir kom.

Þjóðabandalagið var fætt af hugsjón lýðræðissinnans Woodrow Wilson, þáverandi Bandaríkjaforseta, sem áleit lýðræði langtum vænlegra til að tryggja frið en aðrir stjórnunarhættir.¹⁰ Rannsóknir hafa enda sýnt að ríki sem hafa lýðræði í hávegum og ástunda lýðræðislega stjórnunarhætti eru töluvert líklegri til að halda frið sín á milli en önnur. Í því sambandi má benda á að frá 1789 hafa engar styrjaldir verið háðar milli sjálfstæðra ríkja sem stýrt er af lýðræðislega kjörnum fulltrúum.¹¹ Það þýðir þó ekki að lýðræðisríki geti ekki átt í ófriði við önnur lönd, eins og dæmin sanna. Það þýðir heldur ekki að lýðræði sé alls staðar eins. Skemmst er að minnast margra ríkja fyrrum austan járnþjalds eða í Mið-Austurlöndum þar sem lýðræði ríkir í orði en tæplega á borði og almennir stjórnarhættir brjóta verulega í bága við viðurkenndar reglur lýðræðis.¹²

Þjóðabandalagið byggðist á göfugri hugsjón lýðræðis og jafnræðis ríkja en liðaðist þó í sundur þegar á reyndi. Það sem reið baggamuninn var sú staðreynd að þrátt fyrir fögur fyrirheit aðildarríkjanna og sjálfsagt góðar meiningar margra þeirra, bjó bandalagið ekki yfir nokkru tæki til að skikka baldin ríki til að fara að settum reglum eða koma böndum yfir óásættanlega hegðun þeirra. Eina agaúrræðið sem bandalagið bjó yfir var dómstóll sem ætlað var að úrskurða í deilumálum. Öðrum ráðum hafði bandalagið ekki á að skipa og má færa fyrir því gild rök að á því skeri hafi Þjóðabandalagið að lokum steytt eins og Karen Mingst hefur bent á: „Stofnunin sjálf bjó ekki yfir þeim pólitíska þunga, lagalegu ráðum eða lögmæti til að fullna verkið.”¹³ 60 árum síðar glímdi ICTY í rauninni við sama vanda allt þar til Evrópusambandið lagðist á árárnar með dómstólnum í baráttu hans fyrir alþjóðaréttvísi.

¹⁰ Miller, L. 1999. The Idea and the Reality of Collective Security. Í Diehl, P. (Ritstj.). 2001. *The Politics of Global Governance: International Organizations in an Interdependent World*. Bls. 171.

¹¹ Mingst, K. A. 2004. *Essentials of International Relations*. Bls. 12-13.

¹² Úlfar Hauksson. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2005.

¹³ Mingst, K. A. 2004. Bls. 36.

Enn var tími víðtækra, alþjóðlegra og sterkra stofnana ekki runninn upp. Þrátt fyrir að Þjóðabandalagið sjálft yrði ekki langlíf er tilurð þess byggð á gildum sem hafa staðið tímans tönn og eru enn í dag uppistaðan í alþjóðasamvinnu. Einnig má vel leiða að því getum að stofnun Sameinuðu þjóðanna að aflokinni síðari heimsstyrjöld hefði ekki fengið jafngott brautargengi ef arfleifðar Þjóðabandalagsins hefði ekki notið við. Frá þeim sjónarhóli er framlag þess athyglisvert, ekki síður en skortur þess á tækjum til ögunar ríkja sem létu ófriðlega. Sú brotalöm vegur enn þungt í samvinnu ríkja þótt augskýlega hafi Evrópusambandinu tekist að hvetja ríki til hlýðni gegn vilyrði um aðild. Þetta sést vel þegar horft er til breyttar afstöðu króatískra yfirvalda gagnvart framsali Ante Gotovina, helsta hershöfðingja þeirra úr Balkanskagastríðinu, og nánar verður fjallað um síðar.

Realismi, lífseigur grunnur

Áður en lengra er haldið er nauðsynlegt er að fjalla um þann grunn sem síðari tíma samskiptakenningar draga dóm af og alþjóðastofnanir að hætti neoliberalisma byggja á beint og óbeint. Flestar kenningar alþjóðasamskipta teygja anga sína í hugmyndasmiðju horfinna heimspekimeistara.¹⁴ Sú er einnig raunin með tvo stærstu kenningastraumana sem ríkt hafa í alþjóðasamskiptum og verið leiðarljós helstu ríkja heims. Þar er annars vegar um að ræða realisma og hins vegar neoliberal-institutionalisma sem lituðu afstöðu ríkja í Balkanskagastríðinu og skipta miklu máli í framvindu málareksturs ICTY á hendur meintra stríðsglæpamanna.

Í lok fyrri heimsstyrjaldar ríkti ekki aðeins hryllingur og stríðsþreyta meðal almennings heldur einnig andrúmsloft vantrausts og spennu milli ríkja. Hver höndin var uppi á móti annarri og takmarkalítillítt tortryggni sveif yfir vötnum. Til að bæta gráu ofan á svart höfðu nýir, ógnvekjandi hugmyndastraumar byr undir báðum vængjum og skipuðu fólki og ríkjum í andstæðar, ósamrýmanlegar fylkingar. Afleiðingin var sú að heilindi milli ríkja voru lítil og þjóðirnar reyndu í ofboði að tryggja eigin hag og stöðu sína í alþjóðakerfinu með yfirgangi og

¹⁴ Cox, R. W. 1981. Social Forces, States and World Orders. Í Keohane, R. O. (Ritstj.). 1986. *Neorealism and Its Critics*. Bls. 211.

stórveldistilburðum. Í þessu grálynda andrúmslofti var viðbúið að kenningar realismans næðu góðri fótfestu enda er ekki ofsagt að utanríkisstefna stórveldanna tveggja¹⁵ hafi fram á þennan dag einkennst af realískum áherslum. Til þess að skilja betur viðbrögð ríkja við atburðarás í alþjóðasamskiptum, ekki síst á dögum Balkanskagastríðsins, verður hér dregin upp skissa af þeim grunni sem neoliberal-institutionalismmi byggir á; realisma.

Realisminn dregur upp skýra mynd af samskiptum ríkja á alþjóðavettvangi. Alþjóðastjórnsmál með augum realismans eru valdabarátta og hver er sjálfum sér næstur:¹⁶ „*Sagan sýnir okkur að virk ríki í alþjóðastjórnsmálum eru stöðugt að undirbúa sig fyrir, taka þátt í eða jafna sig á skipulögðu ofbeldi í formi styrjalda.*“¹⁷ Ekkert ríki er yfir annað sett og þar sem stjórnleysi ríkir í heiminum tíðkast að hver þjóð hugsi um eigin hag og gæti öryggis síns.¹⁸ Undir þunglyndislegu yfirbragði realismans eru línur tiltölulega skýrar. Í aðalhlutverki er ríkið sem heldur öllum þráðum í hendi sér með eigin hagsmuni að leiðarljósi. Maðurinn er vondur í eðli sínu og þess vegna þarf að gera ráð fyrir því að gjörðir hans og ákvarðanir séu það líka.¹⁹ Markmið realískra stjórnvalda er að tryggja hag ríkisins og þar eru áherslur á völdugan herafla í fyrirrúmi.²⁰ Traust milli ríkja er af skornum skammti og milliríkjasamvinna því marki brennd, eins og sést vel ef litið er til alþjóðastofnana sem hafa yfirbragð realískra áherslna og lúta sameiginlegri stjórn aðildarríkjanna.

Afstaða realista til milliríkjastofnana er rökrétt framhald kenninga þeirra og nægir að benda á einn frumkvöðul realismans, E. H. Carr, sem áleit að hætta á stríði, pólitískir hagsmunir og hrossakaup væru undirliggjandi drifkraftar allra alþjóðasamskipta og stofnana.²¹ Þannig hafa realistar löngum haldið því fram að varanleiki milliríkjastofnana sé býsna endasleppur vegna þess að ríki hugsi fyrst og

¹⁵ Þ.e. Bandaríkjanna og Sovétríkjanna.

¹⁶ Mingst, K. A. 2004. *Essentials of International Relations*. Bls. 199.

¹⁷ Keohane R. O. & Nye, J. 1977. *Power and Interdependence: World's Politics in Transition*. Bls. 23.

¹⁸ Mingst, K. A. 2004. Bls. 67.

¹⁹ Keohane, R. O. 1986. Neorealism and World Politics. Í Keohane, R. O. (Ritstj.). 1986. *Neorealism and Its Critics*. Bls. 11.

Keohane vitnar hér í Hans Morgenthau, einn helsta forvígismann realismans.

²⁰ Mingst, K. A. 2004. Bls. 66.

²¹ Keohane R. 1993. Í Baldwin, D. A. (Ritstj.). 1993. *Neorealism and Neoliberalism: The contemporary Debate*. Bls. 270

fremst um eigin hag og hagsmuni²² og neyti allra bragða til að viðhalda og tryggja sína stöðu í alþjóðakerfinu.

Ríki sem aðhyllast realískar hugmyndir hafa augljóslega litla tiltrú á milliríkjastofnunum. Þrátt fyrir það viðurkenna þau með semingi að slíkar stofnanir geti gagnast þeim sæmilega ef á þarf að halda.²³ Yfirstjórn alþjóðasamvinnu og alþjóðlegra stofnana er því ævinlega sett undir milliríkjastjórn þar sem áhrif realismans eru hvað mest og aðildarríkjunum þannig tryggð bein aðkoma að ákvarðantöku.²⁴ Þetta sýnist mörgum hægja á starfsemi alþjóðastofnana og jafnvel koma í veg fyrir möguleika til beinskeyttra íhlutana þar sem þeirra væri þörf. Gott dæmi um þetta eru Sameinuðu þjóðirnar sem gjalda sumpart fyrir þunglamalega ákvarðanatöku sem reynist þeim oft nokkur dragbítur. Þetta á ekki síður við þegar stórar ákvarðanir standa fyrir dyrum vegna þess að pólitískt hagsmunapot og eiginhagsmunamál ríkja blandast iðulega inn í slíka ákvarðanatöku. Eins og komið verður að síðar galt fyrsti stríðglæpadómstóll okkar tíma, ICTY, mjög fyrir pólitískan hráskinnssleik á upphafsdögum sínum. Þar toguðust á öndverð sjónarmið ríkja sem litu hvert sínum augum á stofnun sjálfstæðs alþjóðadómstóls.²⁵ Svo mikil voru átökin að við lá að dómstóllinn kafnaði í fæðingu strax á upphafsdögum hans enda má gera því skóna að sjálfstæði hans hafi þótt ógna hagsmunum ríkja sem kjósa helst að fara sínu fram án afskipta alþjóðaréttvísi.

Sem dæmi um aðra alþjóðastofnun sem lýtur milliríkjastjórn má nefna NATO sem hefur komið Sameinuðu þjóðunum og Evrópusambandinu að góðum notum sem útréttur hernaðararmur aðildarlandanna þar sem aðgerða hefur verið þörf.²⁶ Hlutverk NATO í lausn stríðsins á Balkanskaga var ómetanlegt að mati Richard Holbrooke, aðalsamningamanns Vesturlanda í stríðinu,²⁷ og markaði þáttaskil í starfsemi samtakanna. Þannig má segja að NATO hafi þar öðlast nýjan tilverugrunn sem betur verður fjallað um síðar í þessu riti.

²² Mingst, K. A. 2004. *Essentials of International Relations*. Bls. 311.

²³ Mingst, K. A. 2004. Bls. 192.

²⁴ Bennett, A. L. og Oliver, J. K. 2002. *International Organizations: Principles and Issues*. Bls. 62.

²⁵ Hazan, P. 2004. *Justice in a Time of War*. Bls. 34-35.

²⁶ Leggold, J. 1998. NATO's Post-Cold War Collective Action Problem. Í Diehl, P. (Ritstj). 2001. *The Politics of Global Governance: International Organizations in an Interdependent World*. Bls. 232-233.

²⁷ Holbrooke, R. 1999. *To end a War*. Bls. 28.

Stofnun Sameinuðu þjóðanna að undirlagi Bandaríkjamanna í stríðslok síðari heimsstyrjaldar markaði enn stærri tímamót en Þjóðabandalagið fyrrum. Ólíkt Þjóðabandalaginu hefur Sameinuðu þjóðunum yfirleitt tekist að sigla milli skers og báru stjórnmalanna og ekki verður annað séð en stofnunin hafi tryggt tilveru sína, ekki síst fyrir tilstilli afleiddra undirstofnana þeirra. En spyrja má hvort Sameinuðu þjóðirnar hefðu komist á legg ef þeim hefði ekki lagst til arfur Þjóðabandalagsins.²⁸ Ekki er fráleitt að hugsa sér að von Sameinuðu þjóðanna til langra lífdaga byggist einmitt að verulegu leyti ekki aðeins á markmiðum Þjóðabandalagsins, heldur einnig á vanköntum þess og vonbrigðum.²⁹ Með hliðsjón af breyskleika ríkja og tilhneigingu þeirra til að ota sínum tota þurfa alþjóðlegar milliríkjastofnanir að búa yfir meðulum sem duga til að aga ríki sem ekki hlíta reglum byggðum á samþykktum gildum og almennu siðgæði, ella hrekkur ásetningurinn harla skammt. Þar hefur hnífurinn löngum staðið í kúnni eins og ICTY komst að raun um.

Fjöldi undirstofnana Sameinuðu þjóðanna sýnir ljóslega viðleitni samtakanna til að staga í götin sem Þjóðabandalaginu tókst ekki að bæta. Ákvarðanir Öryggisráðsins hafa líka oft treyst stögin sem binda saman alþjóðasamvinnu³⁰ þótt um þær sýnist stundum sitt hverjum. Sú aðferð til ákvarðanatöku innan alþjóðlegra stofnana þar sem valdið er í höndum aðildarríkjanna sjálfra og einróma samþykki er krafist, hefur oft reynst starfsemi þeirra og skilvirkni erfiður Þrándur í götu. Vandinn er sá að fulltrúum ríkjanna hugnast lítt sú tilhugsun að undir yfirþjóðlegu valdi ráði hreinn meirihluti ákvarðanatöku og ríki geti verið neydd til aðgerða eða ákvarðana þvert gegn eigin vilja.³¹ Þetta atriði getur og hefur skipt miklu máli í erfiðum úrlausnarefnum þar sem innanríkisstjórnmal og hagsmunir aðildarlandanna kunna að stangast á.

Bölsýnar skilgreiningar realisma áttu vel við tíðaranda eftirstríðsáranna þar sem loft var lævi bandið og tilslakanir víðs fjarri. Í lok síðari heimsstyrjaldar varð mönnum þó ljóst að realísk stefna væri ekki sá gæfulegi grunnur sem alþjóð gæti

²⁸ Bennett, A. L. og Oliver, J. K. 2002. *International Organizations: Principles and Issues*. Bls. 45.

²⁹ Bennett, A. L. og Oliver, J. K. 2002. Bls. 43.

³⁰ Bennett, A. L. og Oliver, J. K. 2002. Bls. 60.

³¹ Mingst, K. A. 2004. *Essentials of International Relations*. Bls. 194.

byggt á heilbrigð samskipti né skapað veröldinni friðvænlegt umhverfi. Sú tortryggni sem í realískum sjónarmiðum felst hindrar beinlínis að stjórnvöldum slíkrar stefnumótunar líki vel að styrkja sjálfstæði milliríkjastofnana þar sem þau óttast að rýra möguleika sína til íhlutunar. Það var því ekki von til þess að uppbygging alþjóðastofnana fleygði fram fyrr en ný sjónarmið til andsvars höfðu rutt sér til rúms á sjötta áratug síðustu aldar. Frjósaman jarðveg nýrra hugmynda var að finna austan Atlantshafsins.

Neoliberal-institutionalism; grein af sama meiði

Í Evrópu fundu frjálslyndari viðhorf sér farveg þar sem neoliberal-institutionalism hefur valdið straumhvörfum. Þróun Evrópusambandsins hlýtur að sýnast verulega á skjön við tillögur og kenningar realismans og vera umhugsunarefni fyrir þá sem gæti staðið stuggur af sívaxandi yfirþjóðlegu yfirbragði bandalagsins. Þegar betur er að gáð má þó greina með þeim allnokkur líkindi.

Neoliberal-institutionalism sem hefur reynst alþjóðlegri samvinnu haldbetri en fyrri tilraunir, óx af sama meiði og realisminn. Þrátt fyrir að stefnan hafi upphaflega verið sett fram sem mótsvar við yfirgnæfandi áhrifum realismans í alþjóðasamskiptum, sækir hún samt ýmislegt til grundvallaratriða hans.³² Líkt og realisminn gengur þessi stofnanahyggja út frá því að alþjóðakerfið einkennist af stjórnleysi, ríki séu sérstakar og ráðandi einingar í alþjóðastjórnmalunum sem hegða sér og taka ákvarðanir út frá eigin hagsmunum.³³ Það sem skilur á milli eru áherslur neoliberalista á mikilvægi markaðar, efnahagslegra tenginga og samsvarandi stofnanabyggingu í stað mikilvægi heraflla.³⁴ Að mati neoliberalista eru nánari tengingar milli ríkja ekki aðeins besta leiðin til að tryggja frið heldur muni aukin stofnanabygging alþjóðasamfélagsins og samþykktir ríkjanna hafa bein

³² Boli, J. og Thomas, G. M. 1999. INGOs and the Organization of World Culture. Í Diehl, P. F. (Ritstj.). 2001. *The Politics of Global Governance: International Organizations in an Interdependent World*. Bls. 71.

³³ Keohane, R. O. 1986. Neorealism and World Politics. Í Keohane, R. O. (Ritstj.). 1986. *Neorealism and Its Critics*. Bls. 24.

³⁴ Mingst, K. A. 2004. *Essentials of International Relations*. Bls. 98.

áhrif á hegðun og ákvarðanir ríkjanna til frambúðar.³⁵ Þessar áherslur þarfnast nánari skoðunar.

Einn helsti forvígismaður og áhrifamaður neoliberal-institutionalisma er Robert O. Keohane sem álitur að sjóngler realismans spanni engan veginn flókna samþættingu ríkja í alþjóðasamvinnu, heldur einblíni á valdabaráttu og skipulegt ofbeldi milli ríkja.³⁶ Keohane vill draga þrjár ályktanir af realískum áherslum um viðvarandi hættu á ófriði.³⁷ Í fyrsta lagi séu ríki einingar sem eru ævinlega ráðandi aðilar í alþjóðastjórnámálum, en um leið séu þau samtengd og sitji því óhjákvæmilega beggja vegna borðsins. Í öðru lagi sé hervald ávallt valkostur og jafnframt áhrifaríkasta tækið til að framfylgja stefnu stjórnvalda þótt önnur úrræði standi þeim einnig til boða. Í þriðja lagi segir Keohane að realistar stilli viðfangsefni alþjóðstjórnamála upp í forgangsröð eða stigveldi þar sem öryggi ríkja er í fyrirrúmi. Í augum realismans sé hernaðarlegt öryggi hin „hörðu stjórnámál“ og beri að hafa í fararbroddi en efnahagslegt og félagslegt öryggi séu hins vegar „veik stjórnámál“ sem skipti minna máli fyrir hagsmunum ríkisins og gjaldi að ósekju fyrir það.³⁸ Í síðasttalda atriðinu kristallast ólíkar leiðir neoliberalismans og realismans vegna þess að bæði öryggisstefna og almenn stefna Evrópusambandsins draga mjög dóm af túlkun Keohane þar sem félagslegt og borgaralegt öryggi er í fyrirrúmi á kostnað beins hervalds.³⁹ Evrópusambandið varpar ekki fyrir róða mögulegri þörf beinna hernaðarihlutana en öryggisstefna sambandsins eftirlætur NATO beinar hernaðarlegar aðgerðir að mjög miklu leyti.⁴⁰

Ein helsta grundvallarkenning realistanna dregur upp ýkta mynd af alþjóðastjórnámálum þar sem pólitísk samvinna og samtvinnun vari einungis á meðan það þjóni hagsmunum hins valdamesta.⁴¹ Þessu sjónarhorni andmælir Keohane en hefur þess í stað dregið upp heimsmynd í þremur meginþáttum sem að

³⁵ Cupitt, R., Whitlock, R. og Whitlock, L. W. 1996. The (Im)mortality of International Governmental Organizations. Í Diehl, P. F. (Ritstj.). 2001. *The Politics of Global Governance: International Organizations in an Interdependent World*. Bls. 45.

³⁶ Keohane, R. O. & Nye, J. 1977. *Power and Interdependence: World Politics in Transition*. Bls. 23.

³⁷ Keohane, R. O. & Nye, J. 1977. Bls. 23–24.

³⁸ Keohane, R. O. & Nye, J. 1977. Bls. 24.

³⁹ Dinan, D. 2005. *Ever closer Union*. Bls. 585-586.

⁴⁰ Howorth, J. 2005. From Security to Defence. Í Hill, C. og Smith, M. (Ritstj.). 2005. *International Relations and the European Union*. Bls. 197.

⁴¹ Boli, J. og Thomas, G. M. 1999. INGOs and the Organizations of World Culture. Í Diehl, P. (Ritstj.) 2001. *The Politics of Global Governance: International Organizations in an Interdependent World*. Bls. 70-72.

hans mati lýsir mun betur uppbyggingu flókinna samskipta í innbyrðis tengdum heimi. Í fyrsta lagi álitur Keohane að margskonar leiðir séu fyrir hendi til að tengja samfélög og ríki, bæði óformleg eða formleg, s.s. fyrir tilstilli sjálfstæðra stofnana (NGO) eða þverþjóðlegra samtaka sem ríkin hafa sjálf stofnað til. Í öðru lagi segir Keohane að samskipti ríkja séu í eðli sínu margþætt og stjórnist af viðfangsefnunum sem er ekki raðað í neina fyrirfram gefna forgangs röðun. Það þýðir m.a. að hernaðarlegt öryggi skyggir ekki á aðra samskiptaþætti og þyrfti því ekki að verða frágangssök. Málefnið sjálf mynda samskiptalínurnar og þar með margskonar bandalög eftir atvikum. Í síðasta lagi álitur Keohane að úr því að samskipti á milli ríkja séu margþætt og hafi hvorki stigveldi né forgangs röðun þá minnki líkurnar á að ríki grípi til hervalds gegn öðrum ríkjum á því sviði eða svæði sem innbyrðis samskipti þeirra ná til.⁴²

Keohane bendir á að þótt öll ríki setji öryggi sitt og afkomu í öndvegi þá hefur öryggishugtakið orðið víðtækara á síðustu árum. Hervaldi sem slíku sé ekki lengur þess umkomið að mæta öllum hættum sem að samfélögunum getur steðjað og eru þeim jafnvel í mörgum tilfellum sameiginlegar. Gegn þessum ógnum má vinna með samstarfi og samþættingu en til þess þarf sameiginlegar stofnanir, lög og reglur. Því nánari tengsl, því meiri sameiginlegir hagsmunir, því víðtækari stofnanabygging og þeim mun meira öryggi. Keohane álitur m.ö.o. að alþjóðlegar stofnanir, innbyrðis tengingar og lagarammar séu sá möndull sem friðsamleg samskipti ríkja skuli snúast um. Sagan sýnist reyndar styðja þessi sjónarmið Keohane, um það bera friðsamleg samskipti lýðræðisríkja sem njóta sameiginlegra hagsmuna og deila öryggissamfélagi, gott vitni. Fylgjendur neoliberal-institutionalisma taka undir með realistum að í stjórnlausum heimi þar sem ekkert formlegt yfirvald er til staðar skapist vitanlega tækifæri fyrir átök, svik og pretti. Með samstarfi og samþættingu í gegnum stofnanir og samstarfssvið sé þó unnt að draga úr óvissu, fylgjast með hegðun og tengja saman hagsmunum aðildarlandanna.⁴³

Í stuttu máli má því segja að neoliberalistar séu ekki ósammála realistum um að heimurinn sé viðsjárverður staður þar sem ýfingar milli ríkja geti verið á næsta leiti.

⁴² Keohane, R. O. & Nye, J. 1977. *Power and Interdependence: World Politics in Transition*. Bls. 26–29.

⁴³ Keohane, R.O. 1993. Í Baldwin, D. A. (Ritstj.) 1993. *Neorealism and Neoliberalism: The Contemporary Debate*. Bls. 271–273.

Hins vegar eru þeir á öðru máli um leiðir til að varðveita friðinn. Alþjóðadómstólar og eftirlitsaðilar alþjóðasamfélagsins munu tryggja að allir fari að lögum og reglum og þau ríki sem kjósa að gera það ekki, fái makleg málagjöld. Annað meginhlutverk alþjóðadómstóla er að þétta lagaramma og þann grunn sem aðrar alþjóðastofnanir geta byggt á. Með því eykst styrkur og valdsvið stofnana og hnykkir enn frekar á samþættingu sameiginlegra reglna og gildismats eins og Evrópusambandið hefur raunar lagt mikla áherslu á.⁴⁴ Yfirþjóðleg stjórn alþjóðastofnana mun síðan færa þeim ákveðið sjálfstæði og möguleika á íhlutunum á þann hátt sem alþjóðastofnunum undir beinni milliríkjastjórn er tæpast kleift. Þegar Evrópusambandið tók höndum saman við ICTY og krafðist þess að lönd Balkanskagans beygðu sig undir tilmæli dómstólsins um framsal meintra stríðsglæpamanna, lagði sambandið með afstöðu sinni traustan stein í grunn alþjóðlegrar réttvísi og jók vonir um að alþjóðleg lög og regla yrðu betur virt en áður.

Leiðir til ögunar og aðhalds sem Þjóðabandalagið skorti svo sárlega forðum er í ljósi neoliberalisma að finna í sterkum, sameiginlegum markaði og þéttri, alþjóðlegri stofnanabyggingu. Skýrasta dæmið um framgang og framvindu neoliberal-institutionalisma er að finna í Evrópu þar sem Evrópusambandið trónir óneitanlega ofar öðrum alþjóðastofnunum.

Evrópusambandið, einstakt í sinni röð

Þótt þjóðir Evrópu séu misleitir eru ástæður þeirra fyrir samvinnu alls ekki svo ólíkar. Upphaf Evrópusamvinnunnar má rekja til loka síðari heimsstyrjaldar. Þrátt fyrir aldagamla sambúð ríkjanna hefur ófriður í Evrópu verið tíður og mannskæð átök milli þjóða algeng. Eftir stríðið var ljóst að öfgafullir hugmyndastraumar sem komnir voru úr böndunum voru alvarlegasta og djúpstæðasta ógnin við varanlegan frið í Evrópu. Þá varð að hemja með öllum tiltækum ráðum. Fljótlega varð ljóst að einhvers konar samband eða samruni álfunnar hlaut að vera svarið þótt ráðamenn þjóða greindi hugsanlega á um hvers konar eðli, dýpt og ásýnd slík samvinna skyldi

⁴⁴ Dinan, D. 2005. *Ever closer Union*. Bls. 290.

hafa. Ekki síst vegna þess að sömu átök og knúðu menn í friðarleit, ollu jafnframt vantrausti og tortryggni sem óhjákvæmilega litaði afstöðumun ráðamanna og orsakaði spennu milli ríkja.

Með stofnun Kola- og Stálbandalagsins árið 1951⁴⁵ var lagður grunnur að samvinnu og samruna í anda neoliberal-institutionalisma sem hefur síðan sjálfsagt vaxið langt umfram það sem Monnet og Schumann, réttnefndir feður Evrópusamvinnunnar, gat órað fyrir.⁴⁶ Vöxtur og viðgangur sambandsins hefur verið vægast sagt ótrúlegur og fjöldi undirstofnana geysilega mikill.

Keohane leggur áherslu á að stofnanir séu oftar en ekki settar á laggirnar vegna óvissu og árekstra fremur en vegna jákvæðrar samvinnuhugsunar. Það er margt til í þessari fullyrðingu. Þótt útgangspunktur Evrópusamvinnunnar hafi verið byggður á efnahagslegum forsendum af hálfu Monnet og Schuman var undirliggjandi hvati hennar brýn þörf fyrir öryggi. Það var engin tilviljun að hornsteinn nánari samvinnu var byggður á efnahagslegu mikilvægi Elsass-Lothringen svæðisins þar sem sköruðust ekki aðeins arðvænlegasta iðnaðarsvæði Þýskalands og Frakklands heldur var svæðið einnig miðstöð vopnaframleiðslu evrópsku stórveldanna og þrætuepli ríkjanna til margra alda.⁴⁷

Önnur athyglisverð ákvörðun var líka tekin með stofnun Kola- og stálbandalagsins þegar yfirstjórn þess var sett undir yfirþjóðlega stjórn, öndvert við t.d. milliríkjastýringu Sameinuðu þjóðanna.⁴⁸ Frá upphafi var Evrópusamvinnan því klárlega undir yfirþjóðlegu yfirbragði sem tryggði henni snöggum meiri og betri hreyfanleika og viðbragðsflýti en venjulegri alþjóðastofnun undir milliríkjastjórn. Síðar meir bar nauðsyn til að skipta málefnaflokkum sambandsins upp í mismunandi stólpa til að mæta kröfum ríkja sem sættu sig illa við yfirþjóðlega stjórn og ákvarðanatöku og undu því ekki að deila viðkvæmstu málefnum með öðrum aðildarlöndum.⁴⁹ Sú skipting málaflokka sýnist reyndar nálgast leiðarenda og blikur eru á lofti um enn nánari samvinnu og árangursríkara

⁴⁵ Dinan, D. 2005. *Ever closer Union*. Bls. 2.

⁴⁶ Dinan, D. 2005. Bls. 26-30.

⁴⁷ Dinan, D. 2005. Bls. 11-14.

⁴⁸ Dinan, D. 2005. Bls. 26.

⁴⁹ Dinan, D. 2005. Bls. 121. Með Maastricht-sáttmálanum 1992 var samstarfgrundvelli Evrópusambandsins skipt í þrjá stólpa eftir málaflokkum og stjórnast ákvarðanatökufæri hvers stólpa eftir málefnum, ýmist undir yfirþjóðlegri- eða milliríkjastjórn.

ákvarðanatökufærli þegar og ef nýr sáttmáli sambandsins verður fullgiltur í aðildarlöndunum.⁵⁰

Deilur og samvinna tvinnast gjarnan saman í pólitískum hrossakaupum og á stundum leiða slík samskipti til stofnanamyndunar.⁵¹ En það er ekki aðeins ágreiningur og óvissa sem rekur ríki til að tengjast öðrum í gegnum stofnanir. Neoliberalistar leggja áherslu á að án gagnkvæmra hagsmuna sé ólíklegt að stofnanir verði til. Eftir því sem samstarfsaðilum alþjóðastofnana fjölga aukast líkurnar á hlutfallslegum ávinningi allra samstarfsaðilanna. Auðveldlega er hægt að ímynda sér að sú sé að hluta til skýringin á fjöldi þeirra ríkja sem sækist eftir aðild að Evrópusambandinu.

Evrópusambandið hefur styrkt stöðu sína gagnvart umheiminum og með loforði til áhugasamra aðildarumsækjenda um aðgöngu að markaði sem tryggir væntanlega velsæld, hefur því tekist að beygja ríki til hlýðni. Þetta skiptir veigamiklu máli þegar málefni fyrrum Balkanlandanna eru skoðuð. Stríðið sem geisaði á Balkanskaganum var afar mannskætt. Það hafði afdrifaríkar afleiðingar víða um álfuna og opinberaði öðru fremur veikleika Evrópusambandsins sem fólst í skorti á sameinuðum herafla sem og pólitískum vilja til að skerast í þennan hildarleik. Líklega hefur þetta atriði öðru fremur ýtt undir áform Evrópusambandsins um að skerpa á utanríkismálastefnu sinni og möguleikum til hernaðaríhlutana með sérstökum hraðsveitum. Aðgerðaleyfi Evrópusambandsins í stríðinu varð sambandinu alvarlegur álitshnekkir⁵² og viðbúið að því væri í mun að reka af sér slyðruorðið þegar framsalsmál Ante Gotovina og félagar bar á góma og ICTY þurfti liðsauka með. Eðli málsins samkvæmt liggur helsti styrkleiki Evrópusambandsins í félagslegum og efnahagslegum málaflokkum í takt við neoliberalískar áherslur og nærtækast fyrir sambandið að bjóða króatískum yfirvöldum ávísun á aukna hagsæld í kjölfar væntanlegrar aðildar í skiptum fyrir þeirra helsta hershöfðingja og hlýðni við alþjóðaréttvísi.

Þótt fáum blandist hugur um að vöxtur Evrópusambandsins hafi aukið mjög styrk þess og vægi á alþjóðavettvangi, eru fleiri skýringar á eðli stofnanavaxtar

⁵⁰ Dinan, D. 2005. *Ever closer Union*. Bls. 574.

⁵¹ Keohane, R. O. 1984. *After Hegemony: Cooperation and Discord in the World Political Economy*. Bls. 51-55.

⁵² Holbrooke, R. 1998. *To end a War*. Bls. 28.

sambandsins sem nauðsynlegt er að gefa gaum. Þar kemur til skjala heimsmynd neofunctionalismans en sennilega eru útskýringar neofunctionalista þess best umkomnar að lýsa stofnanabyggingu Evrópusambandsins.⁵³ Hin vaxandi áræðni sem stofnanir sambandsins hafa sýnt bendir til að neofunctionalista hafi sitthvað til síns máls og áriðandi er að hafa skýringar þeirra hér til hliðsjónar.

Sívaaxandi stofnanabygging

Neoliberal-institutionalism gerir ráð fyrir að stofnanir taki breytingum og lagi sig nokkuð auðveldlega að breyttu umhverfi innan takmarka sem hagsmunir samstarfsaðilanna dragi. Þannig sé í rauninni líklegra að starfandi stofnanir þróist og taki að sér ný hlutverk en að nýjar stofnanir verði myndaðar.⁵⁴ Neofunctionalism, sem spratt upp úr jarðvegi functionalisma á 5. og 6. áratug aldarinnar, tekur dýpra í árinna. Þar er tekið undir með neoliberalistum um mikilvægi alþjóðlegra stofnana sem og um nauðsyn staðbundins valds í höndum þjóðlegra yfirvalda eftir svæðum.⁵⁵ En það hangir fleira athyglisvert varðandi starfsemi og eðli stofnana á þeirri spýtu. Að dómi neofunctionalista hafa stofnanir sem lúta yfirþjóðlegu valdi tilhneigingu til að mynda sjálfstæða tilveru þar sem hagsmunaaðilar ráða ferðinni í stað hefðbundinna ríkisstjórna. Þannig myndist í rauninni nýtt, óháð stjórnskipulag ofan og utan við þjóðlegt vald þar sem þegnarnir fara að lúta stjórn og ráðslagi stofnana þar sem hagsmunaaðilar sitja í öndvegi í stað ríkisyfirvalds áður.⁵⁶ Þessi skoðun er þeim mun athyglisverðari í ljósi yfirstandandi alþjóðavæðingar og jafnframt aukinnar stofnanamyndunar. Með stórauðnu flæði fólks, fjármuna og varnings milli landa sem hefur nánast máð út hefðbundin landamæri, má leiða að því líkur að alþjóðleg stofnanauppbygging feti í sömu fótspor og sjálfstæði þeirra aukist að sama skapi.

⁵³ Rosamond, B. 2000. *Theories of European Integration*. Bls. 50.

⁵⁴ Rosamond, B. 2000. Bls. 138.

⁵⁵ Rosamond, B. 2000. Bls. 200.

⁵⁶ Rosamond, B. 2000. Bls. 51-52.

Slíkt stofnanaveldi hefur að mati neofunctionalista þann óhjákvæmilega eiginleika að samruni á einum stað leiði til samruna á öðrum sviðum (*e. spillover*).⁵⁷ Þannig má með aðferðum neofunctionalista fullyrða að framgangur neoliberalíks markaðar hafi haft keðjuverkandi áhrif sem flæða yfir á aðra þætti þjóðlífs, bæði innan eigin landamæra sem annarra. Í samþættum, alþjóðavæddum heimi verða þessi áhrif enn meiri og víðtækari. Þrýstingur á fullvalda þjóðríki til að eftirláta stofnunum ákveðinn hluta af ábyrgðarverkum sínum,⁵⁸ magnast jöfnum höndum eftir því sem áhrif alþjóðlegra stofnana og samninga eykst.

Andstæðingar neofunctionalismans hafa gagnrýnt stefnuna fyrir að vera of Evrópumíðaða⁵⁹ í kenningasmíð sinni og ófæra um að lýsa samruna annars staðar frá almennu sjónarhorni. Engu að síður eru ákveðnir kraftar að verki í þeim samruna sem orðið hefur í Evrópu sem ekki er hægt að líta fram hjá.

Í fyrsta lagi er orðið ljóst að árangursríkur samruni ríkja í einum flokki hefur haft hvetjandi áhrif til samruna á öðrum sviðum. Þar má t.d. nefna að þótt samvinna landa Evrópu hafi framan af einungis verið bundin við efnahagslega hagsmuni aðildarríkjanna og sameiginlegan markað þá hefur slík samvinna skilað sér í auknum fjölda alþjóðlegra stofnana sem hafa lítið sem ekkert að gera með efnahagsleg atriði.⁶⁰

Í öðru lagi hefur uppgangur alþjóðlegra stofnana í sívaxandi samruna haft þær afleiðingar að hin ýmsu félagasamtök færa traust sitt yfir á yfirþjóðlegt vald þessara stofnana.⁶¹ Í vaxandi mæli skjóta félagasamtök og einstaklingar málum sínum til úrskurðar hjá Evrópudómstólnum og leggja úrskurðir hans aukinn þrýsting á stjórnvöld eða lögaðila í aðildarlöndunum um að fara að tilmælum dómstólsins. Þannig verður um keðjuverkandi áhrif að ræða með tilflutningi trausts af þjóðlegu yfirvaldi yfir á yfirþjóðlegt vald sem leggur ákveðnar skyldur, lagalegar og siðferðislegar, á þjóðlega valdið.⁶²

⁵⁷ Rosamond, B. 2000. *Theories of European Integration*. Bls. 59-60.

⁵⁸ Kristín Heimisdóttir. 2003. Stjórnarskrárbundið fullveldi Íslands. Grein sem birtist í Tímariti lögfræðinga í apríl 2003. Bls. 47.

⁵⁹ Rosamond, B. 2000. Bls. 60 og 158.

⁶⁰ Dinan, D. *Ever closer Union*. Bls. 319.

⁶¹ Rosamond, B. 2000. Bls. 145.

⁶² Kristín Heimisdóttir. 2003. Bls. 51.

Að lokum leiðir íhlutun yfirþjóðlegu stofnunarinnar til ákveðinnar einsleitni og samhæfingar sem aftur styrkir undirstöður viðkomandi stofnunar.⁶³ Í þessu sýnist Keohane sammála neofunctionalistum. Hann álitur að með auknum innbyrðis tengingum, sem eru óhjákvæmilegur fylgifiskur aukinnar stofnanabyggingar, feli slíkt stofnanaveldi í sér möguleika á nýrri gerð þjóðernisstefnu sem gengur þvert yfir náttúruleg landamæri og stjórnun ofar hefðbundnum stjórnvöldum.⁶⁴ Yfirþjóðlegar stofnanir virðast hafa sýnt frumkvæði sem hvetja til frekari samruna eftir því sem vexti þeirra vindur fram⁶⁵ og gildir þá einu hvort gagnrýnendur neofunctionalisma hafa rétt fyrir sér um áhrifamátt ráðandi stétta og hagsmunahópa innan slíkra stofnana eður ei.

Þegar styrjöldin í löndum fyrrum Júgóslavíu var á enda hafði Evrópusambandið stækkað og styrkst og nýir tímar voru framundan í sögu evrópsks samruna. Evrópusambandið ákvað að bjóða löndum Balkanskagans aðild að uppfylltum skilyrðum ICTY og er ekki ofmælt að samstarfsvilji landanna hafi fram að því verið í lágmarki.⁶⁶ Ákvörðun Evrópusambandsins um að veita dómstólnum liðstyrk var athyglisverð og má velta fyrir sér hvað hafi vakað fyrir sambandinu með því að ganga nú rösklega fram fyrir skjöldu réttlætisins. Aðgerðaleysi Evrópusambandsins í Balkanstríðinu hafði verið viðbrugðið og þótti sambandinu til mikils vansa. Það var hins vegar ekki með öllu til einskis því eins og Geoffrey Edwards hefur fullyrt, þá varð þessi ávirðing Evrópusambandsins ekki aðeins ákveðinn bautasteinn á leið þess að sameinaðri öryggisstefnu (e. *European Security and Defence Policy*) heldur varð hún jafnframt til þess að móta samstillta stefnu aðildarríkjanna gagnvart löndum Balkanskagans í heild.⁶⁷ ICTY hafði lengi barist fyrir því að alþjóðasamfélagið léti sig ákærur hans varða og legðu honum lið við að fá ákærða stríðsglæpamenn framselda. Louise Arbour, fyrrverandi aðalsaksóknari ICTY, gekk hart fram við Öryggisráð og Allsherjarþing Sameinuðu

⁶³ Rosamond, B. 2000. *Theories of European Integration*. Bls. 181.

⁶⁴ Andreatta, F. 2005. Theory and the European Union's International Relations. Í Hill, C. og Smith, M. (Ritstj.). 2005. *International Relations and the European Union*. Bls. 30. Hann vitnar í Robert O. Keohane og Joseph Nye.

⁶⁵ Rosamond, B. 2000. Bls. 127.

⁶⁶ ICTY. Heimasíða. International Tribunal issues first indictment dealing with Bosnian-Serb victims.

⁶⁷ Edwards, G. 2005. The Pattern of the EU's Global Activity. Í Hill, C. og Smith, M. (Ritstj.). 2005. *International Relations and the European Union*. Bls. 47.

þjóðanna um að samtökin beittu sér fyrir því að farið væri að tilmælum dómstólsins, en róðurinn var óneitanlega þungur.⁶⁸

Háttsettasti einstaklingurinn sem dómstóllinn hafði ákært var Slobodan Milošević sem var framseldur 28. júní 2001 og nánar verður minnst á síðar. Evrópusambandinu virtist framsal forsetans fyrrverandi mikill ávinningur fyrir alþjóðaréttvísi og glaðbeitt viðbrögð framkvæmdastjórnarinnar gáfu vonir um að vegur lýðræðis og réttlætis í löndum gömlu Júgóslavíu yrði ekki jafn grýttur og áður.⁶⁹ Augljóst má telja að sú ákvörðun Evrópusambandsins að hjálpa ICTY til að fá Gotovina framseldan, hafi öðrum þræði verið liður í samhæfingarstefnu sambandsins gagnvart Balkanskaganum en ekki síður kjörin leið til að styrkja þá sjálfsímynd sem Evrópusambandið hefur kappkostað að halda á lofti; holdgervingur einingar, samstöðu og eindrægni ólíkra þjóða.⁷⁰ Í ofanálág má vel ímynda sér að Evrópusambandið hafi álitid að samstarf við ICTY myndi styrkja alþjóðlega stofnanabyggingu og réttvísi og verða þannig einsleitni aðildarlandanna mikill akkur. Það hefði skotið mjög skökku við hefði Evrópusambandið í aðra röndina sett umsóknarríkjum margs konar skilyrði um heilbriggt lýðræði og grundvallað réttarfar⁷¹ en sæti sjálft hjá í baráttunni fyrir alþjóðaréttvísi. Skömm Evrópusambandsins gagnvart löndum Balkanskagans var ærin fyrir og tímabært að hrista af sér doðann.

ICTY gaf út ákæru á hendur hershöfðingjanum Ante Gotovina árið 2001 en allt til ársins 2005 gekk Gotovina laus þrátt fyrir eindregnar kröfur dómstólsins um framsal hans til dóms og laga. Fyrir liggur að skilyrði fyrir því að Evrópusambandið tæki aðildarumsókn Króata til umfjöllunar hafi verið handtaka Gotovina⁷² enda tók aðildarferli Króatíu við það mikinn kipp. Svipaða sögu er hægt að segja um ákæru og framsal stríðsglæpamannsins frá Svartfjallalandi, Serbans Radovan Karadžić, sem var jafnframt einn helsti samverkamaður Milošević. Þegar hér er komið sögu sýnist innganga Króatíu í Evrópusambandið innan seilingar og Serbía hefur sýnt frekari tilburði til samvinnu með framsali

⁶⁸ Hazan, P. 2004. *Justice in a Time of War*. Bls. 91-92.

⁶⁹ Evrópusambandið. Heimasíða. Handover of Mr. Milošević – Reaction of The European Commission.

⁷⁰ Evrópusambandið. Heimasíða. The Symbols of the EU.

⁷¹ Dinan, D. 2005. *Ever closer Union*. Bls. 147-148.

⁷² Evrópusambandið. Heimasíða. The European Union opens accession negotiations with Croatia.

Karadžić gegn vilýrði um aðild. Ekki verður annað séð en að Evrópusambandið hafi hér ekki aðeins dottið niður á kærkomið ögunarúrræði heldur hafi sambandið einnig verið sjálfu sér samkvæmt varðandi framsal stríðsglæpamanna. Sívaxandi stofnanabygging Evrópusambandsins vegur hér þungt og ljáir sambandinu þann skriðþunga sem þurfti til að tryggja framgang alþjóðlegrar réttvísi.

Sú mynd sem dregin er upp hér að framan af neoliberal-institutionalisma og útlistingum neofunctionalisma lýsir vel þeim ytri ramma sem flestar kenningar um milliríkja- og stofnanasamskipti í alþjóðasamskiptum hafa á síðustu áratugum fallið inn í, en þó sér í lagi Evrópusambandið.⁷³ Fjöldi alþjóðastofnana hefur margfaldast frá eftirstríðsárunum. Þær ná yfir mun víðtækari alþjóðleg svið og hefur verið falin umsjón með stöðugt mikilvægari málefnum á alþjóðasviðinu sem hefur fært þeim aukið stofnanalegt sjálfsforræði. Um þetta er ekki ágreiningur. Alþjóðastofnanirnar hafa þannig ekki einungis skapað nýja vídd í samskiptum ríkja heldur ekki síður beint sjónum ríkja að ávinningi heildarinnar og um leið minnkað áherslu þeirra á eigin ávinning. Sumir vilja jafnvel ganga svo langt að segja stofnanabyggingu þannig hafa skapað þær aðstæður að ekki sé lengur þörf á ráðandi stórveldi til að halda alþjóðakerfinu eða uppbyggingu þess saman.⁷⁴

Alþjóðlegir samningar

Við lok kalda stríðsins óx kenningum neoliberalisma fylgi eins og fram hefur komið. Fjölgaði alþjóðlegum stofnunum mjög sem og lagasetningum sem áttu að grípa inn í þar sem þjóðlegum yfirvöldum hafði brugðist bogalístin.⁷⁵ Allir sameiginlegir lagarammar og sáttmálar binda mjög hendur ráðamanna. Um leið og aðildarlönd milliríkjasamvinnu hafa undirgengist og undirritað alþjóðalög og samninga hafa ríkin skuldbundið sig til að fara að slíkum lögum. Þrátt fyrir að enn geti verið misbrestur á löghlýðni ríkja á alþjóðavettvangi þá er fyrirbúið að slíkar

⁷³ Nye, J. S. 1993. *Understanding International Conflicts: An Introduction to Theory and History*. Bls. 169-170 og 174-176.

⁷⁴ Keohane, R. 1993. Í Baldwin, D. A. (Ritsstj.) 1993. *Neorealism and Neoliberalism: The Contemporary Debate*. Bls. 285-286.

⁷⁵ Mazurana, D., Raven-Roberts, A., & Parpart, J. (Ritsstj.) 2005. *Gender, Conflict and Peacekeeping*. Bls. 83.

lagasetningar setji ríkjum á vissan hátt stólinn fyrir dyrnar og geri þeim erfiðara um vik að sýna nágrönnum sínum yfirgang.

Skýringin er fjölþætt. Í fyrsta lagi má segja að með því að setja sameiginleg lög og reglur hafi ríkin sett sér samskiptavettvang þar sem hægt er að hafa skoðanaskipti, auka skilning, leysa og afgreiða mál. Flestum ríkjum ber saman um nauðsyn þess að hafa slíkan vettvang, um það vitnar sá aragrúi alþjóðasamninga, stofnana og samtaka sem til hefur verið stofnað og hafa oft reynst ágætur vettvangur til að leysa ágreining milli ríkja. Einn heimildarmaður minn orðaði það svo að sameiginlegur vettvangur væri frumskilyrði þess að ólíkar þjóðir með ólíka reynslu og bakgrunn geti mæst á jafnréttisgrundvelli og lært að umgangast hverja aðra af tilhlýðilegri virðingu. Þannig stuðli þess konar vettvangur að auknum friði og öryggi auk þess að festa sameiginlegt gildismat betur í sessi.⁷⁶ Í innbyrðis tengdum heimi sem löngum hefur liðið fyrir krytur og átök milli ólíkra menningarsvæða, hlýtur sameiginlegt eða svipað gildismat að geta skipt sköpum og áhersla Evrópusambandsins á mikilvægi þess er því rökrétt.

Því til viðbótar er ljóst að alþjóðalög og samþykktir þrengja að ríkjum og setja þeim ákveðnar hegðunarskorður. Ríki sem hafa undirritað alþjóðalög eiga óhægara um vik að brjóta sömu lög, einfaldlega af því að það myndi rýra orðspor þeirra út á við og grafa undan virðingu þeirra í augum umheimsins. Slíkt hefði í för með sér að vægi þeirra á alþjóðavellinum biði hnekki og það finnst fæstum eftirsóknarvert. Síðast en ekki síst hafa innbyrðis víxláhrif ríkja tekið algjörum stakkaskiptum á undangengnum tveimur áratugum og því er ljóst að sá farvegur sem alþjóðlegar stofnanir mynda mun aðeins dýpka héðan af. Alþjóðasamvinna er þannig straumþungt ferli sem ekki verður stöðvað svo glatt. Í mörgum tilfellum veita alþjóðalög og reglur yfirgripsmikið umboð sem yfirskyggir annars konar réttarfar aðildarlandanna sjálfra ef og þar sem ágreiningur kann að rísa.⁷⁷ Hröðum skrefum stálpast alþjóðastofnanabygging og sækir fast að þjóðlegu valdi.

Hér hefur verið leitast við að sýna fram á að hvati til stofnunar Evrópusambandsins eru tilraunir ríkja til að halda innbyrðis frið og setja hverju

⁷⁶ Viðtal við heimildarmann í íslensku utanríkisþjónstunni sem nýtur nafnleyndar. Tekið í sept. 2008.

⁷⁷ Kristín Heimisdóttir. 2003. Stjórnarskrárbundið fullveldi Íslands. Grein sem birtist í Tímariti lögfræðinga í apríl 2003. Bls. 52.

öðru viðunandi hegðunarskorður. Aðild ríkja að sambandinu hefur verið skilyrt af hálfu þess með kröfum um efnahagslegar og lýðræðislegar úrbætur sem og hlýðni við alþjóðalög. Sú kröfugerð kallar óhjákvæmilega á útvíkkun dómskerfis sambandsins til að tryggja að lögin séu virt. Ágæt samvinna hefur verið milli stofnana Sameinuðu þjóðanna og Evrópusambandsins þegar málefni Balkanskagans koma til umræðu og má benda á að aðildarlönd Sameinuðu þjóðanna hafa gert með sér samninga um að fullnustu dóma þeirra einstaklinga sem dæmdir eru fyrir stríðsglæpi hjá ICTY. Dæmdir stríðsglæpamenn úr löndum fyrrum Júgóslavíu gista fangelsi um allan heim og má þar t.d. nefna Biljónu Plavšić, annan tveggja forseta Bosníu-Serba og náinn samverkamann Karadžić, sem tekur nú út sinn fangelsisdóm í Svíþjóð.⁷⁸

Líkur eru á að mikilvægi alþjóðlegra stofnana og dómstóla muni enn færast í aukana eftir því sem alþjóðavæðingu og milliríkjasamvinnu fleygir fram og tengingar milli ríkja og stofnana þéttast. Án aðkomu annarra alþjóðastofnana er afar ólíklegt að ICTY hefði tekist að fá stríðsglæpamenn framselda frá Balkanskagastríðinu sem hefði í rauninni kippt fótunum undan starfsemi hans. Hvað varðar aukin viðurlög við glæpum gegn mannkyni og stríðsglæpum hefur framlag ICTY skipt sköpum í alþjóðaréttvísi. Stofnun hans markaði stór tímamót og þótt ríkin hafi hugsanlega verið tvístígandi um réttmæti tilvistar hans hefur dómstóllinn rutt brautina fyrir aðra alþjóðadómstóla og styrkt lagalegan og stofnanalegan grunn alþjóðasamvinnu í heild. ICTY er því fyrir margra hluta sakir afar sérstæður og verður umfjöllunarefni næsta kafla.

⁷⁸ ICTY. Heimasíða. Biljana Plavšić transferred to Sweden to serve prison sentence.

STRÍÐSGLÆPADÓMSTÓLL Í MÁLEFNUM FYRRUM JÚGÓSLAVÍU - ICTY

Sá grunnur sem lagður var í alþjóðlegri réttvísi með stofnun ICTY er um margt merkilegur og sú arfleifð sem hann mun skilja eftir sig í formi þéttari lagasetninga hefur styrkt varanlega þann grunn sem alþjóðlegir dómstólar geta nú starfað á. Með störfum sínum hefur dómstólnum tekist að ryðja brautina og stuðla þannig að stofnun annarra, óháðra stríðsglæpadómstóla. Ekki voru öll ríki á eitt sátt um stofnun hans og sýndist sitt hverjum í takt við þær ólíkur stefnur sem ríkin aðhyllast og sagt var frá í kaflanum hér á undan. Þannig blandaðist sérhagsmunagæsla ríkjanna í aðdraganda stofnunar hans en þrátt fyrir erfiða fæðingu virðist dómstólnum hafa tekist að tryggja sjálfstæði sitt og bæta enn við tengingar milli ríkja.

Göfug hugsjón, brýn þörf

„*Ef við gætum ekki réttlætis, mun réttlæti ekki gæta okkar.*”⁷⁹ Þessi hugljúfu orð Francis Bacon frá öndverðri 16. öld lýsa vel hugsjón þeirra fjölmörgu sem hafa barist fyrir réttlátari veröld og minna á brýna nauðsyn þess að halda uppi lögum og reglu í heimi sem hefur smíðað sér sameiginlega laga- og regluramma. Gagnkvæmir hagsmunir og innbyrðis tengingar milli ríkja í skugga sívaxandi alþjóðavæðingar eykur stórlega þá þörf eins og fram kom í síðasta kafla. Þótt ríkin hafði aðhyllst mismunandi kenningarstrauma í stefnumótun sinni hefur samvinna milli landa stóraukist og stofnanabygging sömuleiðis. Slíkri alþjóðastofnanabyggingu fylgir óhjákvæmilega skýrari lagarammar og ákveðinn grunnur sem setur stofnanir og starfsemi þeirra í samhengi. Þar kemur til kasta

⁷⁹ Hartmann, F. 2007. *Paix et Châtiment*. Bls. 247.

alþjóðadómstóla sem hafa sitt annað hlutverk að styrkja og bæta lagalegan grunn fyrir þjóðir heims en ekki síst að forma viðurlög við lögbrotum.

Hugsjón Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi þegna kristallast í stofnsáttmála þeirra sem gerður var í von um betri tíma. Vilji þjóðanna til árangursríkrar samvinnu var augljós þrátt fyrir sársaukafulla fortíð aðildarlandanna. Því lá beinast við að stofna þyrfti alþjóðadómstóla til að viðhalda sameiginlegum lögum og rétti. Alþjóðadómstóllinn í Haag er sá fyrsti sinnar tegundar og var stofnaður með stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna árið 1945.⁸⁰ Hlutverk hans nær aðeins til lagalegs ágreinings milli ríkja samkvæmt þjóðréttarlögum og ráðgefandi aðstoðar fyrir aðrar stofnanir samtakanna en ekki til sakargifta einstaklinga. Í lok stríðsins á Balkanskaga var ljóst að í fyrsta sinn síðan að aflokinni heimsstyrjöld var þörf á sérstökum dómstól til að rannsaka og dæma vegna meintra stríðsglæpi. Úr vöndu var að ráða því enginn dómstóll hafði lögréttu yfir þeim glæpum sem grunur lék á að hefðu verið framdir. Eina fyrirmyndin að stríðsglæpadómstól sem alþjóðasamfélagið hafði voru stríðsglæpadómstólarnir í Nürnberg og Tokyo þar sem þjóðirnar sem töpuðu stríðinu voru vegnar og dæmdar af sigurvegurunum. Engum sigurvegara var til að dreifa nú og má kannski segja sem svo að í rauninni hafi hér í fyrsta sinn verið tekin ákvörðun um að dæma á málefnalegan hátt vegna stríðsglæpa, á eins hlutlausan máta og hægt var. Í veröld þar sem ríki realískra og neoliberalískra sjónarmiða tókust á gat sú sigling orðið býsna háskaleg.

Óveðursský

Kommúnísk hugmyndafræði sem hafði haldið löndum Júgóslavíu saman í heljargreipum var í lok níunda áratugarins komin að fótum fram. Fall Berlínarmúrsins markaði endanleg lok kalda stríðsins og miklir frelsisvindar blésu um heiminn. Ein af annarri gripu þjóðirnar á Balkanskaga tækifærið og lýstu yfir sjálfstæði sínu í óþökk Serba sem höfðu raunar haft tögl og hagldir í yfirstjórn gömlu Júgóslavíu. Slóvenía lýsti yfir sjálfstæði sínu 25. júní 1991 og Króatía fylgdi

⁸⁰ Alþjóðadómstóllinn; International Court of Justice. Heimasíða.

í kjölfarið sama dag. Viðbrögð Serba voru ekki sérlega harkaleg gagnvart Slóveníu en öðru máli gegndi um Króatíu og Bosníu. Skýringin er sú að sárafáir Serbar voru búsettir í Slóveníu en á þessum tíma var fjöldi Serba í austanverðri Króatíu talinn allt að 18% og í Bosníu var mikill fjöldi íbúa sem voru ýmist Serbar, Bosníumenn eða Króatar. Áður en yfir lauk höfðu stríðsátökin breiðst út eins eldur í sinu innbyrðis milli allra þjóða skagans svo á stundum var erfitt að greina milli andstæðinga og samherja.

Í takt við aldagamlar, öfgafullar þjóðerniskenningar um „*Stærri Serbíu*” (e. *Greater Serbia*)⁸¹ sem áttu mjög upp á pallborðið í Serbíu, álitu Serbar lögboðinn rétt sinn að halda serbneskum yfirráðum yfir landsvæði þar sem bjó tiltekinn fjöldi Serba.⁸² Þannig vildi auk þess til að þessi hugmyndafræði fór ljómandi vel við einræðislega og úthugsaða stjórnunarhætti Milošević Serbíuforseta sem greip hvert tækifæri sem gafst til að efla serbneskra þjóðernishyggju.⁸³ Hann vílaði t.d. ekki fyrir sér að minna landa sína á 600 ára gamlan ósigur Serba fyrir Tyrkjum í Kosovo í því augnamiði einu að blása í glæður öfgafullrar þjóðerniskenndar serbnesku þjóðarinnar.⁸⁴ Þess vegna var viðbúið að átökin yrðu mest þar sem Serbar álitu rétt sinn ótvíræðan. Bandaríkjamenn höfðu haft pata af því að átök gætu verið í uppsiglingu stuttu áður en stríðið braust út en James Baker, þáverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna, var á þeirri skoðun að þetta kæmi þeim eiginlega ekkert við þar sem Bandaríkin „...ættu engan hund í þessum slag”.⁸⁵ Þar fyrir utan fannst honum liggja miklu beinna við að Evrópusambandið sjálft léti til sín taka á Balkanskaganum og sýndi hvers það væri megnugt.

Þessi afstaða bandaríska utanríkisráðherrans var vanhugsuð. Berlínarmúrinn var nýfallinn og sannleikurinn var sá að Evrópa hafði ekki stigið fram fyrir skjöldu sem eitt, sameinað afl í meira en hálfa öld án þess að hafa Bandaríkin sér til halds og trausts. Lausn stríðsástandsins í gömlu Júgóslavíu var Evrópusambandinu hreinlega ofviða eins og kom á daginn.⁸⁶

⁸¹ Perić, I. 1998. *A History of the Croats*. Bls. 234.

⁸² Answers.com.Greater Serbia.

⁸³ Drakulic, S. 2004. *They would never hurt a fly*. Bls. 129.

⁸⁴ Holbrooke, R. 1998. *To end a War*. Bls. 26.

⁸⁵ Holbrooke, R. 1998. Bls. 27.

⁸⁶ Holbrooke, R. 1998. Bls. 28-29.

Fyrstu viðbrögð alþjóðasamfélagsins við stríðinu voru álíka fálmkennd. Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna setti vopnabann á öll lönd fyrrum Júgóslavíu árið 1991 en eins og Richard Holbrooke benti á, þá kom sú ákvörðun aðeins Serbum til góða en varð Króötum og Bosníumönnum jafnframt gífurlegt áfall. Ástæðan var sú að allur hergagnaforði og vopnaframleiðsla Júgóslavíu var þegar í eigu og umsjón Serba svo bæði Króatía og Bosnía voru á köldum klaka hvað herafli og hergögn varðaði. Vopnabannið vó því stórkostlega að möguleikum ríkjanna til að bera hönd fyrir höfuð sér. Eða eins og Paul Wolfowitz, þáverandi aðstoðarvarnarmálaráðherra Bandaríkjanna, áleit vopnabannið; „...*fullkomlega og herfilega ójafn leikur.*”⁸⁷ Breski utanríkisráðherra, Carrington lávarður, var gerður út af örkinni til að leita sátta eftir diplómátskum leiðum í anda áherslna Evrópusambandsins á mýkri útgáfu stjórnmalanna en án árangurs. Síðar gaf hann innfæddum þann dapurlega vitnisburð að hann hefði aldrei á sinni lífsfæddri ævi hitt aðra eins lygalaupa og íbúa Balkanskagans og árangur samningaumleitananna var eftir því.⁸⁸ Áfram mögnuðust rósturnar og stríðið breiddist hratt út um skagann.

Átökin sem fylgdu upplausn Júgóslavíu voru hroðalega óvægin og mannskæð. Talið er að stríðið hafi kostað 200.000 mannlíf og til viðbótar hafi 2 milljónir manna misst heimili sín og/eða farið á vergang.⁸⁹ Aðeins ári eftir að stríðið braust út bárust fréttir af útrýmingarþúðum Serba þar sem fjöldi bosnískra og króatískra borgara voru ýmist pyntaðir eða drepnir.⁹⁰ Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna hafði miklar áhyggjur af ástandinu. Fyrrverandi nefndarmaður hefur staðfest að nefndinni hafi allt frá upphafsdögum stríðsins borist aragrúi ábendinga um grimmdarverk Serba þótt einnig hafi borist skýrslur um meint harðræði af hálfu króatískra og bosnískra hermanna í garð serbneskra borgara. Eðli málsins samkvæmt fór meira fyrir skýrslum um voðaverk Serba en Króata eða Bosníumanna þar sem þeir fyrrnefndu höfðu bæði her og hergögn sem hinir höfðu tæpast enn sem komið var. Mannréttindanefndin lagði fast að Öryggisráði

⁸⁷ Holbrooke, R. 1998. *To end a War*. Bls. 30.

⁸⁸ Holbrooke, R. 1998. Bls. 30.

⁸⁹ Drakulic, S. 2004. *They would never hurt a fly*. Bls. 1. Rétt er að geta þess að fjölmörgum heimildum ber ekki fyllilega saman um endanlegt mannfali. Ýmsir halda því fram að stýrjöldin hafi kostað allt að 300.000 manns lífið og fjöldi veglausra sé allt að 2, 5 milljónum manns. Hér er stuðst við hófsömstu tölur.

⁹⁰ Hazan, P. 2004. *Justice in a Time of War*. Bls. 13.

Sameinuðu þjóðanna að bregðast við ástandinu en með vægast sagt litlum árangri.

91

Alþjóðasamfélaginu virtist í mun að halda sig til hlés og eftirláta Evrópu vandann. Sem dæmi um tvískinnungshátt stjórnvalda og tregðu þeirra til skerast í leikinn, má nefna að framan af var amerískum diplómötum uppálagt að strika orðið „þjóðarmorð“⁹² úr öllum ástandsskýrslum svo ekki væri hægt að ásaka Sameinuðu þjóðirnar um aðgerðaleysi.⁹³ Skýringin var sú að opinber vitneskja stjórnvalda um þjóðarmorð leggur þeim sjálfkrafa lagalega skyldu á herðar að bregðast við. Ef yfirvöld hefðu viðurkennt að þeim væri kunnugt um þjóðernishreinsanir Serba hefði þeim ekki verið stætt á aðgerðarleysi og orðið þannig sjálf brotleg við alþjóðalög og samninga.

Hins vegar leið ekki á löngu þar til yfirvöld þurftu að horfast í augu við staðreyndir. Á fundi um stríðsátökin sem haldinn var í Genf 1992 tók Lawrence Eaglesburger, fyrrverandi sendiherra Bandaríkjanna í Júgóslavíu, af öll tvímæli og lýsti því blákalt yfir að Milošević, Mladić og Karadžić væru allir stríðsglæpamenn.⁹⁴ Þetta framtak Eaglesberger, sem var talinn manna fróðastur um málefni Balkanskagans, er ekki síður óvenjulegt fyrir þær sakir að þegar hér var komið sögu umgengust ríkin þessa einstaklinga enn sem réttkjörna leiðtoga þjóða sinna og álitu þá sem slíka nauðsynlega þátttakendur í umleitunum um friðarsamninga.⁹⁵ David Owen og Cyrus Vance, sérlegir sendimenn Sameinuðu þjóðanna í Balkanlöndunum, voru gætnari í orðavali en ameríski starfsbróðir þeirra og lögðu ævinlega mikla áherslu á „sameiginlega siðferðislega sök“ allra þjóðanna⁹⁶ þótt legið hafi fyrir að Serbar hafi óumdeilanlega verið árársaðilinn. Hægt en örugglega varð þjóðarleiðtogum ljóst að diplómatiskar leiðir einar sér myndu duga skammt og undan beinum aðgerðum yrði ekki lengur vikist. Þegar við bættist gífurlegur þrýstingur af hálfu almennings, fjölmiðla og sjálfstæðra alþjóðasamtaka á borð við Human Right Watch og Medecins Sans Frontiers á

⁹¹ Viðtal við Francesco de Aguilar, fyrrverandi nefndarmann Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna. Tekið í janúar 2009.

⁹² Mingst, K. A. 2004. *Essentials of International Relations*. Bls. 301.

⁹³ Hazan, P. 2004. *Justice in a Time of War*. Bls. 13.

⁹⁴ Hazan, P. 2004. Bls. 30.

⁹⁵ Hazan, P. 2004. Bls. 32.

⁹⁶ Hazan, P. 2004. Bls. 32-34.

ríkisstjórnir aðildarlandanna og kröfur um íhlutun urðu æ háværi, varð þeim ekki lengur undankomu auðið.

Stofnun ICTY

Stofnun ICTY á sér ekki hliðstæðu í alþjóðasamvinnu og markaði algjör tímamót í alþjóðlegu lagaumhverfi.⁹⁷ Um það eru allir á einu máli, hvort heldur þeir sem voru henni fylgjandi eða andvígir. Ekki fyrr í mannkynssögunni hafði verið stofnaður sérstakur, alþjóðlegur dómstóll til að sækja stríðsglæpamenn til saka án þess að um væri að ræða sigurvegara gegn hinum sigraða eins og í Nürnberg. Síðan í lok heimsstyrjaldar hafði ekki verið talin þörf á stríðsglæpadómstól fyrr en nú, enda þóttu sannanir um stríðsglæpi á Balkanskaga ótvíræðar. Meginhugsjón dómstólsins hefur frá upphafi verið harla einföld; að ljá fórnarlömbum stríðsglæpa rödd og hefja réttlæti á ný til vegs og virðingar.⁹⁸ Antonio Cassese, annálaðasti forseti dómstólsins frá upphafi, orðaði það þannig að réttlæti væri óaðskiljanlegur hluti í ferli sáttargjörðar milli þjóða og órjúfanlegur þáttur í uppbyggingu friðsamlegra og eðlilegra samskipta. Án þess yrði engum varanlegum friði til að dreifa vegna þess að endurreisn réttlætis væri eina leiðin til að rjúfa hringrás ofbeldis og haturs.⁹⁹

Afstaða ICTY hvað varðar ákærur vegna stríðsglæpa er alveg skýr: Eitt skal yfir alla ganga og hver sem uppvis verður að stríðsglæpum samkvæmt skilgreiningum Genfarsáttmálans skal færður fyrir dómstólinn og hljóta sinn dóm. Louise Arbour, fyrrverandi aðalsaksóknari ICTY, sendi Belgrad þessi skilaboð á sínum tíma: „*Það er ekki um neina friðhelgi að ræða fyrir þá sem málið varða. Við fylgjum sönnununum eftir eins langt og þær bera okkur.*”¹⁰⁰

⁹⁷ Viðtal við Stefan Waespi, aðalsaksóknara í máli Gotovina hjá ICTY. Tekið í janúar 2009.

⁹⁸ ICTY. Heimasíða. Einkunnarorð dómstólsins.

⁹⁹ ICTY. Heimasíða. Statute.

¹⁰⁰ Hartmann, F. 2007. *Paix et Châtiment*. Bls. 17.

Réttað yfir stríðsglæpamönnum, réttur hlutur fórnarlamba

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti stofnun ICTY með ályktun nr. 827 í maí 1993.¹⁰¹ Boutros-Boutros Gali, þáverandi aðalritari, hafði forgöngu um stofnun dómstólsins að fenginni tillögu frá þýska utanríkisráðherranum Klaus Kinkel og lýsti því vongóður yfir að nú kæmst stríðsglæpamenn aldrei framur undan klóm alþjóðlegrar réttvísí.¹⁰² Sendiherra Frakka, Jean-Bernard Mérimée, tók í sama streng og sagði að stofnun stríðsglæpadómstólsins væri ekki aðeins réttlætismál fyrir fórnarlömbin heldur ekki síður liður í að tryggja alþjóðlega réttvísí.¹⁰³

Þótt tilgangur Öryggisráðsins með stofnun dómstólsins hafi í aðra röndina verið göfugur er ljóst að skiptar skoðanir voru meðal ríkjanna og væntingar þeirra blendnar. Inn í fæðingarhríðir ICTY blönduðust einnig óumflýjanlega flókin og margþætt hagsmunamál ýmissa aðildarlanda Sameinuðu þjóðanna sem áttu sér langa sögu stjórnmalalegra ítaka og áhrifa á Balkanskaganum. Serbar höfðu notið stuðnings Frakka¹⁰⁴ frá dögum síðari heimsstyrjaldar og þess vegna voru frönsk stjórnvöld upphaflega mótfallin stofnun ICTY sem þeim fannst settur til höfuðs Serbum.¹⁰⁵ Þjóðverjar voru á hinn bóginn hallir undir málstað Króata sem sumpart má rekja til samvinnu ríkjanna í síðari heimsstyrjöld. Þeir höfðu lagt ofurkapp á að Evrópuríkin viðurkenndu sjálfstæði Króatíu 1991 og fylgdu þar reyndar íslensku fordæmi.¹⁰⁶ Rússar voru sömuleiðis yfirlýstir samherjar Serba og aðhylltust svipaða utanríkisstefnu realismans og Bandaríkjamenn þótt með kommúnískum formerkjum væri. Augljóslega voru ríkin ekki á eitt sátt um hversu langt skyldi gengið í réttlætisleit alþjóðaréttvísinnar.

Bandaríkjamenn voru sinni realísku stefnu trúir og því andsnúnir áformum um sjálfstæðan dómstól sem gæti hugsanlega snúist gegn þeim sjálfum. Þeir litu hornauga allar hugmyndir um alþjóðlegan glæpadómstól sem gæti mögulega gert

¹⁰¹ ICTY. Heimasíða. Ályktun Öryggisráðsins nr. 827.

¹⁰² Hazan, P. 2004. *Justice in a Time of War*. Bls. 7.

¹⁰³ Hazan, P. 2004. Bls. 7.

¹⁰⁴ Mingst, K. A. 2004. *Essentials of International Relations*. Bls. 205.

¹⁰⁵ Hazan, P. 2004. Bls. 15.

¹⁰⁶ Perić, I. 1998. *A History of the Croats*. Bls. 245.

athugasemdir við hernaðarlegar íhlutanir Bandaríkjanna víða um heim og hefðu því sennilega heldur kosið að komast hjá stofnun ICTY.¹⁰⁷ Trúlega hefur ýmsa rennt í grun það sem síðar kom á daginn, að kæmist þessi sjálfstæði dómstóll á legg væri ógjörningur að koma í veg fyrir að fleiri hans líkar fylgdu í kjölfarið. Sú hefur enda orðið raunin því fleiri stríðsglæpadómstólar hafa verið stofnaðir án þeirra byrjunarerfiðleika sem ICTY mætti.

Michael Scharf hjá Washington Post hafði efasemdir um raunverulegan tilgang Öryggisráðsins með stofnun ICTY. Hann segir engan vafa leika á því að meðan á samningaviðræðum vegna ICTY stóð hafi ákveðnir aðilar innan Öryggisráðsins litið á dómstólinn sem ljón í vegi friðarumleitana við Milošević og Karadžić. Bandaríkin höfðu forystu um samningaviðræðurnar við félagana og voru ekki alveg á þeim buxunum að gefast upp, því þótt Holbrooke hafi efast um heilindi Milošević þá óttuðust menn að hann væri samt skásti kosturinn í bili í þeirri vargöld sem ríkti í fyrrum Júgóslavíu.¹⁰⁸ Að mati Scharf var greinilegt að Richard Holbrooke, sem var jafnframt aðalsamningamaður Bandaríkjanna á Balkanskaga, leit á ICTY sem hentugt tæki til almannatengsla og þannig aðeins pólitískan ávinning fyrir bandarísku ríkisstjórnina. Jafnframt hafi hann augljóslega óttast að hugsanlegar ákærur dómstólsins myndu eyðileggja alla möguleika á diplómáttum lausnum.¹⁰⁹

Það má því segja að hálfgerður skollaleikur hafi umvafið stofnun ICTY því þótt ríkin sammæltust um síðir að láta til skarar skriða, þá virðast sumir hafa haft hug á að hafa dómstólinn svo kirfilega undir hælum á stórveldunum að tryggt væri að hann stuggaði ekki við ríkjandi stigveldi þjóðanna. Sjálfstæði dómstólsins var hans dýrmætasta eign og sú sem helst gat valdið usla meðal ríkja sem gjarnan vilja fara sínu fram án afskipta umheimsins. Á því valt hlutleysi hans, tilgangur og árangur.

Hvernig dómstóll?

Dómstóllinn er *ad hoc* eða með skilyrtan líftíma. Um leið og hlutverki hans telst vera lokið og endanlegum markmiðum hans náð verður hann lagður niður.

¹⁰⁷ Hazan, P. 2004. *Justice in a Time of War*. Bls. 10.

¹⁰⁸ Holbrooke, R. 1998. *To end a War*. Bls. 32.

¹⁰⁹ Hartmann, F. 2007. *Paix et Châtiment*. Bls. 22.

Öryggisráðið, sem er yfirboðari dómsins, hefur tilkynnt dómstólnum að öllum málflytningi og dómsuppkvaðningum skuli vera lokið árið 2010. Til grundvallar starfsseminni eru lagðir Genfarsáttmálinn og skilgreiningar Sameinuðu þjóðanna á brotum um lög vegna stríðsglæpa og þjóðarmorðs skv. 2. grein sáttmála samtakanna.¹¹⁰ Lögrétta hans nær til fjögurra flokka glæpa sem allir varða við Genfarsáttmálann; mannréttindabrota, brota á lögum um stríðsrekstur, þjóðarmorða og glæpa gegn mannkyni.¹¹¹

Meginhlutverk dómstólsins er fjórþætt; að koma lögum yfir hina seku, að hjálpa fórnarlömbum að ná rétti sínum, að hindra frekari brot af sama meiði og stuðla að friði með því að refsa hinum ábyrgu.¹¹² Dómnum er heimilt að taka yfir ákvarðanir innanríkjadómstóla og rannsóknir viðkomandi ríkis telji hann það þjóna hagsmunum sínum.¹¹³ Á þetta hefur reynt oftast en einu sinni í sögu dómstólsins, sérstaklega á fyrstu árum hans. Það er líka þetta atriði sem hefur sennilega vafist fyrir mörgum ráðamanninum á upphafsdögum dómstólsins og viðbúið að einhverjum þyki skörin geta færst óþægilega upp í bekk sjálfs fullveldisins.

Fastir dómáttarar við ICTY eru 16, kjörnir af Allsherjarþingi SP til 4 ára í senn með möguleika á endurkjöri.¹¹⁴ Auk þess hefur dómstóllinn rétt á að fá til liðs við sig í einstökum dómsmálum allt að 12 *ad litem* dómara. Þeir eru valdir úr hópi 27 dómara sem hafa verið til þess kjörnir af Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og kjörtími þeirra er 4 ár.¹¹⁵ Öryggisráðið tilnefnir alla saksóknara dómstólsins undir forystu aðalsaksóknara. Augljóslega eru ítök þess því mikil þegar kemur að samsetningu stríðsglæpadómstóla jafnvel þótt efnisleg markmið og lagalegur grunnur dómstólsins séu skýr. ICTY samanstendur af 3 sjálfstæðum deildum, saksóknaraembætti, dómsölum og skrifstofu. Dómáttarar ICTY koma hvaðanæva að, þeir eru fulltrúar helstu réttargæslukerfa heimsins og leggja þannig með sér misjafna reynslu og sýn frá heimalandi sínu. Þetta er mikill kostur því þetta atriði

¹¹⁰ Hazan, P. 2004. *Justice in a Time of War*. Bls. 204-205.

¹¹¹ Hazan, P. 2004. Bls. 203.

¹¹² ICTY. General Information. 2006. Bls. 1.

¹¹³ ICTY. General Information. 2006. Bls. 1.

¹¹⁴ ICTY. General Information. 2006. Bls. 2.

¹¹⁵ ICTY. General Information. 2006. Bls. 2.

eitt og sér hlýtur sjálfkrafa að efla sameiginlegan lagalegan grunn og styrkja samskipti ríkja í alþjóðasamvinnu svo ekki sé minnst á samþættingu gildismats.¹¹⁶

Lagalega byggir ICTY upphaflega á sama grunni og aðrir alþjóðlegir glæpadómstólar en hann hefur látið reyna á mörg ákvæði vegna stríðsglæpa sem ekki höfðu fengið umfjöllun fyrr. Hann hefur lagt mikið af mörkum í þróun og aðlögun laga vegna stríðsglæpa og mannverndar. Ástæða þess er sú sama og hjá öðrum alþjóðadómstólum; hans annað meginhlutverk er að staga í þau göt sem kunna að finnast á alþjóðaréttvísi. Bennett og Oliver hafa bent á að: „*Ein brotalöm alþjóðalaga felst í því að þau ná ekki yfir öll möguleg málsatvik og kringumstæður. Hins vegar, jafnvel þótt göt kunni að vera á löggjöfinni, þá eiga dómstólar að búa yfir þeim tiltæku ráðum sem nefnd hafa verið sem duga til að „finna lögin” þar sem nauðsyn krefur, í málum sem ekki hafa áður komið til kasta alþjóðlegra dómstóla.*”¹¹⁷ Fjöldmörg fordæmislaus mál hafa fengið dómsmeðferð hjá ICTY¹¹⁸ sem starfar eftir viðurkenndum reglum um málsmeðferð og sönnunarbyrði svo hann sýnist hafa sinnt hlutverki sínu þrýðilega hvað þetta snertir.

ICTY hefur hvorki eigin lögreglu, mannafla eða forsjá til að sinna handtökum grunaðra eða fangelsun dæmdra og þarf því að reiða sig á alþjóðlega samvinnu í öllu tilliti. Þetta hefur oft valdið dómstólnum vandkvæðum eins og sannaðist vel í máli Ante Gotovina. Þrátt fyrir baráttu dómsins fyrir því að fá Gotovina afhentan þá skelltu króatísk yfirvöld skollaeyrum við háværum kröfum hans um framsal hershöfðingjans. Dómstóllinn gaf út ákærana á hendur Gotovina árið 2001 en þó gekk hann laus í 4 ár. Allan þann tíma lágu króatísk stjórnvöld undir ámæli um að hylma yfir með hershöfðingjanum og vera honum skálkaskjól. Embættismenn Sameinuðu þjóðanna lögðu hart að Króötum um samvinnu en með litlum árangri allt þar til Evrópusamsambandið lagðist á sveif með dómstólnum.

Eins og fram hefur komið tók aðildarumsókn Króatíu í sambandið mikinn kipp þegar Gotovina var kominn undir manna hendur. Króatískum yfirvöldum hefur verið borinn á brýn mótþrói við alþjóðlegt réttarfar með tregðu sinni en þó verður að gefa því gaum að króatísk yfirvöld hafa aldrei viðurkennt að hafa nokkru sinni

¹¹⁶ Viðtal við Serge Krieger, greiningarsérfræðing ICTY. Tekið í nóvember 2008.

¹¹⁷ Bennett, A. L. & Oliver, J. K. 2002. *International Organizations, Principles and Issues*. Bls. 181.

¹¹⁸ ICTY. General Information. 2006. Bls. 4.

skotið skjólshúsi yfir Gotovina eða yfirhöfuð haft neina vitneskju um dvalarstað hans. Þetta styður fullyrðing Gunter Verheugen, eins varaforseta framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, sem lýsti því yfir opinberlega að Króatar hefðu ávallt verið sérlega samvinnuþýðir við Evrópusambandið.¹¹⁹ Á það hefur líka verið bent að þegar Gotovina var handtekinn á Kanaríeyjum 2005 af spænsku lögreglunni þá fundust í fórum hans mörg vegabréf undir dulnefnum með stimplum héðan og þaðan úr heiminum. Þetta telja króatísk yfirvöld að sanni þeirra mál, að þau hafi hreint ekkert haft að gera með felustað fyrir Gotovina og hafi því bókstaflega verið höfð fyrir rangri sök af hálfu alþjóðasamfélagsins.¹²⁰

Sjálfsagt verður þessi áburður seint til lykta leiddur þótt ekki sé hægt að hunsa orð Verheugen um að „...króatísk yfirvöld hafi sýnt Evrópusambandinu fullan samvinnuvilja í tengslum við Gotovina-málið”.¹²¹ Hitt er hins vegar óumdeilt að inngönguferli Króata í Evrópusambandið var háð því að hershöfðinginn yrði settur undir lás og slá og frá því sjónarhorni hljóta króatísk yfirvöld að hafa andað léttar við handtöku hans.

Pólitískar refjar

Þegar farið er yfir sögu ICTY er áberandi hollusta saksóknara og dómara við hugsjón dómstólsins en í umróti alþjóðastjórnsmálanna virðist oft hafa reynt á þolrif þeirra. Fyrstu árin einkenndust af baráttu starfsmanna við Öryggisráðið fyrir raunhæfum starfsskilyrðum, íverustað og nothæfum tölum. Hugsjónamaðurinn Cassese virðist hafa gert sér grein fyrir því að brugðið gat til beggja vona. Hann einsetti sér að standa vörð um einkunnarorð ICTY og sanna þannig í eitt skipti fyrir öll að lýðræðisdraumur Wilsons sem birtist í Þjóðabandalaginu sáluga gæti í raun og veru ræst.¹²² Þó fjölmiðlar, sjálfstæð alþjóðasamtök og almenningur færu ekki í grafgötur með yfirstandandi þjóðarmorð af hendi Serba þá leið rannsókn saksóknarateymanna framan af fyrir þá afstöðu Vesturveldanna að dómstólnum

¹¹⁹ Evrópuþingið. Heimasíða. Debates: Application for membership from Croatia.

¹²⁰ Viðtal við króatískan rannsóknarlögreglumann sem nýtur nafnleyndar. Hann vann að rannsóknum stríðsglæpa í Króatíu. Tekið í desember 2008.

¹²¹ Evrópuþingið. Heimasíða. Debates: Application for membership from Croatia.

¹²² Hazan, P. 2004. *Justice in a Time of War*. Bls. 49.

bæri fyrst og fremst að stugga við stríðsherrunum þremur, Milošević, Karadžić og Mladić; nóg til þess að hrekja þá að samningaborðinu en ekki ganga svo langt að handtaka þá.¹²³

Ákærur á hendur Karadžić og Mladić voru birtar í júlí 1995 í kjölfar fjöldamorðanna í Srebrenica þar sem Serbar, undir stjórn Mladić, myrtu á 2 dögum meira en 8.000 karla og drengi úr röðum Bosníumúslima og stökktu þúsundum kvenna og barna á flóttu. Hollensk friðargæslusveit á vegum Sameinuðu þjóðanna var á staðnum en hafði enga möguleika á að stöðva hersveitir Serba sökum þess hve fáliðuð sveitin var. Mörgum árum síðar, árið 2008, þegar sú hugmynd var viðruð að bjóða Serbíu aðild að Evrópusambandinu án þess að framsal Karadžić væri tryggt sögðu Hollendingar þvert nei.¹²⁴ Líklega sviður enn undan þeim ásökunum umheimsins sem hollenska sveitin, undir stjórn kaftains Karremann, mátti þola eftir þessa hörmulegu niðurlægingu.

Ódæðið í Srebrenica á sér ekkert fordæmi og olli vatnaskilum. Atburðurinn var síðar skilgreindur formlega sem þjóðarmorð og ákærur byggðar á grundvelli þess en hann hafði líka önnur og víðtækari áhrif. Clinton Bandaríkjaforseti ákvað að höggva á erfiðan hnút átakanna og bauð forsvarsmönnum Balkanlandanna til samningafundar í Dayton. Þar hittust til viðræðna ásamt fulltrúum Bandaríkjanna, Bretlands og Rússlands, forystumenn Balkanlandanna að undanskildum Karadžić. Af hálfu Bandaríkjanna stóð upphaflega til að bjóða bæði Karadžić og Mladić til fundarins, jafnvel þótt ICTY hefði þegar ákært þá báða um stríðsglæpi. Saksóknurum og dómurum réttarins var ofboðið og álitu stjórnvöld sýna dómstólnum og alþjóðaréttvísi fullkomna lítilsvirðingu. Í skyndingu var boðað til blaðamannafundar þar sem yfirstjórn dómstólsins hótaði afsögn ef stórveldin endurskoðuðu ekki gestalistann hið snarasta.¹²⁵ Stórveldin létu sér segjast en höfðu þó áfram horn í síðu dómstólsins því yfirvöld óttuðust að ákærur ICTY gætu haft óþægileg áhrif á samningaviðræðurnar. Ríkin vissu sem var að tvímenningarnir nutu auk þess enn töluverðs fylgis heima fyrir og gátu, að mati fundarmanna, hæglega viðhaldið áframhaldandi ófriði í Balkanlöndunum.

¹²³ Hazan, P. 2004. *Justice in a Time of War*. Bls. 61.

¹²⁴ Monsters and Critics. Heimasíða. EU lures Serbia with pre-membership deal.

¹²⁵ Hazan, P. 2004. Bls. 68.

Þegar Dayton-fundurinn stóð sem hæst, birti ICTY nýjar ákærur á hendur Mladić og Karadžić vegna þjóðarmorðsins í Srebrenica. Stórveldunum líkaði ekki þessi tímasetning og töldu hana stofna friðarviðræðum í voða. Rússar kröfðust þess án árangurs að ICTY drægi ákærurnar til baka þar sem þeim fannst höggvið verulega nærri Serbum.¹²⁶

Til málamiðlunar voru IFOR-sveitir Sameinuðu þjóðanna (*Implementation Force for the Dayton Accords; IFOR*) sem staðsettar voru í Balkanlöndunum undanþegnar ábyrgð á að handsama félagana, þrátt fyrir ákærur ICTY: „*IFOR hefur vald en ekki skyldu til að handsama stríðsglæpamenn.*”¹²⁷ Sveitunum var með öðrum orðum heimilt að handtaka eftirlýsta stríðsglæpamenn en aðeins ef vilji þeirra sjálfra stæði til þess. Heimildarmaður minn sem starfaði síðar í SFOR-sveitunum (*e. Stabilisation Force; SFOR*) hefur staðfest þetta; hann tjáði mér að sveitin hafi oft rekist á Mladić og Karadžić en þeim hafi bara aldrei borist nein fyrirmæli um að handtaka þá og þess vegna hafi slíkt frumkvæði af hálfu SFOR aldrei komið til greina.¹²⁸

Vilji vesturveldanna til að sjá dóm og lögum fullnægt virðist því hafa verið býsna veikur, það styður sú staðreynd að stór hluti Dayton-samkomulagsins var gerður munnlega svo ekki væri hægt að rukka stórveldin um efndir síðar meir eins og Pauline Neville-Jones, samningamaður Breta í Dayton, staðfesti.¹²⁹ Samkomulagið í Dayton var í höfn nokkrum dögum síðar og vonir umheimsins stóðu til friðvænlegri tíma, ekki síst vegna þess að hersveitir NATO höfðu nú verið sendar á vettvang. Friður var um sinn nokkurn veginn tryggður en síðast en ekki síst hafði NATO fengið nýtt hlutverk og lengri lífdaga að kalda stríðinu loknu.

Dómurum ICTY var brugðið í brún, þeim virtist samkomulagið í Dayton hafa dregið tennurnar úr réttvísinni. Richard Goldstone, þáverandi saksóknari ICTY, ákvað á grundvelli 61. reglu dómsins að halda sýndarréttarhöld yfir Karadžić og Mladić. Þetta var fáheyrður atburður því reglan er sú að sakborningur sé ævinlega viðstaddur eigin réttarhöld. Dómstóllinn barðist fyrir tilveru sinni; að verða raunverulegt afl í þágu réttlætis en ekki aðeins orðagjálfur stjórnámálanna eða

¹²⁶ Hartmann, F. 2007. *Paix et Châtiment*. Bls. 171.

¹²⁷ Hazan, P. 2004. *Justice in a Time of War*. Bls. 70.

¹²⁸ Viðtal við ónafngreindan, svissneskan heimildarmann sem var í SFOR-sveitum, Sameinuðu þjóðanna á Balkanskaga. Tekið í desember 2008.

¹²⁹ Hazan, P. 2004. Bls. 72.

gerviverkefni Sameinuðu þjóðanna. Að mati dómsins hafði verstu stríðsglæpamönnum síðustu ára verið tryggt frelsi fyrir tilstuðlan stórveldanna. ICTY hóf réttarhöldin yfir Karadžić og Mladić að þeim fjarstöddum í júní 1996. Markmið réttarhaldanna var ekki raunveruleg málsmeðferð, tilgangur réttarins var einungis táknrænn en ekki til dómsuppkvaðningar. Stríðsglæpadómstóllinn sætti sig ekki við að morðingjar 8.000 manna fengju að valsa um óáreittir án yfirlýstrar afstöðu og fordæmingar dómsins á verknuðum þeirra.

Sýndarréttarhöld ICTY yfir Karadžić og Mladić einskorðuðust ekki við þá eina. Fyrir þessum dómi án dómsorðs var einnig orðstír Sameinuðu þjóðanna sem þóttu hafa sýnt af sér ótrúlegt getuleysi og skilið dómstólinn eftir á berangri með aðgerðaleysi sínu og sinnuleysi.¹³⁰ Fjöldamorðin í Srebrenica eiga sér ekkert fordæmi í veraldarsögunni vegna þess að þau voru framinn fyrir sjónum eftirlitsaðila alþjóðasamfélagsins, á yfirlýstu verndarsvæði Vesturveldanna. Sameinuðu þjóðirnar höfðu staðfastlega lofað íbúum Srebrenica vernd en þegar á hólminn var komið reyndist loforðið ekki pappírsins virði. Serbnesku hersveitirnar, undir stjórn Mladić, bókstaflega stráfelldu saklausa borgara fyrir framan augun á friðargæslulíðunum, að því er sýnist í því augnamiði einu að sýna umheiminum að Serbar létu ekki segja sér fyrir verkum og að friðargæslusveitir Sameinuðu þjóðanna ættu enga möguleika á að bregða fæti fyrir þjóðernishreinsanir þeirra í Bosnía.¹³¹ Fjórum árum síðar viðurkendi Kofi Annan loksins mistök Sameinuðu þjóðanna í stríðsátökunum í Balkanlöndunum: „*Vegna mistaka okkar, dómgreindarskorts og vanhæfni til að átta okkur á ásjónu illskunnar, brugðumst við skyldu okkar við að bjarga fólkinu í Srebrenica frá fjöldamorðum Serba.*”¹³²

Þegar hér var komið sögu var Króatía að verða tilbúin til að brjóta innrás Serba á bak aftur, ekki síst vegna mikilla vopnasendinga frá Bandaríkjamönnum í trássi við vopnabann Sameinuðu þjóðanna.¹³³ Með tveimur leiftursóknum í og kringum Knin í suðurhluta landsins, „*Stormi*” (e. *Operation “Storm”*) og „*Hvelli*” (e. *Operation “Flash”*), undir stjórn Ante Gotovina, voru rofin skörð í víglínu Serba og

¹³⁰ Hazan, P. 2004. *Justice in a Time of War*. Bls. 82.

¹³¹ Hazan, P. 2004. Bls. 80-84.

¹³² Hazan, P. 2004. Bls. 88.

¹³³ Perić, I. 1998. *A History of the Croats*. Bls. 250.

stríðsgæfan snerist á sveif með Króötum.¹³⁴ Í þessum hernaðaraðgerðum týndu allt að 150 Serbar lífi og fljótlega vöknudu grunsemdir um að króatísku hersveitirnar hefðu sýnt serbneskum íbúum svæðisins sem enn voru ekki flúnir til Serbíu harðræði og lítilsvirðingu og yfirtekið eigur þeirra með ólögmætum hætti. Sex árum síðar ákærði Carla del Ponte, þáverandi aðalsaksóknari ICTY, Gotovina fyrir þessi atriði ásamt helstu samverkamönnum hans, Ivan Čermak og Mladen Markač.¹³⁵ Tveir þeir síðarnefndu gáfu sig fljótlega sjálfviljugir fram við dómstólinn en Gotovina slapp undan réttvísinni í bili.

Arfleifð ICTY

Flestir geta tekið undir að stofnun alþjóðlegs stríðsglæpadómstóls endurspeglir öðru fremur ákveðinn vilja alþjóðasamfélagsins til að hindra vígreif stjórnvöld í að brjóta alþjóðalög.¹³⁶ Því er óhætt að álykta að þrátt fyrir afstöðumun aðildarþjóðanna hafi afdráttarlaus vanþóknun þeirra gegn brotum á alþjóðalögum að lokum orðið stjórnmalalegum ágreiningi yfirsterkari. Þó er ekki hægt að fullyrða að þessi ágæta hugsjón hefði orðið ofan á ef ekki hefði komið til stöðugur þrýstingur frá sjálfstæðum alþjóðasamtökum, almenningi og fjölmiðlum. Hlutur þeirra í ákvörðun ríkjanna var ómetanlegur. Stofnun dómstólsins varð því ekki aðeins vegvísir til styrkara alþjóðaréttarfars heldur einnig skýr skilaboð um að alþjóðasamfélagið hefði ekki í hyggju að líða alvarlega glæpi og brot á alþjóðlegum samningum og lögum.

Þetta atriði hlýtur út af fyrir sig að teljast mjög jákvætt. Sú staðreynd að ríkisstjórnir Serbíu, Króatíu og Bosníu voru hvorki í stakk búnar eða fúsar til að sækja meinta stríðsglæpamenn sjálfar til saka né var treyst til að viðhafa réttláta málsmeðferð vó þungt í ákvörðun Öryggisráðsins um stofnun ICTY.¹³⁷ Þetta hefur breyst á síðustu árum því um leið og samstarfsvilji landanna við Evrópusambandið

¹³⁴ Perić, I. 1998. Bls. 252.

¹³⁵ ICTY. Heimasíða. Cases at Trial.

¹³⁶ Koenig-Archibugi, M. 2002. Mapping Global Governance. Í Held, D. og McGrew, A. (Ritsstj.) 2002. *Governing Globalization*. Bls. 49.

¹³⁷ Drakulic, S. 2004. *They would never hurt a fly*. Bls. 5.

og lýðræðislegar úrbætur heima fyrir hafa aukist hefur verið réttað yfir meintum stríðsglæpamönnum bæði í Króatíu og nú nýlega einnig í Serbíu.¹³⁸

Þrátt fyrir nokkrar væringar í kringum stofnun ICTY virðist dómstólnum hafa tekist að rífa af sér þá pólitísku fjötra sem reynt var að leggja á hann. Í stað þess að verða viljalaust verkfæri í höndum stórvelda hefur honum auðnast að sýna raunverulegu hlutverki sínu trúfesti og draga helstu stríðsglæpamennina til dóms, óháð þjóðerni þeirra. Dómstóllinn getur státað af fleiri sakfellingum vegna brota gegn alþjóðlegum mannúðarlögum en áður hefur þekkt; hver einasti einstaklingur sem dómstóllinn hefur ákært hefur verið færður til dóms og laga að undanskildum tveimur illræmdum stríðsglæpamönnum; Ratko Mladić og Goran Hadžić.¹³⁹

Arfur ICTY til síðari tíma stríðsglæpadómstóla er margþættur. Hann skilur eftir sig sterkari lagagrunn en fyrir daga hans og fordæmislausir dómur hafa lagt nýjan og betri farveg fyrir dómstóla síðari tíma. Arftakar hans eru því betur í stakk búnir til að koma lögum yfir alþjóðlega brotamenn en áður. Alþjóðlega glæpadómstóllinn (*e. International Criminal Court; ICC*), sem stofnaður var 2002, má einnig telja eina afleidda stofnun ICTY þótt enn þráist stórveldi realískra sjónarmiða¹⁴⁰ við að játa lögsögu dómstólsins yfir þegnum sínum.¹⁴¹ ICC er ætlað stöðugt hlutverk í óstöðugum heimi og lögsaga hans nær yfir svipuð brot og ICTY.¹⁴² Honum og öðrum stríðsglæpadómstólum kemur nú mjög til góða sú dýrmæta reynsla og þekking sem saksóknarar, verjendur og dómur af ýmsu þjóðerni hafa öðlast, í og gegnum starfsemi ICTY. Sá aukni mannauður í alþjóðlegri réttvísi alls mannkyns verður seint ofmetinn. Hvort ríkin koma til með að beygja sig undir sameiginlegt, alþjóðlegt dómsvald verður þó ekki fullyrt að sinni. Kannski er dýrmætasta arfleifð ICTY fólgin í því orðspori sem honum hefur tekist að skapa sér. Það hlýtur að teljast hreint afbragðs arfur.

Þeir örlagaríku atburðir í Knin og Srebrenica og sem sagt var frá hér að ofan eru þungamiðjan í þeim ákærum sem ICTY hefur birt á hendur Króatanum Ante

¹³⁸ B92. Heimasíða. Fréttavefur um málefni landa Balkanskagans. JM:All War Criminals to be arrested.

¹³⁹ ICTY. Heimasíða. Accused at Large.

¹⁴⁰ Hazan, P. 2004. *Justice in a Time of War*. Bls. 200.

¹⁴¹ The American Society of International Law. Heimasíða. U.S. Announces Intent Not to Ratify International Criminal Court Treaty.

¹⁴² Alþjóðaglæpadómstóllinn; International Criminal Court. Heimasíða. ICC at a Glance.

Gotovina og Radovan Karadžić, leiðtoga Serba í Bosnía. Í ljósi þeirrar einurðar sem dómstóllinn hefur sýnt í að sérhver sem brotlegur gerist við alþjóðalög skuli sæta ábyrgð,¹⁴³ er nauðsynlegt að bera saman ákærurnar á hendur þessum fulltrúum stríðandi þjóða á Balkanskaga. Í þriðja kafla verður fjallað um þessar ákærur og þær bornar saman í spegli þess hlutleysis sem ICTY hefur hampað.

¹⁴³ ICTY. Heimasíða. About the ICTY.

ÁKÆRUR ICTY Á HENDUR ANTE GOTOVINA OG RADOVAN KARADŽIĆ

Eitt meginhlutverk ICTY er útgáfa ákæra vegna ætlaðra brota á alþjóðalögum er varða stríðsglæpi. Í þessum kafla verður skoðað nánar í hverju stríðsglæpir felast og framganga ICTY spegluð í þeim skilgreiningum sem samþykktar hafa verið af alþjóðasamfélaginu. Ákæra ICTY á hendur Ante Gotovina verður skoðuð og borin saman við ákæru dómstólsins á hendur hinum illræmda stríðsglæpamanni; Radovan Karadžić. Einnig verður varpað upp hugsanlegum skýringum á þeirri merkilegu staðreynd að Karadžić gat gengið laus í rúman áratug¹⁴⁴ án nokkurra sjáanlegra tilrauna alþjóðasamfélagsins til að láta handtaka hann.

Með lögum skal lönd byggja

Þegar gengið er út frá því að lög kunni að hafa verið brotin er frumskilyrði að greina hvers konar lögbrot um er að ræða og hvaða lög hlut eiga að máli. Þetta er í rauninni flóknara en gæti virst við fyrstu sýn. Í fyrsta lagi eru átök eða hernaður hreint ekki skýrt afmörkuð eða skilgreind¹⁴⁵ eins og sást vel af ómarkvissum viðbrögðum umheimsins á fyrstu árum stríðsins í löndum fyrrum Júgóslavíu. Sama máli gegnir um brot á alþjóðalögum sem varða mannréttindi eða réttindi óbreyttra borgara. Í öðru lagi er einsýnt að skilgreiningar alþjóðalaga vegna lögbrota hafa iðulega verið háð pólitískum hráskinnisleik þeirra ríkja sem telja sig eiga einhverra hagsmuna að gæta. Sennilega er ekki tekið of djúpt í árinna að halda því fram að alþjóðleg löggæsla þurfi í alltof mörgum tilfellum að brjóta sér leið í gegnum brimrót stjórnmalanna til að ná markmiðum sínum; að skilgreina lögin og sakfella hugsanlega lögbrota. Í þriðja lagi hafa reglur sem gilda um stríðsátök ekki aðeins

¹⁴⁴ Karadžić var upphaflega ákærður af ICTY árið 1995. Hann var framseldur til dómstólsins 13 árum síðar, 30. júlí 2008.

¹⁴⁵ International Law of War Association. Heimasíða. Basic Documents and Jurisprudence of Internationalized Criminal Courts and Tribunals.

byggst á lagalegum skilgreiningum heldur einnig óskráðum lögum sem byggjast á siðferðislegri túlkun og skilningi samfélaga og því viðbúið að skilgreiningar slíkra reglna kunni að stangast á.

Lög um ásættanlega hegðun í hernaði eða styrjaldarrekstri eru alls engin nútímaafurð heldur eiga þau sér mörg þúsund ára gamla arfleifð. Ýmis sjónarmið sem snerta hernað og hafa haft áhrif á þróun alþjóðalaga eiga rætur sínar að rekja til blómatíma Grikkja, Rómverja og jafnvel allt aftur til daga Hammúrabí Babýloníukonungs.¹⁴⁶ Á sama hátt og réttur einstaklingsins í ríkinu er viðurkennd undirstaða lýðræðis er þegnrettur hins óbreytta borgara bæði í for- og bakgrunni allrar umfjöllunar um stríðsglæpi. Þungamiðjan sem lög um framgöngu í hernaði hverfast um byggir nefnilega fyrst og fremst á mannúðarsjónarmiðum og því er ómetanlegur hlutur heimspekinga, kirkjunnar manna og lögspekinga sem lagt hafa lóð á vogarskálar allrar lagaþróunar er varða stríðsglæpi. Óhjákvæmilega hafa mannskæðar styrjaldir veraldarsögunnar kallað á æ ítarlegri skilgreiningar hvað hegðun stríðandi ríkja viðkemur þó vissulega séu lög vegna mannúðarsjónarmiða sem höfð hafa verið að leiðarljósi ýmist skráð eða óskráð. Bæði Biblían og Kóraninn gefa fylgjendum sínum t.a.m. mjög skýr fyrirmæli um hvernig viðunandi framganga í hernaði eigi að vera. Að öllu samanlögðu má vel færa fyrir því rök að með Genfar-ráðstefnunni 1864 hafi eiginleg lög um hernað ekki beinlínis verið fundin upp heldur hafi þau mannúðarsjónarmið sem fylgt hafa mannkyni í árþúsundir og almennt verið viðurkennd, nú loksins verið höggvin í steininn og lögð sem undirstaða í þágu framþróunar mannréttinda.¹⁴⁷

Að Þjóðabandalaginu gengnu, tveimur heimsstyrjöldum og a.m.k. einni helför síðar, komst alþjóðleg réttvísi og löggæsla aftur á skrið eftir stofnun Sameinuðu þjóðanna 1945. Þriðja Genfar-ráðstefnan sem var haldin 1949 tók endanlega af öll tvímæli um réttindi og vernd óbreyttra borgara á stríðstímum og lagði með því grunn að starfsemi, lögsögu og markmiðasetningu alþjóðlegra dómstóla.¹⁴⁸ Eðli málsins samkvæmt hafa Sameinuðu þjóðirnar gegnt hér mjög skýru

¹⁴⁶ Alþjóðadeild Rauða Krossins; International Committee of the Red Cross. Heimasíða. 2004. What are the Origins of International Humanitarian Law?

¹⁴⁷ Alþjóðadeild Rauða Krossins; International Committee of the Red Cross. Heimasíða. 2004. What are the Origins of International Humanitarian Law?

¹⁴⁸ Mingst, K. A. 2004. *Essentials of International Relations*. Bls. 217.

forystuhlutverki. Því er þó ekki að leyna að alþjóðastjórnsmál hafa ítrekað sett mark sitt á starfsemi samtakanna og jafnvel orðið örari framþróun og markvissari íhlutun fjötur um fót eins og Michael J. Glennon hefur haldið fram: „*Reglur Sameinuðu þjóðanna varðandi hernaðaráttök, eins og þær birtast í stofnsáttmála samtakanna og Öryggisráðinu ber að standa vörð um, hafa lotið í lægra haldi fyrir ásælni stjórnsmálanna sem er ofjarl allra lagalegra stofnana*”.¹⁴⁹ Með orðum sínum vísar Glennon til þess að innbyrðis pólitísk togstreita og valdabarátta stærri ríkja heims, ekki síst innan Öryggisráðsins, hafi beinlínis bitnað á getu og vilja ríkjanna til að standa vörð um þá réttvísi og lagaheimildir sem þær þó hafa í aðra röndina skuldbundið sig til að virða. Mergur málsins er að eina leiðin til að viðhalda lögum og reglum af hálfu alþjóðasamfélagsins er að tryggja að viðurlögin haldist í hendur við meint lögbrot því ella dettur botninn úr sjálfum lagabókstafnum.¹⁵⁰ Og þar liggur hundurinn grafinn.

Hvers konar hernaður?

Frá miðri 19. öld var í fyrsta sinn gerður verulegur greinarmunur á venjulegum hernaðaráttökum milli stríðandi ríkja og hinna sem bitna á saklausum þegnum. Skýr aðgreining er gerð á átökum sem geisa innan landamæra ríkis, gjarnan kennd við borgarastyrjöld eða innanríkiserjur annars vegar¹⁵¹ og styrjöldum milli ríkja hins vegar.¹⁵² Friðarsamningurinn í Vestfalíu árið 1648 undirstrikaði stöðu ríkis og skyldur. Í honum var ríkjunum áskilinn réttur til að fá að sinna innanríkismálum sínum án utanaðkomandi íhlutunar eða afskipta.

Þó síðan hafi mikið vatn runnið til sjávar og aðrir nútímalegri millríkjasamningar leyst Vestfalíusamninginn af hólmi hefur samt löngum verið rík hefð fyrir því að ríkin skipti sér ekki af innanlandserjum hvers annars fyrr en í lengstu lög.¹⁵³ Af þeim sökum m.a. var Boutros Boutros-Ghali, fyrrum aðalritari

¹⁴⁹ Glennon, M. J. 2003. Why the Security Council failed. Í Mingst, K. A. & Snyder, J. L. (Ritstj.) 2004. *Essential Readings in World Politics*. Bls. 209.

¹⁵⁰ Glennon, M. J. 2003. Bls. 210-216.

¹⁵¹ Merriam-Webster's Online Dictionary. Heimasíða. Civil War.

¹⁵² Merriam-Webster's Online Dictionary. Heimasíða. War.

¹⁵³ Mingst, K. A. 2004. *Essentials of International Relations*. Bls. 301.

Sameinuðu þjóðanna, lengi mjög efins um að alþjóðasamfélaginu væri stætt á því að grípa inn í átökin á Balkanskaganum og hvað þá heldur stofnsetja sértækan stríðsglæpadómstól því slíkt mætti túlka sem hreina og beina afskiptasemi í innanríkismál sjálfstæðs ríkis.¹⁵⁴ Gamla Júgóslavía hafði auk þess alltaf notið velþóknunar Bandaríkjanna, ekki síst vegna mótþróafullrar afstöðu Tito gagnvart herrastjórninni í Sovétríkjunum, og hafði þess vegna ákveðna sérstöðu sem diplómátskur samherji Vesturveldanna á Balkanskaga. Júgóslavía var að liðast í sundur og hugsanlega höfðu ýmis ríki tilhneigingu til að líta á þennan hildarleik sem hálfgerð borgarastríð eins og Boutros-Ghali en ekki hreinræktaðar milliríkjadeilur því nýfengið sjálfstæði Króatíu, Slóveníu og Bosníu-Herzegóvínu hafði enn ekki fengið fulla viðurkenningu allra ríkja.

Sjálfsgagt væri hægt að heimfæra sinnulausa afstöðu stórveldanna til yfirvofandi átaka í löndum fyrrum Júgóslavíu til þessa Vestfalíska hugsunarháttar og þar við bættist vafasamur orðstír Balkanlandanna að geta aldrei setið á sárs höfði.¹⁵⁵ Um þessa afstöðu alþjóðasamfélagsins vitnar alltént yfirlýsing Lawrence Eaglesburger sem var einn helsti ráðgjafi George Bush Bandaríkjaforseta í málefnum Balkanskagans á þessum árum: „Ég hef sagt það 38.000 sinnum og ég segi það enn... Þennan harmleik er ekki á valdi utanaðkomandi að stöðva og það er fjandakornið orðið tímabært að fólki skiljist það. Þar til Bosníumenn, Serbar og Króatar ákveða að hætta að drepa hvern annan, er ekki nokkur skapaður hlutur sem umheimurinn getur gert í því.”¹⁵⁶

Áður en alþjóðasamfélaginu varð ljóst að stríðið á Balkanskaganum var allsendis ekki innanríkismál sambandsstórveldis sem var liðið undir lok, heldur blóðug styrjöld sem geisaði milli sjálfstæðra ríkja, var hægt að láta átökin afskiptalaus. Þegar ríki heims viðurkenndu fullveldi Króatíu, Slóveníu og Bosníu hvert af öðru breyttist staðan. Hvorki gamaldags afstaða í anda Vestfalíu né realpólítísk hagsmunastefna stórveldanna gat firrt ríkin íhlutun, ekki síst vegna þess að hnattvæddur heimur sem er sjálfum sér samþættur hefur umbreytt öllum aðstæðum og fyrirséð að vandamál og átök í einu landi flæði hindrunarlítið til

¹⁵⁴ Hazan, P. 2004. *Justice in a Time of War*. Bls. 36.

¹⁵⁵ Doder, D. 1993. *Yugoslavia: Old War, New Hatreds*. Bls. 3.

¹⁵⁶ Holbrooke, R. 1999. *To end a War*. Bls. 23.

þeirra næstu; það var fáum ljósara en Evrópusambandinu. Loks varð tímabært að taka fram lagabókstafinn og láta á hann reyna.

Hvers konar lög ?

Í daglegu tali er gjarnan vísað til brota gegn einstaklingum sem framin eru í hernaði sem „stríðsglæpa”. Undir það falla ýmis konar brot allt frá illri meðferð stríðsfanga til þjóðarmorðs sem þykja stangast á við viðurkenndar lög og reglur um hernað.¹⁵⁷ Þótt flestir hafi einhverjar hugmyndir um í hverju stríðsglæpir felast, er hér að fleiru að hyggja. Hugtakið stríðsglæpir er umfangsmikið og jafnvel óljóst en á sér þó rætur í mannúðarreglum og kenningum mannfræðinga og heimspekinga.¹⁵⁸ Í stuttu máli má segja að alþjóðalög sem snerta stríðsátök, stríðsglæpi og mannréttindi greinist í tvær meginstoðir; lög sem varða beina þátttakendur í stríðsátökum annars vegar og hins vegar lög sem skilgreina réttindi og vernd óbreyttra þegna á styrjaldartímum.¹⁵⁹ Fyrsta Genfar-ráðstefnan árið 1864 tók einmitt sérstaklega á lagasetningum vegna óbreyttra borgara og lagði raunar með því grunninn að starfsemi Rauða Krossins og annarra alþjóðlegra mannúðarsamtaka.¹⁶⁰ Þriðja Genfar-ráðstefnan árið 1949 njörvaði niður lög og reglur um meðferð stríðsfanga, óbreyttra borgara og særðra hermanna sem standa utan átaka (*f. Hors de combat*) og þau lög sem samþykkt voru þá eru sá grunnur sem Mannréttindastofnun Sameinuðu þjóðanna er byggð á.¹⁶¹

Þegar ICTY tók til starfa árið 1993 var tæpast um mjög auðugan garð að gresja í þeim lagaheimildum sem dómstóllinn gat stuðst við. Lög ICTY hafa í tvígang verið endurbætt og lagastoðir styrktar að sama skapi, enda annað meginhlutverk hans að þetta alþjóðlegan lagaramma með lagalegum úrbótum þar sem þörf krefur.¹⁶² Á þeim alþjóðlega lagagrunni sem til var þegar dómstóllinn var stofnaður

¹⁵⁷ Merriam-Webster's Online Dictionary. Heimasíða. War Crime.

¹⁵⁸ Bennett, A.L. & Oliver, J.K. 2002. *International Organizations: Principles and Issues*. Bls. 9.

¹⁵⁹ Droege, C. 2007. The Interplay between the International Humanitarian Law and International Humanitarian Rights Law in Situations of Armed Conflict. Bls. 310.

¹⁶⁰ Answers.com. Geneva Convention.

¹⁶¹ Alþjóðadeild Rauða Krossins; International Committee of the Red Cross. Heimasíða. Geneva Conventions.

¹⁶² ICTY. Statute. Upphaflegur stofnsáttmáli gerður 25. maí 1993. Breytingar gerðar með ályktunum Öryggisráðsins nr. 1166, 13. maí 1998 og ályktun nr. 1329, 30. nóvember, 2000.

og hefur síðan mótast enn frekar, byggir ICTY því ákærur sínar. Í ályktun Öryggisráðsins nr. 827/1993 sem markaði upphaf ICTY, vísar ráðið til staðfesta brota á alþjóðlegum mannréttindalögum; fjöldamorða, víðtækra og skipulagðra fangabúða þar sem nauðganir á konum voru notaðar sem markviss pyndingaraðferð, þjóðernishreinsana¹⁶³ ásamt brottrekstri borgara og yfirtöku eigna þeirra.¹⁶⁴ Þessi brot eru lögð til grundvallar laga dómstólsins sem eru sett fram í stofnsáttmála hans. Lögin skiptast í 34 greinar sem hver um sig greinast í nokkra stafliði. Fyrstu sjö lagagreinarnar snúa að stríðsglæpum í fyrrum Júgóslavíu skv. ákvæðum Genfar-sáttmálans en aðrar um samsetningu dómstólsins, dómara og starfsemi. Þær ákærur sem hér eru til skoðunar byggjast á alvarlegum brotum á ákvæðum Genfar-sáttmálans um (*e. Grave breaches of the Geneva Convention 1949*), brot á lögum eða reglum um stríð (*e. Violations of the Laws or Customs of War*), þjóðarmorð (*e. Genocide*), glæpi gegn mannkyni (*e. Crimes against Humanity*), dómsvald yfir einstaklingum (*e. Personal Jurisdiction*), og að lokum ábyrgð einstaklinga vegna stríðsglæpa (*e. Individual Criminal Responsibility*).¹⁶⁵

Ákærur ICTY á hendur Ante Gotovina og Radovan Karadžić eru alfarið byggðar á ofangreindum brotaflokkum og verður nánar vikið að þeim hér á eftir.

Þjóðarmorð eða þjóðernishreinsanir?

Ákærur á hendur Gotovina og Karadžić eru í nokkrum liðum og snúast í grófum dráttum um ofsóknir, morð, brottrekstur þegna, þjóðarmorð og fleiri glæpi. Karadžić er í nokkrum liðum ákærunnar sakaður um beina, persónulega þátttöku í ákæruatriðum en Gotovina er hins vegar ákærður vegna stöðu sinnar sem yfirmaður viðkomandi herafla sem hefði átt eða mátt vera ljóst hvað var á seyði. Auk þess er hann gerður samábyrgur með Franjo Tudjman, Króatíuforseta, í 1., 6.

¹⁶³ Í ályktuninni er orðið „þjóðernishreinsun“ sett innan gæsalappa vegna þess að þetta er ekki lagaleg skilgreining heldur siðferðisleg.

¹⁶⁴ Ályktun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 827. 25. maí 1993.

¹⁶⁵ ICTY. Heimasíða. Lög dómstólsins.

og 7. lið ákærunnar um að hafa ásamt Tudjman skipulagt og undirbúið brottrekstur Serba frá Krajina.¹⁶⁶

Það er hins vegar athyglisvert að í ákæru ICTY á hendur Karadžić kemur orðið „þjóðernishreinsanir“ (e. *Ethnic Cleansing*) víða við en í öllum tilfellum innan gæsalappa. Skýringin er einföld; þótt þetta orð sé notað bæði í daglegu tali og opinberum skýrslum er hugtakið siðferðislegt en ekki lagalegt þótt eiginleg merking þess sé núorðið líklega flestum ljós og orðið hafi fengið æ sterkari sess í alþjóðlegri réttarhefð á liðnum árum. Orðið er ekki sérlega gamalt og má segja að notkun þess hafi fyrst öðlast raunverulega merkingu í átökunum á Balkanskaga. Í orðsins fyllstu merkingu væri hægt að segja ásetning og takmark þjóðernishreinsana vera þann að hreinsa land eða svæði af óæskilegum aðkomumönnum og reka þá burt til að koma viðkomandi landsvæði á nýjan leik undir réttmæta stjórn.¹⁶⁷ Uppruni hugtaksins um þjóðernishreinsun er ekki afdráttarlaus en er talin vera bein þýðing á serbnesku orðtaki; *etničko čišćenje*.¹⁶⁸ Serbar notuðu þetta orðfæri um meinta illa meðferð á Serbum í Kosovo af hendi Kosovo-Albana í seinni heimsstyrjöld en innan tíðar fékk orðið dýpri og varanlegri merkingu sem beindist ekki síst að Serbum sjálfum. Hugtakið sýnist hafa haft frekar almenna skírskotun meðal Serba; þannig kallaði líffræðingurinn Biljana Plavšić, félagi Karadžić, þjóðernishreinsanir og útrýmingu múslima úr Bosníu „...*edlilegt fyrirbæri*“ en ekki eiginlegan stríðsglæp enda væru múslimar ekkert annað en „...*erfðafræðilegur ágalli á serbneska líkamanum*“.¹⁶⁹

Vestrænir fjölmiðlar hentu orðið fljótt á lofti og ICTY hefur talið óhætt að notast við það í ákærum sínum þótt innan gæsalappa sé. Skilgreining ICTY á þjóðarmorði er hins vegar eftirfarandi:

„Þjóðarmorð telst vera hvert þeirra eftirtalinna atriða sem hafa það markmið að eyða að fullu eða hluta, þjóð, kynþætti, kynstofni eða trúarhópi með því að:

- a) Drepa einstaklinga ofangreindra hópa;
- b) Valda einstaklingum úr ofangreindum hópum alvarlegum, líkamlegum eða andlegum þjáningum;

¹⁶⁶ ICTY. Ákæra á hendur Ante Gotovina. 2000. Bls. 3, 5.

¹⁶⁷ Naimark, N. M. 2002. *Fires of Hatred*. Bls. 4.

¹⁶⁸ Answers.com. Ethnic cleansing.

¹⁶⁹ Drakulić, S. 2004. *They would never hurt a fly*. Bls. 180.

- c) Setja hópinn af ásettu ráði í þær aðstæður sem ætlað er að valda líkamlegri tortímingu að fullu eða að hluta;
- d) Grípa til ráðstafana til að koma í veg fyrir fæðingar innan hópsins;
- e) Reka börn innan hópsins til annars hóps.¹⁷⁰

Til að taka af allan vafa taka skilgreiningar ICTY einnig til ásetnings einstaklings, tilraunar eða undirbúnings þjóðarmorðs sem og samsektar í þjóðarmorði. Því má bæta hér við að eina tilfellið sem ICTY taldi uppfylla skilgreiningar Genfar-sáttmálans um þjóðarmorð var harmleikurinn í Srebrenica og vikið er betur að í kaflanum hér á undan.

Rauði þráðurinn í þjóðarmorði er þannig ásetningur gerandans um að uppræta og geryða með öllu þjóð eða þjóðarbrotum. Skilgreiningar á þjóðernishreinsunum eru öllu lausari í reipunum. Óhætt sýnist samt að stilla þeim verknaði sem felst í þjóðernishreinsunum samsíða þjóðarmorði því þótt útfærsla þjóðernishreinsana gangi kannski ekki eins og langt og allsherjarútrýming þjóðar eru hugtökin tvö nátengd og hreint ekki ólík í eðli sínu. Skilningur og skilgreiningar hugtaka hljóta ævinlega að vera háðar einstaklingsbundinni afstöðu og víst er um það að mörgum flóttamanninum frá Króatíu og Bosníu hefur sviðið sárt undan varfænum skilgreiningum alþjóðasamfélagsins á ljótustu glæpum síðan í síðari heimsstyrjöld.

Vera kann að Vesturlöndin hafi fremur kosið að nota orðið þjóðernishreinsanir um ástandið í Balkanlöndunum í stað þjóðarmorðs vegna þess að Genfar-sáttmálinn skuldbindur ríki til að skerast í leikinn þar sem fullvíst þykir að þjóðarmorð hafi verið framið. Vafalítið gerðu margir sér grein fyrir því hvað var á seyði en hvort sem um er að kenna gáleysi af ásetningi eða hreinlega afneitun á því sem raunverulega átti sér stað,¹⁷¹ leið töluverður tími þar til ráðamenn annarra ríkja treystu sér til að viðurkenna opinberlega að unnið var gagnert og markvisst að útrýmingu þjóða og þjóðarbrotu á Balkanskaganum.

¹⁷⁰ ICTY. Lög dómstólsins. 4. grein, 2. málsgrein, 1.-5. staflíður.

¹⁷¹ Naimark, N. M. 2002. *Fires of Hatred*. Bls. 3.

Þjóðernishyggja – forsenda þjóðernishreinsana

Mörgum þykir orðið þjóðernishreinsanir vera hálfgerð yfirvarp eða orðskrípi því í raunveruleikanum sé sáralítill munur á útrýmingu kynþátta og hreinræktuðu þjóðarmorði, eiginlega aðeins stigsmunur. Hins vegar er óumdeilt að undanfari og orsakavaldur þjóðernishreinsana er þjóðernishyggja sem er komin úr öllum böndum og hefur verið nýtt á óvæginn og grimmdarlegan hátt í þágu pólitískra markmiða.¹⁷² Balkanskaginn á sér langa sögu sterkrar þjóðernishyggju og oft hafði skorist í odda með þjóðunum í gegnum aldirnar en eins og Richard Holbrooke benti réttilega á, þá eru innbyrðis fáleikar þjóðarbrotu sem slíkir engin ávísun eða fyrirboði um yfirvofandi þjóðernishreinsanir.¹⁷³ Tungumál landanna eru mjög lík og þótt mállýskurnar séu að einhverju leyti frábrugðnar hverri annarri, þá er það aðeins blæbrigðamunur og allir íbúar Balkanskagans tala serbó-króatísku. Innbyrðis hjónabönd voru sömuleiðis algeng¹⁷⁴ og þjóðarbrotin höfðu blandast mjög í gegnum aldirnar.

Ógæfa Balkanlandanna fólst einfaldlega í því að vondir leiðtogar ríkjanna öttu saman kynþáttunum í eigin þágu til að ná pólitískum markmiðum sínum.¹⁷⁵ Warren Zimmerman, fyrrverandi sendiherra Bandaríkjanna í gömlu Júgóslavíu, varð tíðrætt um þann sérkennilega áróður sem haldið var uppi og segist hafa orðið vitni að taumlausri, ofbeldisfullri þjóðernishyggju sem hvatt var til af hálfu ráðamanna þjóðanna. Zimmerman vísar með þessum ummælum allri ábyrgð á hendur Milošević, Karadžić og Tudjman, forseta Króatíu, sem notuðu sjónvarpsáróður ótæpilega til að breiða út hatursfulla þjóðernishyggju „...*eins og sjúkdómafarald*” til þjóða sinna. „*Það voru þjóðarleiðtogarnir sem voru hinir raunverulegu glæpamenn (...) það voru þeir sem heilaþvoðu heila kynslóð Serba, Króata og múslima og fylltu þá af gagnkvæmu kynþáttahatri með stanslausum sjónvarpsáróðri,*” sagði Zimmerman.¹⁷⁶

¹⁷² Mann, M. 2005. *The Dark Side of Democracy*. Bls. 7.

¹⁷³ Holbrooke, R. 1999. *To end a War*. Bls. 23.

¹⁷⁴ Holbrooke, R. 1999. Bls. 23.

¹⁷⁵ Holbrooke, R. 1999. Bls. 23.

¹⁷⁶ Holbrooke, R. 1999. Bls. 24.

Þetta er sami skilningur og Guðmundur Hálfðanarson hefur lagt í afleiðingar þjóðernishyggi sem hefur verið gerð að pólitísku vopni þar sem henni er beitt sem pólitískri hugmyndafræði til að hlutgera huglæga vitund;¹⁷⁷ þegar hann kemst að þeirri niðurstöðu að henni fylgi undantekningarlítið „...*kynþáttahatur og fyrirlitning á öðrum þjóðum.*”¹⁷⁸ Hér er nauðsynlegt að fara aðeins dýpra í saumana á þeirri heiftarlegu þjóðernishyggi sem sveif yfir vötnum Balkanskagans.

Stærri Serbía

Íbúar Balkanskagans hafa löngum haft orð á sér fyrir að búa yfir sterkri þjóðerniskennnd.¹⁷⁹ Sjálfsagt hefur ásælni annarra stórvelda til landa skagans í gegnum aldirnar haft sitt að segja til að efla þjóðernisvitund íbúanna enda einkennist saga ríkjanna af linnulítilli baráttu við gamla Austurríska keisaradæmið úr norðri og Ottómana úr suðri. Sú þjóðernisstefna sem hefur notið fylgis í Serbíu síðan á miðri 19. öld sækir efnivið sinn í öfgakenndar kenningar rithöfundarins Iilja Garasanin. Þessi þjóðernisstefna er kölluð „*Stærri Serbía*” (e. *Greater Serbia*) og hefur iðulega ráðið för í ákvarðanatöku Serbíu og orðið ásteytingarsteinn í samskiptum Serba við önnur ríki á skaganum. Áætlanir hennar gera ráð fyrir að á hvern þann stað Balkanskagans sem Serba er að finna geti Serbía kastað eign sinni, enda hljóti markmið serbneskra yfirvalda að vera að sameina alla Serba undir einn serbneskan hatt og tryggja þannig hagsmuni þeirra.¹⁸⁰ Óhjákvæmilega hefur þessi áætlun fallið í grýtta jörð þar sem Serbar hafa verið í miklum minnihluta íbúa s.s. í Króatíu, Bosníu og Kosovo.

Bæði Slobodan Milošević, Serbíuforseti, og Radovan Karadžić, forseti Bosníu-Serba, kyntu hraustlega undir elda „*Stærri Serbíu*” á síðari hluta níunda áratugarins og beittu júgóslavneskum fjölmiðlum óspart í þeim tilgangi að ala á hatri, tortryggni og andúð Serba í garð nágrannaþjóðanna.¹⁸¹ Tilgangur þeirra var einfaldur; að nýta sér hverja þá hugmyndastefnu sem gæti tryggt þeim

¹⁷⁷ Guðmundur Hálfðanarson. 2001. *Íslenska þjóðríkið*. Bls. 38.

¹⁷⁸ Guðmundur Hálfðanarson. 2001. Bls. 24.

¹⁷⁹ Holbrooke, R. 1999. *To end a War*. Bls. 22.

¹⁸⁰ Perić, P. 1998. *A History of the Croats*. Bls. 234.

¹⁸¹ Holbrooke, R. 1999. Bls. 24.

áframhaldandi forystu og völd. Milošević, sem þótti mjög mælskur, var einstaklega fimur í að notfæra sér undiröldur þjóðernishyggju meðal þjóðar sinnar til að koma eigin ár betur fyrir borð og ef kynþáttahatur var lykillinn að áframhaldandi setu hans á valdastóli, þá varð svo að vera.¹⁸² Franjo Tuđman, fyrsti forseti Króatíu, þótti reyndar lítill eftirbátur tvímenninganna hvað þjóðernishyggju og ættjarðarást snerti.¹⁸³

Serbar stofnuðu sjálfstætt ríki í Bosníu (*s. Republika Srpska*) haustið 1991 þegar frelsisvindar feykту nýjum bylgjum sjálfstæðis yfir heiminn og Milošević vissi sem var að sjálfstæðisyfirlýsinga annarra ríkja skagans yrði senn að vænta. Serbar voru allt að 37% íbúa í Bosníu og þegar sýnt varð að þeim tækist ekki að ná pólitískum yfirráðum eftir þingkosningarnar í Bosníu árið 1990, var teningunum kastað. Eina leiðin sem Karadžić og félagar hans í Serbneska demókrataflokknum (*e. Serbian Democratic Party; SDS*) sáu til að tryggja Serbum völd var að stofna eigið ríki.¹⁸⁴ Í forsæti nýja „ríkisins” var Radovan Karadžić sem hófst þegar handa við að tryggja serbnesk yfirráð í Bosníu. Fljótlega bárust fregnir af skipulögðum árásum, fjöldamorðum, brottrekstri borgara og öðrum verknuðum sem voru lagðir til grundvallar ákærum á hendur Karadžić nærri 10 árum síðar. ICTY er ekki í vafa um að þeir atburðir sem urðu fyrir atbeina Karadžić hafi átt upptök sín í þessari grimmdarlegu þjóðernisstefnu sem engu eirði.¹⁸⁵

Í Krajina-héraðinu í austanverðri Slavóníu í suðurhluta Króatíu voru allt að 12% íbúanna Serbar.¹⁸⁶ Það var í krafti þess fjölda, í anda „*Stærri Serbíu*”, sem Serbar stofnuðu annað sjálfstjórnarríki Serba (*s. Republika Srpska Krajina; RSK*) inni í miðri Króatíu árið 1991 og nutu til þess fulls stuðnings frá Milošević og júgóslavneska hernum þó þetta serbneska „ríki” hafi reyndar aldrei verið viðurkennt af öðrum þjóðum.¹⁸⁷ Athygli vekur að enn þann dag í dag vísar Mile Mrkšić, yfirhershöfðingi Serba í átökunum í Krajina, til „forseta lýðveldis Serba í

¹⁸² Drakulić, S. 2004. *They would never hurt a fly*. Bls. 127.

¹⁸³ Holbrooke, R. 1999. *To end a War*. Bls. 29.

¹⁸⁴ ICTY. Ákæra á hendur Radovan Karadžić. Fylgiskjöl. Bls. 23-24.

¹⁸⁵ ICTY. Ákæra á hendur Radovan Karadžić. 2000. Bls. 24.

¹⁸⁶ Perić, I. 1998. *A History of the Croats*. Bls. 236.

¹⁸⁷ ICTY. Ákæra á hendur Radovan Karadžić. 2000. Bls. 22.

Krajina” um yfirstjórn þessa sérkennilega sjálfstjórnarríkis svo augljóst er að afstaða ýmissa aðila til réttmætis þessa meinta lýðveldis er lítið breytt.¹⁸⁸

Til að miðla málum sendu Sameinuðu þjóðirnar fjölda friðargæsluliða á vettvang og lýstu Krajina friðað svæði en það hindraði ekki skipulagðar þjóðernishreinsanir þar sem Króatar voru drepnir, pyntaðir og reknir af heimilum sínum.¹⁸⁹ Áður en langt um leið hafði fjöldi króatískra borgara í Krajina minnkað úr 295.000 manns í einungis 3.500 einstaklinga.¹⁹⁰ Eins og oft áður var vilji alþjóðasamfélagsins til að grípa inn í alltof veikur og sundurleitur til að hafa nokkur afgerandi áhrif.

Hvers vegna var hernaðarmáttur Króata svona miklu veikari en Serba? Höfðu ekki báðar þjóðir verið einingar sama ríkis um áratuga skeið? Vitað er að hernaðarmáttur gömlu Júgóslavíu var mjög mikill, sumir sögðu að júgóslavneski herinn, JNA, væri sennilega fjórði öflugasti herinn í Evrópu fram að hruni kommúnismans.¹⁹¹ Annað veigamikið atriði í þessu sambandi er að Serbar höfðu alltaf haft tögl og hagldir í yfirstjórn JNA eins og kom berlega í ljós þegar stríðið braust út. Sá háttur var hafður á í gömlu Júgóslavíu að vopnabúr hersins voru staðsett víðs vegar um lönd skagans undir umsjón staðbundinna heryfirvalda en sjálfar vopnaverksmiðjurnar voru allar í Serbíu.¹⁹² Starfsmenn ICTY sem voru á Balkanskaga í stríðinu höfðu vitneskju um að næstum heilu ári áður en Króatía og Slóvenía lýstu yfir sjálfstæði hefði júgóslavneski herinn byrjað að fjarlægja öll vopn úr vopnageymslunum og færa þau yfir til Serbíu. Það bendir til þess að Serbar hafi gert sér grein fyrir hvað í vændum var og ákveðið að tryggja sinn hag í tæka tíð.¹⁹³ Afleiðingin varð sú að herbúnaður hinna ríkjanna var lítill sem enginn. Því þurfti ekki að koma á óvart að töluverður tími leið þar til Króatar og Bosníumenn höfðu komið sér upp nægilegum herstyrk til veita Serbum mótspyrnu að einhverju ráði.

¹⁸⁸ Mile Mrkšić bar vitni fyrir ICTY 19. júní 2009. Hann talaði ævinlega um yfirstjórn RSK sem „forseta” og sjálfstjórnarríki Serba sem „lýðveldi Serba í Krajina” þótt hvorugt hafi nokkru sinni fengið viðurkenningu umheimsins. Mile Mrkšić stjórnaði og bar ábyrgð á voðaverkum sem framín voru í borginni Vukovar í austurhluta Króatíu í upphafi stríðsins þegar nálægt 250 manns voru dregnir út af sjúkrahúsi bæjarins og drepnir. Margir hinna látnu eru enn ófundnir. Fyrir þetta ódæði var Mrkšić dæmdur í 20 ára fangelsi í maí 2009.

¹⁸⁹ Holbrooke, R. 1999. *To end a War*. Bls. 33.

¹⁹⁰ Holbrooke, R. 1999. Bls. 45.

¹⁹¹ GlobalSecurity.com. Military: Army of Yugoslavia.

¹⁹² Holbrooke, R. 1999. Bls. 30.

¹⁹³ Viðtal við Brigitte St.Germaine, kanadískan rannsóknara ICTY á Balkanskaga. Tekið í janúar 2008.

Krajina svæðið skipti miklu máli í framvindu stríðsins og kemur oft við sögu ákærunnar á hendur Gotovina. Króötum sveið mjög að nærri 25% af landinu væri hernumið og Króatía nánast skorin í tvennt en ekki síst að þurfa að lúta serbnesku ofríki og ofsóknum sem var stjórnað af Ratko Mladić, einum alræmdasta hershöfðingja Milošević, hinum sama og síðar stjórnaði aðgerðunum í Sarajevo og Srebrenica í félagi við Karadžić. Fyrstu ár stríðsins höfðu Króatar enn ekki bolmagn til að snúast til varnar en ráðgjöfum Vesturlandanna var vel ljóst að Krajina væri brotalínan þar sem átök yrðu óumflýjanleg ef ekki tækist að stilla til varanlegs friðar.¹⁹⁴ Það var líka hér í Knin sem Króatar létu til skarar skriða nærri þremur árum eftir sjálfstjórnaryfirlýsingu Serba í Krajina með „Stormi” (e. *Operation Storm*) og „Hvelli” (e. *Operation Flash*).¹⁹⁵ Þessar hernaðaraðgerðir og atvik þeim tengd eru meginuppistaðan í ákærum ICTY á hendur Ante Gotovina.

Ákæra ICTY á hendur Ante Gotovina

Ákæran á hendur Gotovina er í 8 liðum. Fyrsti ákæruliðurinn í ákæru ICTY snýst um atburðarás sem átti sér stað í „Stormi” í Krajina-héraði. Aðgerðinni var hleypt af stokkunum 4. ágúst 1995 og lauk 15. nóvember sama ár. Serbneskir íbúar svæðisins voru reknir af heimilum sínum sem króatíski herinn tók umsvifalaust í sínar hendur. Þeir Serbar sem ekki vildu eða gátu yfirgefið heimili sín voru beittir harðræði og/eða drepnir. Alls telur dómstóllinn að 150 manns hafi látið lífið í aðgerðinni. Þessum fyrsta ákærulið er því skipt í 4 undirliði; manndráp, gripdeildir, eignaspjöll og brottrekstur íbúa. Það vekur athygli að í þessum ákærulið sem og 6. og 7. lið, tilgreinir ICTY ekki aðeins ábyrgðarhluta Gotovina sem hershöfðingja heldur kallar dómstóllinn einnig til ábyrgðar Franjo Tudjman, fyrrverandi forseta Króatíu, sem dómurinn álítur hafa hvatt til, skipulagt og fyrirskipað aðgerðir „Storms” í Krajina.¹⁹⁶

¹⁹⁴ Holbrooke, R. 1999. *To end a War*. Bls. 45.

¹⁹⁵ Aðgerðin „Hvellur” var gerð í byrjun maí 1995. Þótt aðgerðin væri ekki ýkja tilkumumikil og stæði stutt yfir var hún mikilvægur fyrirboði „Storms”.

¹⁹⁶ ICTY. Ákæra á hendur Ante Gotovina. 2001. 1. ákæruliður.

Þar sem dómstóllinn gaf ekki út ákærana á hendur Gotovina fyrr en árið 2001, er ekki ólíklegt að Tudjman hefði fengið sömu meðhöndlun og hershöfðinginn enda hefur dómstóllinn ekki hikað við að ákæra þjóðhöfðingja þar sem efni hafa staðið til. Tudjman lést hins vegar árið 1999 þannig að til þess kom aldrei. Gotovina er ákærður fyrir að hafa undirbúið og skipulagt ofsóknir á hendur serbneskum íbúum Krajina í félagi við Tudjman og hann hefði vitað eða mátt vera ljóst að herdeildir undir hans stjórn stóðu fyrir þessum verknuðum. Með því gerðist hann brotlegur við 5. grein, staflíð h ásamt 7. og 3. grein alþjóðalaga um glæpi gegn mannkyni (*e. Crimes against Humanity*).

Annar og þriðji ákæruliður snúast um morð á óbreyttum borgurum. Á ofangreindu tímabili, frá ágúst fram í nóvember 1995, stungu, skutu eða brenndu króatískar hersveitir 150 Serba til ólífis. ICTY álitur að Gotovina hafi ekki beitt nauðsynlegum aðferðum til að koma í veg fyrir þessa verknaði. Með því hafi hann brotið lög um glæpi gegn mannkyni, 5. og 7. grein laga ICTY en ekki síður lög eða reglur um stríð. (*e. Laws or Customs of War*).¹⁹⁷

Fjórdi og fimmti ákæruliður snúast um gripdeildir á serbneskum heimilum í Krajina og eyðileggingu borga eða bæja. Eignir og búpeningur hinna brottreknu voru teknir ófrjálsri hendi af króatískum herdeildum og eru nákvæmari lýsingar á ránsfengnum settar með í viðhengi við ákærana. Króatíski herinn brenndi hús, eigur og jafnvel búfenað sem Serbar skildu eftir. Með þessum verknaði braut Gotovina lög eða reglur um stríð (*e. Laws or Customs of War*) samkvæmt 3. grein, staflíð e ásamt 7. grein, 1. og 3. málsgrein. Dómstóllinn vísar til þess að Gotovina hafi vitað eða mátt vita að herdeildir undir hans stjórn gengu fram með þessum hætti og hafi ekki gripið til nauðsynlegra ráðstafana til að stöðva athæfi þeirra.¹⁹⁸

Sjötti og sjöundi ákæruliður snúa að brottvísun og brottrekstri óbreyttra borgara af lendum sínum með valdi. Þessum verknaði fylgdu króatísku hersveitirnar eftir með íkveikjum, gripdeildum, ógnandi tilburðum og hótunum í garð Serba í Krajina-héraði. Með aðgerðum sínum, eða aðgerðaleyfi öllu heldur, álitur ICTY Gotovina hafa brotið lög gegn mannkyni, nánar tiltekið brottrekstur sem brýtur

¹⁹⁷ ICTY. Ákæra á hendur Ante Gotovina. 2001. 2. og 3. ákæruliður.

¹⁹⁸ ICTY. Ákæra á hendur Ante Gotovina. 2001. 4. og 5. ákæruliður.

gegn 5. grein, staflíð d ásamt 7. grein, 1. og 3. málsgrein sem fjalla um glæpi gegn mannkyni og ómannúðlega verknaði (*e. Crimes against Humanity*).¹⁹⁹

Síðasti ákæruliður í máli ICTY gegn Gotovina snýst um önnur ómannúðleg brot á sama tímabili og ofangreindir ákæruliðir. Gotovina hefði mátt vita að herdeildir undir hans stjórn sýndu Krajina-Serbum lítillækkandi og niðrandi framkomu með því að berja þá og beita þá líkamlegu harðræði. Þessi brot falla undir lög um annars konar ómannúðleg brot og brjóta gegn 5. grein, staflíð i ásamt 7. grein, 3. málsgrein í lögum ICTY (*e. Individual Criminal Responsibility*).²⁰⁰

Í skýringum ICTY á ákæruliðum fer ekki á milli mála að allt Krajina svæðið var kraumandi suðupottur átaka og erja allt frá sjálfstæðisyfirlýsingu Króata í júní 1991. Serbar svöruðu yfirlýsingu Króata um hæl með því að stofna serbneskt sjálfstjórnarríki í Króatíu og hvorki friðargæslutilraunir Sameinuðu þjóðanna né friðaráætlun Cyrus Vance, þáverandi sendimanns Vesturveldanna á Balkanskaga, breyttu nokkru um þrákelknislega afstöðu beggja þjóða.²⁰¹ Líklega fór ekkert á milli mála að friðargæsluliðar samtaka sem sjálf voru fjarri því að komast að samkomulagi um hvaða afstöðu skyldi taka gagnvart einstökum ríkjum Balkanskagans, voru frámunalega illa í stakk búnir til að verja frið sem var ekki til að dreifa. Fálmkennnd og fálát viðbrögð Vesturveldanna juku aðeins á illindi og hatur milli þjóðarbrotanna og einsýnt að almenningi á svæðinu þótti umheimurinn svíkja sig með því að láta þetta ástand viðgangast svona lengi. Á fyrstu dögum stríðsins sýndust Vesturveldin tvístígandi um hvers sjálfstæði skyldi viðurkennt og þá væntanlega hvaða þjóðhöfðingi skyldi teljast lögmætur. Jafnvel Karadžić var sjálfur iðulega viðstaddur samningaviðræður stórveldanna og tíður gestur á ráðstefnum Vesturveldanna um málefni Balkanlandanna, sem sýndi glögglega að pólitískt reiptog stórveldanna stóð afdráttarlausum aðgerðum þeirra og ákvörðunum fyrir þrifum.²⁰²

¹⁹⁹ ICTY. Ákæra á hendur Ante Gotovina. 2001. 6. og 7. ákæruliður.

²⁰⁰ ICTY. Ákæra á hendur Ante Gotovina. 2001. 8. ákæruliður.

²⁰¹ Holbrooke, R. 1999. *To end a War*. Bls. 51.

²⁰² Hazan, P. 2004. *Justice in a Time of War*. Bls. 40.

Ákæra á hendur Radovan Karadžić

Ákæra á hendur Karadžić var fyrst gefin út í júlí 1995. Þáverandi saksóknari ICTY, Richard J. Goldstone, var álitinn mikill hófssemdarmaður og varfærinn með eindæmum. Honum hafði oft verið legið á hálsi fyrir að láta undan þrýstingi frá ráðamönnum stórveldanna sem reyndu gjarnan að hlutast til um störf dómstólsins²⁰³ en í þetta sinn voru engar vomur á yfirsaksóknaranum. Ástæðan var augljós. Blóðbaðið í Srebrenica opinberaði þau bitru sannindi að þjóðarmorð var ekki aðeins yfirvofandi heldur bláköld staðreynd sem hafði staðið yfir um langa hríð. Vestrænir sendifulltrúar höfðu vitneskju um að fangabúðir Serba voru í það minnsta 11 talsins víðs vegar um Króatíu og Bosníu þar sem fangar voru pyntaðir og myrtir og nýr stríðsglæpur²⁰⁴ fundinn upp; konum var nauðgað á skipulagðan hátt í því skyni að brjóta niður siðferðisþrek þeirra og þjóðar þeirra²⁰⁵ og kallað „...tæki til að hreinsa Bosníu af öllum múslimum.”²⁰⁶

Þetta var raunar ekki nýr sannleikur því þegar í júlí 1992, nærri þremur árum og mörgum samningafundum Vesturveldanna með Karadžić fyrr, birti bandaríska dagblaðið *Newsday* grein um dauðabúðirnar í Bosníu og dró ekkert undan.²⁰⁷ Eftir atburðina í Srebrenica var hins vegar engin leið lengur fyrir ráðamenn að loka augunum fyrir ástandinu. Framganga serbnesku hersveitanna í Srebrenica undir stjórn Mladić var álitin að undirlagi, skipulagningu og undir beinni stjórn Radovan Karadžić.²⁰⁸ Sú er skýringin á því að upphaflega ákæran er gefin út á hendur tvímenningunum í einu lagi þótt ákærunni hafi síðar verið skipt upp og hún endurbætt þar sem ICTY taldi þá bera sameiginlega ábyrgð á verknaðinum. Vandræðagangur, pólitískt baktjaldamak og ómarkvissar aðgerðir alþjóðasamfélagsins voru orðnar óbreyttum þegnum Balkanskagans býsna dýrkeyptar.²⁰⁹

²⁰³ Hazan, P. 2004. *Justice in a Time of War*. Bls. 56-57.

²⁰⁴ Scheffer, D. J. 1999. Rape as a War Crime. Ræða við Fordham University í New York, 29. október 1999. Nauðganir á konum á stríðstímum voru sannarlega ekki nýjar af nálinni en í Balkanstríðinu var slíkt athæfi formlega skilgreint af hálfu ICTY sem stríðsglæpur.

²⁰⁵ ICTY. 1995. Upphafleg ákæra á hendur Karadžić. Bls. 3.

²⁰⁶ Drakulić, S. 2004. *They would never hurt a fly*. Bls. 58.

²⁰⁷ Hazan, P. 2004. Bls. 12.

²⁰⁸ Hazan, P. 2004. Bls. 13.

²⁰⁹ Hazan, P. 2004. Bls. 185.

Árið 2000 gaf ICTY út endurbætta ákæru á hendur Karadžić þar sem honum er gefið að sök að hafa á árunum 1991-1995 undirbúið, skipulagt og tekið þátt í tilgreindum verknuðum í því augnamiði að „...beita íbúa sem ekki voru af serbneskum uppruna ofsóknum, harðræði, ofbeldi og ógn í því skyni að reka þá af svæðum sem Bosníu-Serbar höfðu slegið eign sinni á og þannig valdið óbreyttum borgurum þjáningum og dauða.”²¹⁰ Þennan atburð skilgreindi ICTY síðar sem þjóðarmorð enda uppfyllti hann til þess öll skilyrði laga dómstólsins skv. ákvæðum Genfar-sáttmálans.²¹¹ Hvort þjóðernishreinsun er beinlínis ófrávíkjanlegur liður í þjóðarmorði eða hvort yfirhöfuð er réttlætanlegt að aðskilja hugtökin verður látið liggja á milli hluta en óneitanlega bera atburðirnir í Srebrenica sterkan svip af hvoru tveggja.

Fyrsti til sjötti ákæruliðir ICTY gegn Karadžić eru fyrirferðarmestir og alvarlegastir af öllum liðum ákærunnar. Ákæruliðirnir snúa að brotum á lögum um þjóðarmorð (*e. Genocide*), samsekt í þjóðarmorði (*e. Complicity in Genocide*), glæpi gegn mannkyni (*e. Crimes against Humanity*) og brotum á lögum eða reglum um stríð (*e. Laws or Customs of War*) og alvarleg brotum á Genfar-sáttmálanum (*e. Grave Breaches of Geneva Convention*) frá 1949. Undir glæpi gegn mannkyni eru tilgreind brot sem varða útrýmingu, morð og manndráp af ásetningi. Upphaf verknaðanna rekur ICTY allt aftur til 1. júlí 1991 en þá hafi Serbar fyrir atbeina, skipulagningu og að tilskipan Karadžić hafið skipulagðar aðgerðir til að uppræta og eyða kynþáttum, þjóðarbrotum og trúarhópum sem ekki tilheyrðu Serbum.²¹²

Ofsóknir Serba beindust að mati ICTY að Króötum og Bosníumönnum, bæði í Króatíu og í Bosníu. Þessir verknaðir hófust þannig aðeins örfáum dögum eftir sjálfstæðisyfirlýsingu Króata þótt atburðarásin sjálf kunnir að hafa átt sér lengri aðdraganda undir yfirborðinu. Í staflíðum a, b, og c ákærir ICTY Karadžić fyrir að hafa skipulagt og látið setja upp útrýmingarþúðir víðs vegar um skagann þar sem Króötum og Bosníumönnum var hrúgað saman og þeir pyntaðir, sveltir og myrtir.²¹³ Til starfans studdust Serbar ekki aðeins við heraflo sinn heldur einnig staðbundnar lögreglusveitir. ICTY hefur dæmt marga þessara lögreglumanna fyrir

²¹⁰ ICTY. 2000. Ákæra á hendur Karadžić. 1. – 6. grein.

²¹¹ ICTY. Lög dómstólsins. 4. grein, 2. málsgrein, staflíður a – e.

²¹² Holbrooke, R. 1999. *To end a War*. Bls. 33.

²¹³ ICTY. Ákæra á hendur Karadžić. 2000. 1. – 6. liður ákærunnar, staflíður a, b, og c.

afbrot sín, suma sem gátu í besta falli talist héraðslögreglumenn eða varalið sem einungis var kallað til starfa í ljósi aukinna verkefna.²¹⁴

Ákæra ICTY um manndráp af ásetningi er fyrir ýmsar sakir athyglisverð, ekki síst vegna þess að dómstóllinn virðist ekki hafa getað hent reiður á þeim fjölda einstaklinga sem létu lífið í serbneskum fangabúðum. Þannig er ekki óalgengt að sjá vísað í „meira en 60 manns”, „48 manns hið minnsta”, „hundruðir karla, kvenna og barna” og „u.þ.b. tólf einstaklinga”. Hver skýringin er á þessari ónákvæmni dómstólsins er óljós en leiða má að því getum að honum hafi hreinlega ekki tekist að nafngreina eða kasta tölu á þá fjölmörgu borgara sem aldrei hafa fundist eftir að stríðinu lauk. Nokkrir viðmælendur mínir í Króatíu hafa tekið undir þetta, margir þeirra eiga ættingja og vini sem hurfu í stríðinu og aldrei hefur spurst til síðan.²¹⁵

Þetta styður framburður vitnis fyrir ICTY þann 22. maí 2009 en vitnið er fornleifafræðingur sem hefur sérhæft sig í réttarfræðilegum rannsóknum á uppgreftri og hefur farið með umsjón með uppgreftri fjöldagrafa sem fundist hafa í Serbíu. Fyrir dómnum bar hann að erfitt hefði verið að tilgreina raunverulegan fjölda líkanna sem grafin voru upp þar sem augljóst hefði verið að fólkið hefði verið líflátið á ótilteknum stað og líkin grafin upp og flutt löngu síðar á einhvern allt annan stað. Í ofanálag leið rannsóknin fyrir slæugar genarannsóknir af hálfu heimamanna sem þó hefði verið eina leiðin til að bera kennsl á hvern einstakling. Því var endanlegur fjöldi líkanna hvorki ótvíræður né hafinn yfir allan vafa.²¹⁶

Sú hrottalega meðferð sem óbreyttir borgarar fengu í fangabúðum Serba fylla marga ákæruliði sem allir falla undir lög um glæpi gegn mannkyni og felast í ásetningi gerandans um að beita líkamlegu og andlegu ofbeldi í þeim tilgangi að valda öðrum manneskjum líkamlegum og andlegum skaða.²¹⁷ Skilyrðin sem fangarnir bjuggu við voru sannarlega í litlu frábrugðin fangabúðum helfararinnar; hungur, kuldi og harðræði varð fjöldamörgum að aldurtíla. Það er kaldhæðnislegt í þessu sambandi að minnst þess að Radovan Karadžić er sjálfur menntaður

²¹⁴ Drakulić, S. 2004. *They would never hurt a fly*. Bls. 66-82.

²¹⁵ Viðtöl sem tekin voru við króatíska heimildarmenn sem njóta nafnleyndar 26.- 28. mars 2009.

²¹⁶ Vitnisburður fornleifasérfræðings í réttarfræði í málsmeðferð ICTY gegn Vlastimir Đorđević. 22. maí, 2009.

²¹⁷ ICTY. Lög dómstólsins. 5. grein, stafliðir a – i.

geðlæknir, ekki ósvipað öðrum stríðsglæpamönnum frá útrýmingarbúðum nasista forðum.

Það er einnig í þessum ákæruliðum sem ICTY grípur gjarnan til hugtaksins um þjóðernishreinsanir þegar undirstrikuð eru brot Serba gagnvart nágrönnum sínum. Með því virðist dómstóllinn leggja ákveðinn skilning eða mörk í hugtakið sjálfur þar sem Gotovina er hvergi sakaður um að hafa staðið fyrir þjóðernishreinsunum heldur aðeins ólögætum brottrekstri fólks. Hugsanlega er dómstóllinn með því að bregða einhvers konar mælistiku eða mati á umfang og eðli þess ofbeldis sem fylgdi verknuðunum eða búa til nokkurs konar millistig milli stríðsglæpa annars vegar og þjóðarmorðs hins vegar.

Sjöundi liður ákærunnar snýr að ofsóknum Serba á hendur þeim kynþáttum og þjóðarbrotum sem ekki voru serbnesk og dómstóllinn hefur ákveðið að eigi sér upphaf í ofsóknum vegna mismunandi pólitískra skoðana, ólíkra kynþátta eða trúarlegrar afstöðu.²¹⁸ Staflíðir ákæruliðarins fjalla nánar um framferði Serba í fangabúðunum, bæjum og sveitum en ekki síst í Srebrenica. Nauðganir á konum og ómannúðleg meðferð er þungamiðjan í þessum lið en einnig ákærir ICTY vegna gjöreyðileggingar á helgum byggingum og kirkjum Króata og Bosníumanna sem dómstóllinn telur hafa haft þann tilgang einan að brjóta niður þjóðarvitund annarra kynþátta.²¹⁹

Í áttunda og níunda lið kemur hugtakið um þjóðernishreinsanir aftur fyrir og nú í tengslum við skipulagðar hreinsanir Serba á svæðum í kringum Banja Luka og Bijelina sem hófust fyrir alvöru vorið 1992 þegar dómstóllinn álitur eiginlega herferð þjóðernishreinsanna hafa hafist. Srebrenica kemur einnig hér við sögu eins og í öllum öðrum liðum ákærunnar. Dómstóllinn ákærir Karadžić fyrir að hafa vitað eða mátt vita hvað hersveitir og lögregluliðið undir hans stjórn aðhöfðust án þess að grípa til viðeigandi ráðstafana til að koma í veg fyrir athæfið og með aðgerðaleysi sínu hafi hann því brotið lög um glæpi gegn mannkyni (*e. Crimes against Humanity*).²²⁰

²¹⁸ ICTY. Ákæra á hendur Karadžić. 2000. 7. liður, staflíðir a – f.

²¹⁹ ICTY. Lög dómstólsins. 5. grein, staflíður h.

²²⁰ ICTY. Ákæra á hendur Karadžić. 2000. 8. – 9. liður.

Tíundi og ellefti ákæruliður fjallar um harðræði við óbreytta borgara (*e. Unlawfully Inflicting Terror upon Civilians*), ekki síst í Sarajevo. Í rúmlega fjögur ár sátu Serbar um Sarajevo í hjarta Bosníu og breytti nærvera gæslusveita Sameinuðu þjóðanna engu þar um. Bosnía-Herzegóvína hafði þegar fengið sjálfstæði sitt viðurkennt af umheiminum 6. apríl 1992 þegar umsátrið um borgina hófst. Richard Holbrooke er ómyrkur í máli um þátt Sameinuðu þjóðanna í þjáningum íbúa Sarajevo; hann fullyrðir að með því að eftirláta Serbum stjórn á því hverjir komust inn og út úr borginni í allan þennan tíma, hafi samtökin í raun og veru orðið „...óviljandi vitorðsaðili serbneskrar stjórnarstefnu”.²²¹ Í þau fjögur ár sem umsátrið varði, umkringdu Serbar borgina og létu sprengjum rigna yfir hana um leið og leyniskyttur skutu á karla, konur og börn úr felustöðum sínum í hæðunum sem umlykja borgina. Seint og um síðir tókst alþjóðasamfélaginu með aðstoð NATO að neyða Milošević að samningaborðinu þar sem hann afturkallaði umsátrið en þó ekki fyrr en NATO hafði gripið til gríðarlegra loftárása til að sýna Milošević fram á að umheiminum væri loksins alvara.²²² Hér er vert að minna á að þótt Radovan Karadžić ætti að heita forseti Bosníu-Serba blandaðist engum hugur um að Milošević var raunverulegur húsbóndi hans þótt vinskapur félaganna yrði frekar endasleppur áður en yfir lauk.²²³

Í kjölfar loftárásanna í maí 1995 tóku Bosníu-Serbar meira en 200 friðargæsluliða Sameinuðu þjóðanna í gíslingu þar sem þeir hlutu slæma meðferð og var hótad bæði líkamsmeiðingum og aftökum.²²⁴

Umsátrið um Sarajevo er talið brjóta gegn lögum eða reglum um stríð (*e. Laws or Customs of War*) eins og tilvikum er lýst í 51. grein og 13. grein viðauka Genfar-sáttmálans sem og 3. og 7. grein laga ICTY en gíslatakan sjálf braut gegn 3. grein Genfar-sáttmálans og 3. og 7. grein laga ICTY (*e. Individual Criminal Responsibility*).²²⁵

²²¹ Holbrooke, R. 1999. *To end a War*. Bls. 48.

²²² Hazan, P. 2004. *Justice in a Time of War*. Bls. 128.

²²³ Holbrooke, R. 1999. Bls. 159.

²²⁴ Hazan, P. 2004. Bls. 65.

²²⁵ ICTY. Lög dómstólsins. 3. og 7. grein.

Ólíkar ákærur, annars konar sekt

Ef bornar eru saman ákærur á hendur Gotovina og Karadžić eru nokkur atriði sem standa upp úr. Í fyrsta lagi eru ákærur á hendur Karadžić allar sérlega alvarlegar þar sem þjóðarmorð og þjóðernishreinsanir eru uppistaðan í 11 liðum ákærunnar. Ákærur á hendur Gotovina eru í færri liðum og jafnvel þótt hann hafi stjórnað skipulögðum brottrekstri serbneskra borgara frá Króatíu þá notar dómstóllinn hvergi orðið þjóðernishreinsun um verknaðinn. Þetta gæti verið vísbending um að dómstóllinn geri skýran greinarmun á umfangi brottrekstrarins eða tengi brotin við ásetning og eðli þess ofbeldis sem fylgir verknaðinum þótt endanlegt markmið beggja tilfella sé ekki óáþekkt.

Í öðru lagi er Gotovina í helmingi tilfella ákærður fyrir brot sem hersveitir undir hans stjórn frömdu og hann vissi eða hefði mátt vita um án þess að grípa til ráðstafana til að koma í veg fyrir þau. Þessi tilfelli snúa að morðum, manndrápum, eyðileggingu eigna, bæja eða borga og ómannúðlega framkomu við óbreytta serbneska íbúa. Beinn þáttur Karadžić í þjóðarmorði og þjóðernishreinsunum er á hinn bóginn afgerandi þar sem ICTY álitur Karadžić hafa ekki aðeins skipulagt og undirbúið útrýmingu þjóðarbrotanna heldur hafi hann fyrirskipað hernum að uppræta með öllu Króata og Bosníumenn af tilteknum svæðum. Þannig virðist dómstóllinn gera mjög skýran greinarmun á beinum eða óbeinum þætti ákærðu í ákæruliðum.

Í þriðja lagi dregur ICTY fleiri einstaklinga til samábyrgðar í nokkrum ákæruliðum. Dómstóllinn telur skipulagðan brottrekstur og gripdeildir á eignum Serba í Krajina-héraði vera unnin samkvæmt skipulagningu og að undirlagi Gotovina sjálfs og ofsóknirnar sem slíkar hafi upphaflega verið skipulagðar af honum í samráði við Franjo Tuđjman.²²⁶ Í flestum liðum ákærunnar telur ICTY að Karadžić beri sameiginlega ábyrgð með fyrrum samstarfsmönnum sínum í forsæti serbneska lýðveldisins í Bosnía, þeim Momčilo Krajišnik og Biljana Plavsić sem var um tíma næstráðandi Karadžić. Þau hafa bæði fengið sína dóma hjá ICTY;

²²⁶ ICTY. Ákæra á hendur Ante Gotovina. 2000. Bls. 3-11.

Krajišnik fékk 27 ára dóm sem síðar var lækkaður í 20 ár og Plavsić fékk 11 ár.²²⁷ Hún er raunar eina konan sem ICTY hefur ákært fyrir stríðsglæpi og hún er jafnframt ein örfárri ákærðra sem hefur gengist við sekt sinni.²²⁸

Ekki er hægt að skilja við samanburð ákæranna án þess að velja upp spurningum um réttmæti þeirra gagnvart sakborningunum. Áður hefur verið fjallað um sjálfstæði dómstólsins og viðleitni hans við að auðsýna hlutleysi í störfum sínum en hinu er ekki að leyna að mörgum þykir ákærur á hendur Gotovina skjóta skökku við vegna þeirrar grundvallarstaðreyndar að Króatar, og þar með Gotovina, voru aðeins að verja hendur sínar gegn árásaraðilanum, Serbum. Króatía var sjálfstæð, fullvalda þjóð og hafði því bæði lagalegan og sjálfsagðan rétt á að snúast til varnar þegar á hana var ráðist; að heyja stríð til varnar föðurlandinu.²²⁹ Þetta atriði telja verjendur Gotovina þvílíkan ágalla ákæranna og brogaðan hornstein að sjálf uppbygging málatilbúnaðarins geti aldrei orðið annað en skökk og að eðli til skæld.²³⁰ Með því að selja alla málsaðila undir sömu sök, hvort sem þeir voru fullvalda ríki í vörn eða árásarríki í sókn og án þess að taka afstöðu til árásaraðilans sérstaklega, taki ICTY óbeina afstöðu sem sé ranglát og setji óhjákvæmilega málið gegn Gotovina í siðferðislega úlfakreppu sem alþjóðasamfélagið gæti síðar þurft að bíta úr nálinni með.

Undan klóm réttvísinnar

Í ljósi alvarleika þeirra brota sem Karadžić er ákærður fyrir vekur nokkra undrun hvernig á því stóð að hann slapp undan réttvísinni í heil þrettán ár. Allt frá upphafi stríðsins hafði alþjóðasamfélagið haft hersveitir á sínum snærum í Balkanlöndunum, ýmist sveitir Sameinuðu þjóðanna eða hersveitir NATO, og því er ekki fráleitt að ætla að þeim hefði verið í lófa lagið að handtaka Karadžić ef færi hefði gefist.²³¹ Það gerðist hins vegar ekki og því kemur fálæti Vesturveldanna í þessum eignum nokkuð á óvart. Fljótt á litið gæti linkind þeirra gagnvart Karadžić

²²⁷ ICTY. Heimasíða. 2003. Biljana Plavšić Transferred to Sweden to Serve Prison Sentence.

²²⁸ Drakulic, S. 2004. *They would never hurt a fly*. Bls. 181.

²²⁹ Perić, I. 1998. *A History of the Croats*. Bls. 243.

²³⁰ Viðtal við Luka Mišetić, aðalverjanda Gotovina. Tekið 25. júní 2009.

²³¹ Hazan, P. 2004. *Justice in a Time of War*. Bls. 106.

skotið mjög skökku við; maðurinn var ákærður stríðsglæpamaður síðan 1995 og með ólíkindum að alþjóðasamfélagið hafi látið þetta lögleysi viðgangast.

Ástandið í heiminum á þessum tímamótum var hins vegar nokkuð óvenjulegt og vera kann að skýringanna sé að hluta til að leita þar. Í fyrsta lagi er veigamikið atriði að Berlínarmúrinn féll 1989 og með honum fjaraði undan hugmyndafræði sem hafði haldið löndum Austur-Evrópu í heljargreipum. Hvert landið á fætur öðru lýsti yfir sjálfstæði og landslag evrópskra stjórn mála var í þann mund að taka stökkbreytingum. Evrópusambandið stóð á þröskuldi nýrra tíma, fyrirsjáanleg var aukin stækkun sambandsins með nýfengnu frelsi margra ríkja og „...*nýr dagur Evrópu runninn upp*” eins og Jacques Poos, þáverandi utanríkisráðherra Lúxemborgar, orðaði vongóður.²³² Sú vonarstjarna slokknaði hins vegar fljótt því Evrópusambandið var engan veginn í stakk búið til að takast á við vandamál af þeirri stærðargráðu sem Balkanskaginn bauð upp á. Sambandið hafði hvorki sameiginlega utanríkisstefnu né sameiginlegan herafla og ríki fyrrum Júgóslavíu nutu auk þess misjafns stuðnings valdamestu ríkja sambandsins.²³³ Í Evrópu ríkti hvorki nógu mikil eining til að taka sameiginlega stefnu né einurð til að stefna að sameiginlegu markmiði.²³⁴

Evrópuríkin virtust samt ætla að reyna samningaleiðina í Balkanlöndunum til þrautar þótt ákvarðanir þeirra hafi helst einkennst af óöryggi og fátí. Framan af var öll áhersla lögð á að finna diplómatiskar lausnir og á nánast öllum ráðstefnum og fundum um stríðið á Balkanskaga var Karadžić boðsgestur. Sennilegast er að forráðamenn Vesturveldanna hafi álitið að hinn brothætti friður yrði ekki tryggður nema með aðkomu Karadžić sem var mjög valdamikill meðal Bosníu-Serba og náninn samstarfsmaður Milošević. Ekki verður heldur annað séð en að efasemdir hafi verið um hvað eða hver Karadžić raunverulega var, forseti eða ótíndur glæpamaður, og þar með hvort hann væri réttmætur viðsemjandi eður ei.

Hér er rétt að rifja upp að ICTY ákærði Mladić og Karadžić í aðdraganda Dayton- samningsins sem sagt var frá í 2. kafla. Fréttamaður NBC varpaði þeirri spurningu til Richard Holbrooke hvort það hafi verið skynsamlegt af ICTY að

²³² Holbrooke, R. 1999. *To end a War*. Bls. 28.

²³³ Holbrooke, R. 1999. Bls. 31.

²³⁴ Holbrooke, R. 1999. Bls. 61.

ákæra Karadžić og hvort það yrði samningaviðræðunum ekki bara til trafala að kalla hann stríðsglæpamann. Þessu svaraði Holbrooke orðrétt: „Það skiptir engu hvað ég eða þú köllum hann, það er til alþjóðlegur stríðsglæpadómstóll og ég skal segja þér nokkuð skýrt og skörinort. Fyrir mánuði síðan var fólki í Srebrenica stillt upp og það stráfellt. Þetta var slíkur glæpur gegn mannkyni að óheyrt er í Evrópu síðan á dögum Hitlers og Stalíns og það er bláköld staðreynd og á því þarf að taka. Það kemur ekki til greina að semja við einstaklinga sem bera ábyrgð á þessum hryllingi.”²³⁵

Í öðru lagi myndaðist ákveðið holrúm í veröld stjórnmalanna með falli kommúnismans sem neyddi Bandaríkin til að ganga í gegnum mikið breytingaskeið á þessum tíma. Ríkisstjórn Bush Bandaríkjaforseta hafði lítinn sem engan áhuga á því sem var að gerast á Balkanskaga og fannst Evrópusambandinu standa málið töluvert nær. Þegar Bill Clinton var kjörinn forseti 1992 var tekinn nýr póll í hæðina og Bandaríkin tóku forystuna í samningaviðræðunum við Milošević og félagaga. Þessi umbreytingartími tók nærri 3 ár og á meðan var ofurveldið upptekið af öðrum hlutum en evrópskum styrjöldum.²³⁶

Í þriðja lagi stóð NATO einnig á tímamótum þar sem gamli óvinurinn og höfuðandstæðingurinn, Varsjárbandalagið, var horfinn af sjónarsviðinu og hlutverk NATO og framtíðarhorfur í besta falli óljósar. Tilvistarkreppa NATO hófst með brotthvarfi Varsjárbandalagsins og lauk að sinni í stríðinu á Balkanskaga.²³⁷ Þegar hernaðarkrafta samtakanna varð þörf við að knýja Serba til samninga gekk NATO loksins í endurnýjun lífdaga og fékk nýtt hlutverk sem útréttur armur öryggisstefnu Evrópusambandsins²³⁸ og sameiginlegt löggæsluafli Vesturveldanna.²³⁹

Í fjórða lagi hefur sá orðrómur lengi verið þrálátur að í samningunum sem gerðir voru milli Vesturveldanna og Serba í aðdraganda og eftirmála Dayton-samningsins, hafi Richard Holbrooke lofað Karadžić friðhelgi gegn því að hann hætti öllum afskiptum af stjórnmalum²⁴⁰ og segði sig alfarið frá herstjórn Bosníu-Serba. Frá þessu var m.a. sagt í bosnísku dagblöðunum *Zona Sumraka* 27. apríl

²³⁵ Holbrooke, R. 1999. *To end a War*. Bls. 90.

²³⁶ Holbrooke, R. 1999. Bls. 94.

²³⁷ Holbrooke, R. 1999. Bls. 72.

²³⁸ Cameron, F. 2007. *An Introduction to European Foreign Policy*. Bls. 69.

²³⁹ Bennett, A. L. & Oliver, J. K. 2002. *International Organizations: Principles and Issues*. Bls. 243.

²⁴⁰ Karadžić var einnig forsprakki SDS í Republika Srpska; sjálfstjórnarríki Bosníu-Serba.

2004 og síðar í *Fokus* í mars 2007. Þar er sagt frá samningi milli Holbrooke og Karadžić frá 5. nóvember 1995 þar sem sá síðarnefndi lofar að draga sig í hlé en fær að launum fjárhagslegan styrk frá Bandaríkjastjórn og vilyrði Holbrooke um að öryggi hans yrði tryggt.²⁴¹

Þessu meinta samkomulagi hafa Vesturveldin ævinlega neitað harðlega en nú kann að verða breyting þar á. Lögfræðingar Karadžić lögðu nýlega fram frávísunarkröfu vegna ákæru ICTY á hendur sakborningnum á þeim grundvelli að Richard Holbrooke hafi heitið honum fullri friðhelgi í júlí 1996 og að ákæra ICTY yrði látin „hverfa“.²⁴² Holbrooke sjálfur segir þetta hlægilegan uppspuna en lögfræðingar Karadžić segjast geta kallað Momčilo Krajišnik²⁴³ til vitnis um samkomulagið sem á að hafa verið gert munnlega.²⁴⁴ Hafi slíkt samkomulag á annað borð verið gert verður að álíta það hreina og klára pólitíska aðför að þeim alþjóðalögum og reglum sem alþjóðasamfélagið hefur skuldbundið sig til að standa vörð um. Því hlýtur að teljast fráleitt að slíkur leynisamningur stæðist alþjóðalög þar sem hvorki Holbrooke né nokkur einstaklingur eða ríkisstjórn hefur umboð eða valdheimild til að útdeila undanþágum frá alþjóðlegri réttvísi að eigin geðþótta. Haldi lögfræðingar Karadžić frávísunarkröfunni til streitu hlýtur því enn að koma til kasta ICTY að standa vörð um framþróun og framfylgni alþjóðalaga og réttar.

Stærsti veikleiki Dayton-samningsins var augljóslega sá að ekki var gengið formlega frá framsali Karadžić og Mladić.²⁴⁵ Þótt öllum málsaðilum væri ljóst að Radovan Karadžić var ákærður fyrir hryllilega stríðsglæpi virtist enginn vera tilbúinn til að taka af skarið. Boutros-Ghali fordæmdi atburðina í Srebrenica og skipaði sveitum samtakanna að: „...*rannsaka atburðinn til fulls og grípa til viðeigandi ráðstafana án tafar*“ en ummæli aðalritarans voru til lítils annars fallin en að forða Sameinuðu þjóðunum frá því að grípa til frekari aðgerða.²⁴⁶ Enginn vildi axla ábyrgðina á handtöku Karadžić²⁴⁷ og hvorki Sameinuðu þjóðirnar né NATO voru

²⁴¹ Hartman, F. 2007. *Paix et Châtiment*. Bls. 171.

²⁴² Guardian. Heimasíða. Karadžić Immunity Deal.

²⁴³ Momčilo Krajišnik var samstarfsmaður Karadžić og Plavšić og deildi um tíma forsetaembætti Republika Srpska með tvímeningunum.

²⁴⁴ BBC. Heimasíða. Immunity Deal protects Karadžić.

²⁴⁵ Holbrooke, R. 1999. *To end a War*. Bls. 315.

²⁴⁶ Holbrooke, R. 1999. Bls. 92.

²⁴⁷ Hartman, F. 2007. Bls. 216.

tilbúin til að hafa forgöngu um að færa Karadžić fyrir dómstólinn.²⁴⁸ Tvískinnungsháttur Vesturveldanna náði hámarki í þessu leikhúsi fáránleikans, hér ferðaðist Karadžić óáreittur um Pale, höfuðstað Bosníu-Serba, þrátt fyrir að bæði NATO og Sameinuðu þjóðanna væru með hersveitir á svæðinu og vegartálmur væru víða. Það var sem sagt ekki getuleysi alþjóðasamtakanna um að kenna heldur viljaleysi vestrænna ráðamanna sem réði því að handtaka Karadžić var látin liggja milli hluta.²⁴⁹ Sú hryggilega staðreynd rennir stoðum undir þá fullyrðingu að leynilegt samkomulag kunni að hafa verið gert við Karadžić þó Vesturveldin hafi ekki viljað gangast við því opinberlega.

Milli stafs og hurðar stjórnmalanna var ICTY sem barðist á tvennum vígstöðvum; við diplómatiskan skollaleik á aðra hönd og á hina þá brýnu þörf að sjá réttlætinu fullnægt, einu leiðina til að tryggja varanlegan frið. Ögunarúrræði alþjóðasamfélagsins voru enn harla fábrotin, allt þar til Evrópusambandið datt niður á árangursríkustu leiðina sem hugsast gat, boð um aðild gegn framsali stríðsglæpamanna.²⁵⁰ Framsal Karadžić varð að veruleika haustið 2008 og markar mikil tímamót í alþjóðlegri réttarsögu og gefur aukna von um betri sambúð ríkjanna á Balkanskaga.

Þótt umsóknaraðild Króata að Evrópusambandinu hafi hingað til gengið tiltölulega snurðulítið fyrir sig í Króatíu er ekki óhugsandi að almenningur eignir Gotovina að einhverju leyti viðsnúning stríðsins og hafi skiptar skoðanir á réttmæti þessara vöruskipta. Viðfangsefni næsta kafla fjallar um þetta viðkvæma sjónarhorn; afstöðu almennings til hershöfðingjans og/eða stríðsglæpamannsins, Ante Gotovina.

²⁴⁸ Holbrooke, R. 1999. *To end a War*. Bls. 338.

²⁴⁹ Hazan, P. 2004. *Justice in a Time of War*. Bls. 95.

²⁵⁰ Evrópusambandið. Heimasiða. 2005. The European Union opens accession negotiations with Croatia.

FRAMSAÐ GOTOVINA OG INNGANGA KRÓATÍU Í EVRÓPUSAMBANDIÐ

Handtaka og framsal Ante Gotovina í desember 2005 hafði þau áhrif að aðildarferli Króatíu í Evrópusambandið tók mikinn kipp, nákvæmlega eins og yfirlýsingar sambandsins um forsendur aðildar höfðu gefið vonir um. Vera kann að skiptar skoðanir séu meðal króatísku almennings um réttmæti framsalsins vegna þess að í hugum margra Króata hefur Gotovina fengið sess frelsishetju sem bjargaði Króatíu úr klóm árásarliðsins og endurheimti langþráð sjálfstæði þjóðarinnar. Í þessum kafla verður fjallað um afstöðu hins almenna borgara til Gotovina annars vegar og Evrópusambandsins hins vegar vegna þess að aðild landsins að sambandinu verður að eiga sér samsvörun í sjálfsmynd þjóðarinnar. Hver er sjálfsmynd Króata? Hvar staðsetur almenningur sig í hinu vestræna samhengi? Finnst hinum almenna borgara aðild að sambandinu of dýru verði keypt? Við þessum spurningum verður leitað svara.

Hetja eða skúrkur

„Hann er hetja, þjóðhetjan okkar sem bjargaði okkur frá Serbum”, sagði gamall, króatískur maður aðspurður um afstöðu hans til Gotovina.²⁵¹ Óvíst er að allir treystu sér til að taka heilshugar undir þessa lýsingu á Gotovina þegar horft er til býsna skrautlegrar fortíðar mannsins og ferils sem þolir kannski ekki mjög nákvæma skoðun. Gotovina er fæddur árið 1955 á Pašman-eyju undan Dalmatíuströnd Króatíu og ól fyrstu ár sín á þeim slóðum. Fáa skyldi því undra að Gotovina nýtur enn mikils stuðnings meðal íbúa Dalmatíu.²⁵² Gotovina fór ungur að árum til sjós og þaðan lá leiðin í hina alræmdu Frönsku útlendingaherdeild (f.

²⁵¹ Viðtal við króatískan heimildarmann sem nýtur nafnleyndar. Tekið 4. apríl 2009.

²⁵² Hvarvetna í bæjum og þorpum eftir endilangri strönd Dalmatíu sem og á eyjum Adríahafsins má sjá slagorð á húsveggjum og skiltum þar sem Ante Gotovina er kallaður „Hetja Króatíu.” Höfundur ferðaðist um Dalmatíuströnd sumrin 2007, 2008 og 2009 og hefur áletrunum síst fækkað milli ára.

Légion Étrangère) þar sem hann varð fljótt meðlimur í 2. fallhlífaherdeildinni. Hann hlaut vegsauka hjá „Yfirstjórnendum rannsókna og aðgerða” (*f. Commandos de Recherche et d’Action en Profondeur*) þar sem orðstír hans virðist fljótt hafa borist út fyrir endimörk útlendingaherdeildarinnar. Náinn samstarfsmaður Gotovina var Dominique Erulin sem hafði góð sambönd og samvinnu við hægri öfgasinna í Frakklandi og opnaði ýmsar dyr fyrir Gotovina inn í innsta kjarna þekktra þarlandra öfgahópa. Að lokinni dvöl í útlendingaherdeildinni fékk Gotovina franskan ríkisborgararétt og talið er að hann hafi ásamt Erulin féлага sínum eftir það verið í slagtogi með fleiri öfgasinnuðum hægrimönnum sem hliðhollir voru t.d. flokki Jean-Marie Le Pen.²⁵³ Gotovina starfaði einnig um langa hríð fyrir svokölluð einkarekin öryggisfyrirtæki sem sérhæfðu sig í lausnum vandamála alþjóðlegra fyrirtækja m.a. í Afríku og Suður-Ameríku.

Samkvæmt frönskum lögregluskýrslum flæktist Gotovina hugsanlega í ýmis konar glæpamál í Frakklandi og mun samkvæmt opinberum heimildum hafa hlotið tveggja ára fangelsisdóm vegna rána og þvingana.²⁵⁴ Þessu neita hins vegar verjendur Gotovina harðlega og segja hann hafa verið fórnarlamb rangra sakargifta frönsku lögreglunnar enda hafi Gotovina aðeins setið í örfáa daga í frönsku fangelsi áður en honum var sleppt aftur og málið látið niður falla án nokkurra eftirmála eða skýringa af hálfu yfirvalda.²⁵⁵ Hið sanna sé að Gotovina hafi lent milli þils og veggjar í viðsnúningi franskra stjórn mála og orðið blóraböggull óhóflegrar tortryggni ráðamanna sem enginn fótur var fyrir.

Hér er nauðsynlegt að rifja upp að árið 1981 urðu forsetaskipti í Frakklandi. Fráfarandi forseti var Giscard d’Estaing sem var hægrisinnaður en nýr forseti var kjörinn Francois Mitterand sem var vinstrisinnaður og fyrsti sósíalistinn til að ná kjöri í frönskum forsetakosningum. Mitterand þótti afar var um sig, reyndar svo mjög að iðulega hafi tortryggni forsetans og grunsemdir um að andstæðingarnir sætu um líf hans keyrt um þverbak og orsakað óverðskuldaðar handtökur hægrisinnaðra manna. Slíkt hafi einmitt átt sér stað í einkennilegum málatilbúnaði

²⁵³ Answers.com. Ante Gotovina.

²⁵⁴ Answers.com. Ante Gotovina.

²⁵⁵ Viðtal við Luka Mišetić, aðalverjanda Ante Gotovina. Tekið 25. júní 2009.

franska ríkisins gegn Anta Gotovina sem rann út í sandinn án sýnilegra sannana.²⁵⁶ Máli sínu til sönnunar benda verjendurnir á að ætti þessi áburður við rök að styðjast, hefði Gotovina aldrei fengið franska vegabréfið sitt endurnýjað án nokkurra vandkvæða eða athugasemda árið 1995 eins og raunin varð á.²⁵⁷ Stuðningsmenn Gotovina í Króatíu eru sannfærðir um að hann hafi verið hafður fyrir rangri sök og einfaldlega orðið fórnarlamb ráðabruggs í þeim tilgangi einum að kasta rýrð á persónu hans vegna tengsla hans við franska hægrimenn.²⁵⁸

Það er ekki hlaupið að því að sannreyna þennan áburð frönsku lögreglunnar en vissulega gefa störf Gotovina fyrir hin ýmsu öryggisfyrirtæki víðs vegar um heiminn átyllu til grunsemda um að hugsanlega þoli ýmsar hliðar starfsferils hans ekki vel dagsljósið. Það þýðir hins vegar ekki að Gotovina hafi gerst sekur um stríðsglæpi og fullyrða verjendur hans að hann hafi gert allt sem í hans valdi stóð til að koma í veg fyrir gripdeildir og harðræði í garð serbneskra borgara. Fyrir dómi ICTY var sýnt myndband frá herráðsfundi sem haldinn var í höfuðstöðvum króatíska hersins í Knin örfáum dögum eftir „*Storm*”. Þar má sjá og heyra Ante Gotovina ávíta undirforingja sína vægast sagt mjög harðlega vegna þess að fregnir hafi borist af „ódrengilegri” og „óhermannslegri” framkomu króatískra hermanna í garð óbreyttra borgara. Þessu reiddist Gotovina ákaflega og lét undirforingja sína hafa það óþvegið. Ekki verður annað ráðið af þessu myndbandi en að hershöfðingjanum hafi verið bláköld alvara og í því vísaði hann oftinnis til beinna fyrirmæla sem hann hafði lagt fyrir undirmenn sína um að gæta heiðurs Króatíu í hvívetna og koma fram af virðingu við hvern einasta borgara, hvort sem væri króatíska eða serbneska.²⁵⁹

Þegar stríðið í Króatíu braust út árið 1991 var Ante Gotovina einn þeirra fjölmörgu einstaklinga sem sneru aftur heim til liðs við króatíska herinn sem enn var varla starfhæfur að nokkru gagni. Leið Gotovina til aukinna vegsemda innan hersins var greið og jókst hróður hans hratt bæði meðal yfirmanna hans og

²⁵⁶ Viðtal við Luka Mišetić, aðalverjanda Ante Gotovina. Tekið 25. júní 2009.

²⁵⁷ Axis Information and Analysis. Heimasíða. 2005. Ante Gotovina: Gangster, General, National Hero... War Criminal?

²⁵⁸ Viðtal við króatískan stuðningsmann Gotovina sem nýtur nafnleyndar. Tekið 28. mars 2009.

²⁵⁹ Myndband þetta var sýnt í réttarhöldunum yfir Ante Gotovina í nóvember 2008.

almennings. Fjórum árum síðar var Gotovina orðinn hershöfðingi í króatíska hernum og nafntoguð þjóðhetja í heimalandinu.

Franjo Tudjman, fyrsti forseti Króatíu, var hægri sinnaður þjóðernissinni og hélt hlífiskildi yfir Gotovina til dánardægurs 1999. Að honum gengnum tók Stjepan Mesić við forsetaembættinu í september 2000 og gaf fljótlega tóninn um nýja stefnu stjórnvalda sem virtust ákveðin í að tengja Króatíu kirfilega við Evrópusambandið. Hann rak Gotovina og 6 aðra hershöfðingja²⁶⁰ frá yfirstjórn hersins vegna tregðu þeirra við að aðstoða króatísk yfirvöld við rannsókn á meintum stríðsglæpum og ekki bætti úr skák að Gotovina var ásakaður í fjölmiðlum um að hafa ráðgert að steypa ríkisstjórninni af stóli og sölsa sjálfur undir sig stjórn landsins.²⁶¹ Þessar ásanir voru aldrei til lykta leiddar.

ICTY ákærði Gotovina 21. maí 2001 en þá var hann þegar farinn í felur. Frá miðju sumri 2001 lögðust ýmsar alþjóðastofnanir á eitt um að hafa hendur í hári hans en án árangurs. Króatíski ríkisdómstóllinn í Zagreb gaf út handtökuskipun á Gotovina í júlí 2001, mánuði síðar slóst Interpol með í eftirförina og Bandaríkjastjórn lagði fram 5 milljóna dollara fundarlaun til höfuðs hershöfðingjanum²⁶² en allar tilraunir alþjóðasamfélagsins til að hafa hendur í hári hans runnu út í sandinn og Gotovina lék lausum hala þar til í desember 2005.²⁶³

Augljóst er að sú ríkisstjórn sem var við völd frá andláti Tudjman hefur gert sér far um að mæta væntingum alþjóðasamfélagsins og háværum kröfum ICTY um samvinnu, jafnvel svo vasklega að hörðustu þjóðernissinnar sökuðu stjórnina um að hafa svikið eigin þjóð til að þóknast dómstólum í Haag.²⁶⁴ Margir hafa einnig leitt að því líkur að Evrópusambandið hafi með afdráttarlausum skilyrðum sínum tekið ákveðna stefnu gagnvart öðru þjóðum og gert Gotovina-málið að fyrirmynd eða víti til varnaðar fyrir þau lönd sem hefðu hug á að falast eftir aðild. Fullkomin hlýðni og samvinna við sambandið sjálft sem og alþjóðlega lög- og réttargæslu sé ófrávíkjanleg regla, það sanni mál Ante Gotovina.

²⁶⁰ Hershöfðingjarnir 6 eru: Jadranko Prlić, Bruno Stojić, Slobodan Praljak, Milivoj Petković, Valentin Čorić og Berislav Pusić. Þeir voru ákærðir af ICTY árið 2004 og gáfu sig þegar fram við dómstólinn skv. fyrir mælum frá króatískum yfirvöldum. Mál þeirra er enn rekið fyrir ICTY þegar þetta er ritað og málsmeðferð ekki lokið.

²⁶¹ Axis Information and Analysis. Heimasíða. 2005. Ante Gotovina: Gangster, General, National Hero... War Criminal?.

²⁶² Axis Information and Analysis. Heimasíða. 2005. Ante Gotovina: Gangster, General, National Hero... War Criminal?.

²⁶³ Mbl.is. Heimasíða Morgunblaðsins. 2005. Ante Gotovina neitar að hafa framið stríðsglæpi á Balkanskaga.

²⁶⁴ Hazan, P. 2004. *Justice in a Time of War*. Bls. 155.

Hins vegar er fleiri hliðar á máli Gotovina. Aðalsaksóknari ICTY á þessum tíma, Carla del Ponte, ákærði Slobodan Milošević fyrir stríðsglæpi árið 1999. Ákafar tilraunir hennar til að fá forsetann fyrrverandi framseldan frá Serbíu báru ekki tilætlaðan árangur því serbneska stjórnin sem tók við þegar Milošević tapaði í serbnesku kosningunum árið 2000²⁶⁵ aftók með öllu að framselja Milošević til ICTY. Orsök sinnaskipta stjórnarinnar í Belgrad þremur mánuðum síðar er ósönnuð en væntanlega hefur 1,3 milljarða dollara styrkur frá stórveldunum átt þátt í að telja henni hughvarf.²⁶⁶ Margir eru þó á þeirri skoðun að þar hafi einnig komið til ásetningar del Ponte og loforð hennar til serbnesku stjórnarinnar um að hið sama yrði látið ganga yfir öll lönd Balkanskagans. Þetta hafi hún afráðið til að sýna Serbum að þeir væru á engan hátt lagðir í einelti af alþjóðlegri réttvísi eins og þeir héldu gjarnan fram. Þess vegna hafi Gotovina lent milli steins og sleggju pólitískra ákvarðana del Ponte sem höfðu lítið að gera með sannleikann eða staðreyndir málsins heldur snerust um að einangra ekki sektina við eina tiltekna þjóð en setja þess í stað öll ríkin undir sama hatt.²⁶⁷

Þetta sýni svo ekki verður um villst pólitísk fingraför á máli ICTY gegn Gotovina því að del Ponte hafði endaskipti á hefðbundinni sakamálarannsókn þar sem hún ákærði Ante Gotovina fyrir stríðsglæpi áður en eigenleg rannsókn á meintum glæpum hans hófst, en slíkt þykir í meira lagi óvenjulegt.²⁶⁸ Í meðförum del Ponte hafi Ante Gotovina því í og með verið skiptimynt fyrir framsal Slobodan Milošević sem var ICTY snöggtum stærri og mikilsverðari fengur og verulega þung lóð á vogarskálar alþjóðaréttvísi.²⁶⁹

Því er ekki að neita að öllum viðmælendum mínum í Króatíu sviður undan stefnu alþjóðasamfélagsins um að leggja sekt íbúa Balkanskagans að jöfnu, því kjarni málsins sé sá að það voru Serbar sem réðust inn í önnur lönd skagans en ekki á hinn veginn. Enn sitji t.a.m. Króatía uppi með tugi þúsunda jarðsprengja sem

²⁶⁵ BBC.com. Heimasíða BBC. 2006. Timeline: After Milosevic.

²⁶⁶ Drakulic, S. 2004. *They would never hurt a fly*. Bls. 122.

²⁶⁷ Viðtal við Luka Mišetić, aðalverjanda Ante Gotovina. Tekið 25. júní 2009.

²⁶⁸ Viðtal við Luka Mišetić, aðalverjanda Ante Gotovina. Tekið 25. júní 2009.

²⁶⁹ Milošević var framseldur 28. júní 2001 eða tæpum þremur vikum eftir að ákæra á hendur Gotovina var gerð. Ákæra Gotovina var hins vegar ekki birt opinberlega fyrr en 26. júlí 2001.

Serbar komu fyrir²⁷⁰ og munu taka yfirvöld mörg ár að hreinsa en ekki einu byssuskoti hafi verið hleypt af í Serbíu.²⁷¹ „Þið gleymið því alltaf að við vorum aðeins að verja hendur okkar, það vorum ekki við sem réðumst á aðra þjóð heldur Serbar sem réðust á okkur. Sjálfstæð þjóð á rétt á að verja hendur sínar.”²⁷² Króatía og Bosnía snerust til varnar og það er hverri sjálfstæðri, fullvalda þjóð leyfilegt og eðlilegt eða eins og einn viðmælandi minn orðaði það: „Þið verðið að bera kennsl á árársaðilann. Það hafið þið aldrei gert.”²⁷³

Ímynd frelsis

Þó orðstír Gotovina kunni að hafa lítilla beðið hnekki í Króatíu þegar skuggsýnn starfsferill hans spurdist út meðal almennings, fer ekki á milli mála að hann naut gífurlegs stuðnings heima fyrir og nýtur enn. Ivo Sanader, forsætisráðherra til skamms tíma, sagði að Gotovina hershöfðingi væri einn þeirra sem mestan þátt ættu í frelsun Króatíu og króatískir listamenn kepptust við að mæra hann sem þjóðhetju landsins í ræðu og riti.²⁷⁴ Árlega er haldin fjáröflunarsamkunda eða uppboð í Zagreb til að mæta málskostnaði hershöfðingjans þar sem fjöldi nafntogaðra einstaklinga leggur hönd á plóginn.²⁷⁵ Jafnvel 4 ára flótti hans undan réttvísinni hefur fengið á sig hetjubla sjálfskipaðrar útleigðar og styrkt ímynd Gotovina sem bjargvættarins sem barðist gegn ofureflinu og hafði betur.

Hvers vegna hefur almenningur baðað Ante Gotovina í þessum hetjuljóma? Af hverju eru óbreyttir borgarar tilbúnir til að gefa ómælt af tíma sínum og peningum til að styrkja málskostnað manns sem er ákærður fyrir stríðsglæpi? Nærtækasta skýringin er sú að í stríðshrjáðu landi hafi fólk sem um langa hríð upplifði mismunun og kúgun einfaldlega þurft á hetju að halda, holdgervingi hins

²⁷⁰ Höfundur ferðaðist um héruð í nánd við borgina Karlovać í miðhluta Króatíu sumarið 2007. Í og við Plitvića Jezera sem er þjóðgarður á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna vegna náttúrfegurðar og sérkennilegra vatnasvæða, er aðeins leyfilegt að ganga eftir merktum stígum vegna þess að Serbar settu niður gífurlegt magn jarðsprengja á svæðinu í því skyni að gjöreyðileggja það. Yfirvöld í Króatíu vinna að því að hreinsa svæðið en því verki er ólokið.

²⁷¹ Viðtal við króatískan heimildarmann sem nýtur nafnleyndar. Tekið sumarið 2007.

²⁷² Viðtal við króatískan heimildarmann sem nýtur nafnleyndar. Tekið 28. mars 2009

²⁷³ Viðtal við króatískan heimildarmann sem nýtur nafnleyndar. Tekið 5. apríl 2009.

²⁷⁴ Axis Information and Analysis. Heimasíða. 2005. Ante Gotovina: Gangster, General, National Hero... War Criminal?

²⁷⁵ Viðtal við króatískan borgara sem nýtur nafnleyndar. Tekið í maí 2009.

langþráða frelsis. Þjóðernisvitund og ættjarðarást almennings virðist kristallast í manningum sem Króatar eigna gegnumbrotið í Krajina, þar sem undirokuð þjóð reis upp gegn áráðum og vann sigur.

Sjálfsmynd þjóðar endurspeglast í og fyrir orðræðu og vitund þjóðarinnar sem byggir landið og hlýtur að vera spyrnt við þjóðernisvitund fólks. Robert Cooper segir sjálfsmynd þjóðar yfirleitt eiga upptök sín í kjarna sögu, menningar og tungu²⁷⁶ og verður ekki annað séð en að sú skoðun hans eigi ágætlega við króatísku veruleika. Ímynd frelsishetjunnar fellur hér einnig ákaflega vel að augljósri tilhneigingu almennings í Króatíu til að upplifa sig undir oki ofjarls, undir áralangri áþjám niðurlægingar sem brotnaði að lokum fyrir sigur þjóðernisvitundar og ættjarðarástar.

Þorsteinn Pálsson sagði í ræðu 13. júní 2009 að ættjarðarást væri göfug tilfinning sem enginn skyldi skammast sín fyrir²⁷⁷ og sennilega geta flestir samþykkt það. Íslendingar eiga sér vissulega sínar eigin þjóðhetjur t.a.m. í Fjölnismönnunum og Jóni Sigurðssyni sem eignaðar hafa verið sigur sjálfstæðisbaráttunnar á Íslandi²⁷⁸ og ættu því að eiga auðvelt með að setja sig í spor annarra smáþjóða hvað mikilvægi frelsishetja snertir.

Hefð, menning og saga þjóðar tvinnar saman heildina sem sjálfsmyndin sprettur upp úr, hvött og viðhaldið af orðræðu hennar,²⁷⁹ hinum eiginlegu húbýlum sjálfsmyndarinnar. Í því ljósi verður ímynd Gotovina sem þjóðhetju skiljanlegri, burtséð frá persónulegum ferli hans. Heimildarmaður minn sagði: „*Gotovina sýndi þjóðinni okkar óbifanlega hollustu; hann sneri heim til að verja hendur okkar gegn þeim sem var okkur yfirsterkari svo við gætum verið frjáls í okkar eigin landi. Það var það eina sem Króatía vildi, að verða frjáls.*”²⁸⁰

²⁷⁶ Cooper, R. 2003. *The Breaking of Nations: Order and Chaos in the Twenty-First Century*. Bls. 20.

²⁷⁷ Þorsteinn Pálsson. Ræða við útskrift nema frá Háskólanum í Reykjavík, 13. júní 2009.

²⁷⁸ Guðmundur Hálfðanarson. 2001. *Íslenska þjóðríkið*. Bls. 79.

²⁷⁹ Mingst, K. A. 2004. *Essentials of International Relations*. Bls. 75.

²⁸⁰ Viðtal við króatísku heimildarmann sem nýtur nafnleyndar. Tekið 4. apríl 2009.

Þjóðin í ríkinu

Gamla Júgóslavía var samsett úr nokkrum þjóðum eða þjóðarbrotum. Ekki eru allir á eitt sáttir um hvað það er sem einkennir þjóð þótt fáir velkist í vafa um mátt og vægi þjóðernisvitundar. Ytri landamæri ríkja eru yfirleitt ekki ágreiningsefni, alltént ekki á friðartímum, en öðru máli gegnir um endimörk þjóða. Þetta á ekki síst við nú á tímum sívaxandi hnattvæðingar þar sem blöndun þjóða og þjóðarbrotá á engan sinn líka fyrr í veraldarsögunni. Þó eru ákveðin atriði sem þurfa að vera til staðar; sameign eða ytri tákn um innri einingu hópsins sem kallar sig þjóð. Í fyrsta lagi er sameiginlegt tungumál fólks driffjöður og forsenda þjóðernisvitundar sem „...*geymir minningar fortíðar og fleytir þeim inn í framtíðina,*”²⁸¹ þótt mörgum kunni að þykja nokkur ofrausn að þakka mætti tungunnar myndun þjóðar.²⁸² Eins og vikið hefur verið að tala þjóðir Balkanskagans nánast sama tungumálið svo ekki er stætt á að draga mörk þjóðanna við tungumálið eitt og sér í þessu tilfelli.

Í öðru lagi tengir saga og minningar heildina saman og styrkir þjóðarvitund innan hópsins, hvort sem slíkar minningar eiga sér stoð í raunveruleikanum eður ei. Í þriðja lagi má nefna hefð innan þjóðarvitundar einstaklinganna sem réttlætir og færir sönnur á tengingu þeirra við heildina. Þörf einstaklinga til að tengja sig við heild,²⁸³ að finna sér samastað, ýmist tilfinningalegan eða áþreifanlegan, er flestum ljós og þótt sínum augum kunni hver að líta uppruna og samsetningu þjóðernis er þessi áskapaða þörf einstaklinga yfirleitt hafin yfir ágreining.²⁸⁴

Tvenns konar hugmyndastraumar varðandi skilgreiningar þjóða og þjóðarvitundar hafa verið ríkjandi. Annars vegar eru þeir sem vilja teygja sig í kenningar Ernst Renan um að sameiginlegar minningar og vilji einstaklinganna sjálfra vegi þyngst í ákvörðun þeirra um hvaða þjóð þeir tilheyra vegna þess að þjóðir séu aðeins söguleg fyrirbæri en ekki eðlislæg.²⁸⁵ Þessa niðurstöðu byggir Renan ekki síst á því að minningar eru að hans mati oftár en ekki hrein og klár sögufölsun og því eru mæri þjóðar einungis söguleg ákvörðun en ekki

²⁸¹ Guðmundur Hálfðanarson. 2001. *Íslenska þjóðríkið*. Bls. 16.

²⁸² Guðmundur Hálfðanarson. 2001. Bls. 40.

²⁸³ Calleo, D. P. 1995. Reflections on the Idea of the Nation-State. Í Kupchan, C. A. (Ritsstj.) 1995. *Nationalism and Nationalities in the New Europe*. Bls. 21.

²⁸⁴ Guðmundur Hálfðanarson. 2001. Bls. 174.

²⁸⁵ Guðmundur Hálfðanarson. 2001. Bls. 18.

náttúrulegumál.²⁸⁶ Í takt við þessa skoðun Renan eru hugmyndir módernista um að þjóð og þjóðerni séu lítið annað en fylgifiskur nútímavæðingar og þjóðernisvitund þar með angi tilviljanakenndrar og breytilegrar samkenndar. Þjóðerni sé því hvorki áskapað né ævagamalt heldur afkvæmi róttækra þjóðfélagsbreytinga og þess vegna sé það undir hverri þjóð komið hvaða tákni eða sagnir hún velur sér til samtengingar.²⁸⁷ Sú aðferð að flokka þjóðir eftir meintri náttúrulegri aðferð segja módernistar aðeins goðsögn, afurð þjóðernisstefnu en ekki vakningu sjálfsvitundar þjóðfélagsþegnsins um eigin tilveru.²⁸⁸

Öndverð sjónarmið undan hatti efnisisma má rekja til Johanns G. Herder sem áleit þjóðerni afsprengi samspils manns og náttúru þar sem tungumálið er mikilvægasta forsenda þjóðernis.²⁸⁹ Í tungumálinu býr, að mati Herder, lykillinn að sjálfskilningi mannsins og þar er grundvöllur allra samskipta milli manna.²⁹⁰ Það skyldi haft í huga hér að Herder var uppi á síðari hluta 18. aldar þegar Evrópa logaði stafnanna á milli einu sinni sem oftast og landamæri ríkja og þjóða voru harla óljós, ekki síður en réttindi og skyldur borgaranna. Frá því sjónarhorni er viðleitni Herder til að draga einhvers konar mörk eða skilgreiningar þjóða vel skiljanleg og eðlileg andsvör í sundurleitri álfu sem þurfti svo sárlega á skýrari línunum að halda.

Efnisismi andmælir tilviljunarkenndum áherslum módernista um uppruna og eðli þjóða og þjóðernisvitundar enda sé fráleitt að milljónir manna hafi látið lífið fyrir ímyndun eða tilviljun eina saman.²⁹¹ Þvert á móti standi þjóðerni á traustum, gömlum grunni og þjóðernisvitund sé varanleg tilfinning í sögu þjóðar sem teygir sig langt aftur fyrir upphaf nútímans. Þjóðerni álita efnisistar mannum eðlislægt sem horfir til minninga, mynda og hefða sem eiga sér miklu dýpri rætur en módernistar vilja vera láta.²⁹² Þetta sést vel á því að þjóðerniskennd leitast ævinlega

²⁸⁶ Guðmundur Hálfðanarson. 2001. *Íslenska þjóðríkið*. Bls. 184.

²⁸⁷ Guðmundur Hálfðanarson. 2001. Bls. 27.

²⁸⁸ Guðmundur Hálfðanarson. 2001. Bls. 27.

²⁸⁹ Calleo, D. P. 1995. Reflections on the Idea of the Nation-State. Í Kupchan, C. A. (Ritstj.) 1995. *Nationalism and Nationalities in the New Europe*. Bls. 19.

²⁹⁰ Guðmundur Hálfðanarson. 2001. Bls. 19.

²⁹¹ Calleo, D. P. 1995. Bls. 21.

²⁹² Guðmundur Hálfðanarson. 2001. Bls. 28.

við að hefja til vegs og virðingar sjálfsmynd tiltekins hóps, þjóðar, sjálfræði hans og einingu sem byggist á tilvísunum í fornan rétt forfeðranna.²⁹³

Það er forvitnilegt í þessu sambandi að nefna upprunahugmynd sem notið hefur nokkurra vinsælda í Króatíu um að forfeður Króata hafi upphaflega komið frá Persíu í mannflutningum fornalda.²⁹⁴ Þess vegna séu Króatar í rauninni ekki hreinræktaðir Slavar eins og aðrir íbúar Balkanlandanna heldur afkomendur hinna nafntoguðu Persa.²⁹⁵ Ýmsir króatískir sagnfræðingar vilja draga þessa kenningu í efa en tilvist hennar ein og sér kann að gefa vísbendingu um ákveðna þörf til að tengja sig við land forfeðranna og minningar um aðra og dýrlegri fortíð en þá sem við blasir.²⁹⁶ Hún gefur líka til kynna tilraun til að aðgreina Króata frá öðrum íbúum Balkanskagans með því að færa sér í nyt goðsögn eða mýtu um glæsta fortíð og skörulega forfeður og réttlæta með því tilvísun og tengingu í lögmætan uppruna, hvort sem um er að ræða sögufölsun að hætti Renan eður ei.

Í þessu ljósi efnisima og móðernisma sýnist óhætt að ganga út frá því að þjóðerniskennnd Króata eigi sér harla djúpar rætur sem teygja sig langt aftur í aldir. Líklegasta útskýringin er sú að Króatar séu bundnir sterkum böndum sem hópur fólks sem á sér goðsagnir um sameiginlegan uppruna, trú og minningar sem bundnar eru við heimalandið.²⁹⁷ Um það bera ummæli viðmælenda minna vitni, þaðan sprettur sjálfsmynd þeirra og þar eru heimkynni þjóðernisvitundar þeirra.

Fyrirverandi aðstoðarstarfsmannastjóri í ríkisstjórn Tudjman, bar fyrir dómi að eftir „*Storm*“, þegar yfirráð Serba í Krajina höfðu voru brotin á bak aftur, gáfu Króatar þeim Serbum sem höfðu leitað skjóls á verndarsvæði Sameinuðu þjóðanna kost á að snúa aftur til heimila sinna án frekari eftirmála að því tilskyldu að þeir skrifuðu undir skilyrðislaust heit þess efnis að þeir gerðust króatískir þegnar með fullum þegnrétti og skyldum og segðu þar með að öllu skilið við serbneskt þjóðerni.²⁹⁸ Þjóðarvitund Króata var þannig augljóslega mjög rík en um leið ósveigjanleg þar sem Serbum var ekki gefinn kostur á neinni málamiðlun heldur

²⁹³ Smith, A. D. 2001. *Nationalism: Theory, Ideology, History*. Bls. 143.

²⁹⁴ Perić, I. 1998. *A History of the Croats*. Bls. 13-14.

²⁹⁵ Viðtal við króatískan heimildarmann sem nýtur nafnleyndar. Tekið í júlí 2008.

²⁹⁶ Croatia. 2006. Bls. 23.

²⁹⁷ Guðmundur Hálfðanarson. 2001. *Íslenska þjóðríkið*. Bls. 27-28.

²⁹⁸ Vitni fyrir ICTY sem kom fyrir dómstólinn 3. – 5. júní 2009.

skyldu þeir velja á milli þjóðerna. Nú eru aðeins um 4% íbúa í Króatíu af serbnesku bergi brotnir. Evrópusambandinu er vel kunnugt um þessa þungu undiröldu króatískrar þjóðernisvitundar andspænis öðrum þjóðarbrotum og fylgist grannt með stefnu stjórnvalda gagnvart minnihlutahópum.²⁹⁹

Líta verður svo á að þjóðernisvitund sé náttúruleg tilfinning í menningu þjóðar en ekki pólitísk hugmyndafræði þótt saga Balkanskagans sýni svo ekki verður um villst að vondir stjórnámamenn geta og hafa fært sér hana í nyt með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Saga Króatíu er almenningi mjög hugleikin og þótt tungumál Balkanskagans sé sumpart íbúunum sameiginlegt er hafið yfir vafa að Króatar vilja síður deila fortíð, sögu eða minningum með öðrum þjóðum skagans. Sjálfsmynd þeirra sem þjóð, og þar með ákvarðanir þeirra, dregur dóm af því.

Sjálfsmynd þjóðar

Sjálfsmynd þjóðar er samofin þjóðernisvitundinni, hún sprettur úr jarðveginum sem lagður hefur verið um margar aldir og hún fylgir farvegi hefðar og menningar þjóðar. Mikilvægi sjálfsmyndar felst ekki síst í því eins og ýmsir hafa haldið fram að ákvarðanir ríkis eru ekki endilega byggðar einvörðungu á beinhörðum hagsmunum þess heldur ekki síður á hugmyndafræðilegum grunni þjóðarinnar í ríkinu³⁰⁰ eða m.ö.o. upp af þjóðernisvitund og sjálfsmynd þjóðarinnar. Iver B. Neuman vill jafnvel tilgreina sjálfsmynd sem sérstaka breytu í ákvarðanatöku ríkis einfaldlega vegna þess að ákvarðanir eigi sér raunveruleg upptök hjá þjóðinni innan ríkisins, neðan frá og upp en ekki á hinn veginn.³⁰¹

Einbeittur vilji júgóslavnesku valdhafanna til að búa til eina þjóð á Balkanskaganum virðist hvorki hafa rist djúpt né hafa verið þess umkominn að mynda tilfallandi samkennd milli þjóðanna þótt tungumálið sjálft væri ekki fyrirstaða í sjálfu sér. Áherslur Anthony D. Smith um áskoranir hins samsetta

²⁹⁹ Roter, P. & Bojinović, A. 2005. Croatia and the European Union.

³⁰⁰ Andreatta, F. 2005. Theory and the European Union's International Relations. Í Hill, C. & Smith, M. (Ritstj.). 2005. *International Relations and the European Union*. Bls. 33.

³⁰¹ Neumann, I. B. 2001. The Nordic States and European Unity. Í Neumann, I. B. (Ritstj.) 2001. *Cooperation and Conflict*. Bls. 92-93.

Þjóðríkis virðast eiga ágætlega við gömlu Júgóslavíu en hann hefur einmitt undirstrikað yfirgnæfandi möguleika á mismunun innan þjóðríkis þar sem einn eþno-hópur ríkir yfir öðrum sem eykur stórlega hættuna á þrýstingi á þjóðríkið innan frá.³⁰²

Eðli málsins samkvæmt er köku þjóðarauðævanna misskipt sem orsakar stanslausan samanburð, meting og óánægju þegar mismunandi eþno-hópar sama ríkis takast á.³⁰³ Enginn þarf að efast um ásetning Tito að skapa eina júgóslavneska þjóð úr ólíkum þjóðarbrotum Balkanskagans en vilji og ákvörðun ein og sér dugði skammt þegar á reyndi. Sjálfsmynd samsettrar þjóðar verður einfaldlega að eiga sér víðtæka samsvörun í hefðum, gildum og goðsögnum allra þjóðarbrotanna³⁰⁴ því ella tekst fólki ekki að samsama sig heildinni og þá er voðinn vís.

Þó sjálfsmynd og þjóðernisvitund séu hverri þjóð mikilvægar eru hvoru tveggja óáþreifanleg og ómælanleg. Þjóðernisvitund lýtur eigin forsendum og vilji þjóðar til að vera frjáls er fyrst og fremst tilfinningalegur.³⁰⁵ Vilji Króatíu til að vera frjálst land var sannarlega hvorki veikur né nýr af nálinni. Króatíska ríkið á sér óljósan uppruna eða tímamörk en árið 905 vísar Konstantín 7. í „*ríki Króata*” og með hliðsjón af þeim skrifum má reikna með að Króatar hafi verið sestir að á Balkanskaganum þegar á 7. öld.³⁰⁶ Króatía hefur tekið miklum landfræðilegum stakkaskiptum í gegnum aldirnar og róstur voru aldeilis ekki óalgengar. Framan af réðu konungar og léns herrar yfir ákveðnum svæðum en frá árinu 1000 voru þau færð undir einn hatt og fyrsti konungur Króata, Tomislav 1., var krýndur 910 e. Kr.³⁰⁷ Frá árinu 1102 lutu Króatar og Ungverjar sameiginlegum ríkisyfirráðum sem síðar sameinuðust Austurríki undir stjórn Habsborgaranna, allt til ársins 1918 þegar þing Króatíu (*c. Sabor*) lýsti yfir sjálfstæði landsins.³⁰⁸ Vilji þings og þjóðar til frelsis var ævinlega ótvíræður eins og yfirlýsing króatíska þingsins árið 1712 ber með sér: „*Við sameinuðumst Ungverjalandi hvorki með valdi né þrælslund heldur af fúsum*

³⁰² Smith, A. D. 2001. *Nationalism: Theory, Ideology, History*. Bls. 127.

³⁰³ Posen, B. R. 1993. The Security Dilemma and Ethnic Conflict, í Mingst, K. A. & Snyder, J. L. (Ritstj.) 2004. *Essential Readings in World Politics*. Bls. 363.

³⁰⁴ Smith, A. D. 2001. Bls. 129.

³⁰⁵ Guðmundur Hálfðanarson. 2001. *Íslenska þjóðríkið*. Bls. 34.

³⁰⁶ Croatia. 2006. Bls. 23.

³⁰⁷ Perić, I. *A History of the Croats*. 1998. Bls. 34-35.

³⁰⁸ Croatianhistory.net.

og frjálsum vilja. Við vorum ekki innlimuð í konungsríkið heldur gengum öllu fremur undir stjórn ungverska konungsins. Við erum frjáls þjóð en ekki þrælar.”³⁰⁹

Króatía leið fyrir stanslausar tilraunir valdamikilla náganna til yfirráða, sérstaklega á hinni blómlegu og gjöfulu Dalmatíuströnd sem teygir sig niður meðfram öllum Balkanskaganum. Feneyingar til forna renndu tíðum hýru auga til skógi vaxinna eyja Adríahafsins og réðu á stundum lögum og lofum á svæðinu, rétt eins og Habsborgarar, Ungverjar, Ottómanar og síðar Ítalir.³¹⁰ Aldalöng átök og ásælni stórvelda á báðar hendur þýddu það eitt að smáríkið Króatía varð stöðugur leiksoppur sér stærri og völdugri ríkja og þótt saga landsins beri óslökkvandi frelsisþrá þegnanna rík merki þá voru erlend yfirráð viðvarandi.

Kúgarinn og hinn undirokaði

Afar áberandi er í málflutningi viðmælenda minna að þeim er tamt að líta á Króata sem undirokaða og þjáða þjóð sem í langan tíma var undir járnhæl Serba, „herraþjóðarinnar”.³¹¹ Saga Króata og Serba er bæði löng og flókin og ræturnar djúpar en það er ágætt að draga af nokkurs konar handahófi tímalínuna við 1918. Við lok fyrri heimsstyrjaldar var Konungsríki Serba, Króata og Slóvena stofnað þótt aldrei hafi farið á milli mála að viðhorf ríkjanna þriggja til sameiningarinnar voru ólík. Þannig vildu Króatar ávallt halda fast í þjóðerni sitt og sjálfsmynd í því sem þeir álitu í fyrstu sambandsríki á jafnréttisgrundvelli en Serbar virðast hafa haft aðrar hugmyndir um það.³¹² Serbnesk lög og regla var einfaldlega yfirfærð yfir á hið nýja ríki án nokkurs samráðs við Króata³¹³ sem upplifðu sig þar með frá upphafi undirmálmenn og utanveltu í stjórn ríkisins.³¹⁴ Árið 1945 varð til Sambandsríki Júgóslavíu þar sem aðildarríkin voru 6 talsins, Króatía, Slóvenía, Bosnía-Herzegóvína, Svartfjallaland, Serbía og Makedónía.³¹⁵ Frá upphafi höfðu

³⁰⁹ Croatia. 2006. Bls. 23.

³¹⁰ Perić, I. 1998. *A History of the Croats*. Bls. 82-83.

³¹¹ Viðtal við króatíska heimildarmann sem nýtur nafnleyndar. Tekið 4. apríl 2009.

³¹² Perić, I. 1998. Bls. 197.

³¹³ Perić, I. 1998. Bls. 222-225.

³¹⁴ Darko, Z. 1995. *The Period of Croatia within Ex-Yugoslavia*.

³¹⁵ Perić, I. 1998. Bls. 223.

aðildarríkin eigin þing en yfirburðir Serba í sambandsríkinu Júgóslavíu voru algjörir og sjálfræði aðildarríkjanna aðeins að formi til.³¹⁶

Samsláttur gjörólíkra hugmyndastrauma í aðdraganda og gangi síðari heimsstyrjaldar virðist hafa barið enn frekar í þá þjóðernislegu bresti sem lágu á milli þjóðanna í ríkinu því Króatar aðhylltust öfgasinnaða blöndu af þjóðernisstefnu nasismans sem naut þar með stuðnings Hitlers og Mussolini en Serbar fylktu sér á hinn bóginn að baki kommúnískum partizönum Titos.³¹⁷ Andspyrnuhreyfing Króata í Júgóslavíu stríðsáranna, Ustaše, bar ábyrgð á morðum fjölda Serba í heimsstyrjöldinni og fyrir hennar tilstilli var sett leppstjórn nasista í Króatíu sem gekk fram af hörku og grimmd gagnvart serbneskum íbúum í Króatíu.³¹⁸ Sigur kommúnismans innan Júgóslavíu í stríðslok þýddu m.a. endalok Ustaše en ól ekki síður á viðvarandi væringum og heift milli þjóðanna sem engu höfðu gleymt.³¹⁹

Hér er enn ónefndur þáttur ólíkrar trúarafstöðu sem skiptir óhemjumiklu máli í framvindu sögunnar og sjálfsvitundar íbúanna á Balkanskaga. Króatar hafa verið kaþólskir a.m.k. frá því á 9. öld³²⁰ öndvert við austari hluta skagans þar sem nú er Serbía en þar er yfirgnæfandi meirihluti íbúa hluti af rússnesku rétttrúnaðarkirkjunni. Í ofanálag sóttu Ottómanar fullir trúarhita Múhameðs ákaft úr suðri og víglínan milli ólíkra trúarbragða austurs og vesturs lá lóðbeint í gegnum Króatíu. Svo mjög mat Páfagarður samstöðu, þolgæði og baráttuprek Króata gegn ásókninni úr suðri að hann kallaði Króatíu „varnarvegg kristindómsins.”³²¹ Frankopan hertogi var greinilega á sömu skoðun og páfinn; hann brýndi Evrópuþjóðirnar á fundi í Nürnberg árið 1522 á að: „...standa vörð gegn þeirri alvarlegu ógn sem stæðjar að Króatíu og því næst til yðar landa einnig af hendi Ottómana og ég minni yður á að Króatía er skjöldur og hliðvörður kristinnar trúar. Því brýni ég yður fyrir

³¹⁶ Perić, I. 1998. *A History of the Croats*. Bls. 223

³¹⁷ Perić, I. 1998. Bls. 211-213.

³¹⁸ Perić, I. 1998. Bls. 215-220.

³¹⁹ Answers.com. Ustashe.

³²⁰ Perić, I. 1998. Bls. 27.

³²¹ Croatia, 2006. Bls. 28.

hönd Króatíu og kristindómsins sjálfs að koma þessu landi til hjálpar sem eitt síns liðs hefur varið oss fyrir innrásum Ottómana frá falli Ístanbúl.”³²²

Því má bæta hér við að Páfagarður viðurkenndi sjálfstæði Króatíu næst á eftir Íslandi svo náin tengsl Vatikansins við Króata eru enn afar sterk.³²³ Heimildarmenn mínir á öllum aldri þekktu utanbókar viðbrögð umheimsins við sjálfstæðisyfirlýsingunni og nánast allir lýstu djúpu þakklæti í garð Íslands og páfans. Flestir voru þeirrar skoðunar að staða Króatíu væri í rauninni óbreytt hvað varnarhlutverk trúarinnar snerti því ekkert annað land stæði á milli Evrópu og múslimaheimsins.³²⁴ Viðbrögð þeirra benda til þess að sjálfmynd þeirra sé ófrávíkjanlega bundin við kristna trú³²⁵ og hlutverk Króatíu sem útvarðar kristinnar trúar á Balkanskaga enda eru meira en 95% íbúanna kaþólskrar trúar.³²⁶

Þrátt fyrir breyttar aðstæður og annað stjórnarfyrikomulag gömlu Júgóslavíu í kjölfar heimsstyrjaldarinnar síðari virðist ekki ýkja margt hafa breyst hvað afstöðu Króata til Serba snertir. Aðspurður um árin eftir heimsstyrjöldina fram að sjálfstæðisbaráttu Króatíu sagði einn heimildarmaður minn: „Serbar réðu öllu, þeir nutu forréttinda sem þeir vildu ekki sleppa. Þeir höfðu allt, þeir héldu öllu í hendi sér. Herinn, lögreglan, völdin, allt var í höndum Serba. Okkur var mismunað m.a.s. gagnvart háskólanámi. Við vissum sem var að það þýddi ekkert fyrir okkur króatísku námsmennina að sækja um skólastyrki í Júgóslavíu, þeir voru allir fráteknir fyrir Serba.”³²⁷ Sömu sögu er að segja um forkólfa í íþróttum og listum gömlu Júgóslavíu; langflestir forystumenn og landsliðsþjálfarar Júgóslavíu voru Serbar³²⁸ en ekki Króatar svo vaxandi tilfinning mismununar og ofríkis hafði góð vaxtarskilyrði og frjóan jarðveg gremju og andúðar.³²⁹

Ógnin sem króatískur almenningur upplifði af hálfu serbnesku yfirboðaranna var sömuleiðis mjög raunveruleg fyrir þeim. „Serbar hugsa eins og Rússar og þeir haga sér eins og Rússar. Þeir hafa alltaf stundað árásarstefnu eins og Rússar og hafa aldrei vílað

³²² Croatia. 2006. Bls. 28.

³²³ Perić, I. 1998. *A History of the Croats*. Bls. 243.

³²⁴ Viðtöl við króatíska heimildarmenn sem njóta nafnleyndar. Tekin í mars-apríl 2009.

³²⁵ Perić, I. 1998. Bls. 231.

³²⁶ Kwintessential.com. Religion in Croatia.

³²⁷ Viðtal við króatíska heimildarmann sem nýtur nafnleyndar. Tekið 4. apríl 2009.

³²⁸ Viðtal við króatíska heimildarmann sem nýtur nafnleyndar. Tekið í júlí 2008.

³²⁹ Perić, I. 1998. Bls. 206-207.

fyrir sér að beita aðra ógn. Þess vegna flýðu svona margir ungir Króatar, þeir flýðu undan ógnarstjórn Serba.”³³⁰ Blóði drifin fortíð ríkjanna leynir sér heldur ekki í afstöðu almennings; „Sama sagan endurtekur sig alltaf, Serbar drepa venjulega borgara ef þeim sýnist og ef þeim finnst þeir þurfa að tukta okkur til.”³³¹

Skýr greinarmunur og skilningur kom fram á aðsteðjandi ógn frá öðru ríki annars vegar og ógn innan frá hins vegar eins og margir upplifðu innrás Serba í Króatíu. Viðtekin lýsing króatískra viðmælenda minna á stjórnarstefnu Serba er „árásarstefna” (e. *Offensive*) en „varnarstefna” (e. *Defensive*) um stefnu króatískra stjórnvalda. Í heimildarmyndinni *Í tveggja stunda fjarlægð frá London* (e. *Two hours from London*) er stefna Serba gagnvart Króötum í stríðinu kölluð „...tilraun til að uppræta með öllu þjóðarsálina okkar sem er fölginn í goðsögnunum okkar, bókunum okkar og kirkjunum okkar; hvorki meira né minna en gjöreyðing á sjálfsmynd þjóðarinnar.”³³² Án þess að lagður sé einhver Stóridómur á sannleiksgildi þessarar lýsingar fer ekki á milli mála hvernig sjálfsmynd þjóðarinnar endurspeglar hörmungar stríðsins og stöðu hennar í hugum almennings gagnvart umheiminum. Sú staðreynd er út af fyrir sig allrar athygli verð.

Flestir viðmælendur mínir kenna smæð Króatíu að einhverju leyti um erfiða baráttu við Serba sem eru tvöfalt fleiri en Króatar. Þótt íbúafjöldi Króatíu sé nálægt 4,5 milljónum þá er landið aðeins rúmlega 59 þúsund ferkílómetrar að stærð eða ríflega helmingurinn af stærð Íslands. Blákaldar tölur um stærð, þjóðarframleiðslu og íbúafjölda ríkis segja hins vegar ekki alla sögu um stærð og mátt ríkis heldur ekki síður framganga og hegðun ríkisins út á við sem er í beinu samhengi við skynjun þess sjálfs á eigin styrk og getu.³³³ „Ef við hefðum jafngóða utanríkisstefnu og Slóvenar, þá hefði okkur farnast betur, þá hefðum við ekki verið svona ein á báti. Við höfum bara aldrei haft nógu klóka samningamenn eða diplómata í alþjóðasamskiptum”.³³⁴

³³⁰ Viðtal við króatískan heimildarmann sem nýtur nafnleyndar. Tekið í apríl 2009.

³³¹ Viðtal við króatískan heimildarmann sem nýtur nafnleyndar. Tekið í mars 2009.

³³² Youtube.com. 2008. *Two hours from London*.

³³³ Baldur Thorhallsson & Anders Wivel. *Small States in the European Union*. 2006. Bls. 2-3.

³³⁴ Viðtal við króatískan heimildarmann sem nýtur nafnleyndar. Tekið í júlí 2008.

Króatía og Evrópusambandið

Króatía er hluti af Evrópu og hefur alltaf verið; annað mál er hins vegar að afstaða Evrópuríkjanna sjálfra hefur ekki alltaf verið Króatíu í hag og Evrópuríkin koma oft fram við Króata eins og þeir tilheyrðu einhverri allt annarri álfu.³³⁵ Þetta var samdóma álit langflestra króatískra viðmælenda minna sem nota iðulega „við” um sjálfa sig en „þið” um aðra Evrópubúa. Vilji fólks til að vera í Evrópusambandinu er augljós og virðist fara vel saman við stefnu stjórnvalda þó hugsanlega megi skynja ákveðna gremju eða biturð vegna skilyrða sem mörgum finnst „ósanngjörn, ótrúlega ósanngjörn.”³³⁶

Rétt er að taka hér fram að þótt margir brigsli Evrópusambandinu um ósamkvæmni í ákvörðunum þá eru skilyrði sambandsins til aðildar nýrra ríkja vel skilgreind og sett við s.k. Kaupmannahafnar-forsendur (*e. Copenhagen Criteria*) og snúa að því að umsóknarlöndin uppfylli ákveðin viðmið til að eiga möguleika á aðild. Helstu kröfur Evrópusambandsins eru samkvæmt þessum forsendum lýðræðislegt stjórnmalakerfi, virk mannréttindastefna, samkeppnishæfur markaður, heilbrigð laga- og stofnanabygging en ekki síst vilji viðkomandi stjórnvalda til samsama sig sam-evrópsku yfirbragði sem hefur lengi verið keppikefli sambandsins.³³⁷ Evrópusambandið hefur þrýst á umbætur í Króatíu í samræmi þessa stefnu og ekki verður annað séð en að króatísk yfirvöld hafi verið sambandinu sæmilega samvinnuþýð í þeim efnunum þó ársskýrsla Transparency International fyrir árið 2009 sýni að enn er óunnið töluvert verk til að uppræta spillingu í króatísku stjórnkerfi³³⁸ jafnvel þó þarlend yfirvöld hafi lagt kapp á að mæta kröfum Evrópusambandsins til úrbóta.³³⁹ Króatískur markaður virðist aukinheldur vera tilbúinn til að axla ábyrgð og samkeppni, um það vitna tiltölulega lág verðbólga og aukin einkavæðing fyrirtækja.³⁴⁰

³³⁵ Viðtal við króatískan heimildarmann sem nýtur nafnleyndar. Tekið í júlí 2008.

³³⁶ Viðtal við króatískan heimildarmann sem nýtur nafnleyndar. Tekið 28. mars 2009.

³³⁷ Dinan, D. 2005. *Ever Closer Union*. Bls. 147.

³³⁸ Transparency International. Heimasíða. 2009. Policy Research.

³³⁹ Smajilhodzic, R. 2008. Croatia moves against corruption to boost EU hopes. Birt 23. September 2008 í Agence France Presse.

³⁴⁰ Roter, P. & Bojinović, A. 2005. Croatia and the European Union.

„Þið settuð alls konar skilyrði, þið heimtuðuð að við löguðum lögin og stofnanirnar og allt milli himins og jarðar og við höfum alltaf farið að öllum ykkar tilmælum. Við meira að segja afhentum ykkur Gotovina, manninn sem frelsaði okkur, og samt eruð þið enn með fyrirslátt og reynið að tefja inngöngu Króatíu í Evrópusambandið. Um leið og við erum búin að uppfylla eitt skilyrði, þá komið þið bara með annað”.³⁴¹

Þessi ummæli og önnur í þeim dúr eru æði algeng í máli heimildarmanna minna þegar innt er eftir afstöðu þeirra til Evrópusambandsins og þeirra krafna sem settar hafa verið af hálfu sambandsins. Undirliggjandi tilfinning virðist vera tortryggni í garð ákveðinna ríkja Evrópusambandsins sem viðmælendur mínir gruna um að vilja tefja inngöngu Króata eða jafnvel koma í veg fyrir hana með öllu.

Þær tafir sem hér er öðrum þræði vísað í og hefur augljóslega valdið mörgum vonbrigðum, eiga m.a. rætur að rekja til yfirstandandi landamæradeilna Króata við Slóvena í Piran-flóa, rétt sunnan við ítölsku borgina Trieste. Landamæri milli ríkjanna voru ákveðin af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins í upphafi Balkanskagastríðsins og dregin fram eftir miðju flóans. Með þessu fyrirkomulagi skertist aðgengi Slóvena að alþjóðlegu hafsvæði verulega þar sem landhelgi Króatíu og Ítalíu króa nánast af þröngan vinkil Slóvena að hafsvæðinu ofan við Istria-skagann og hefur þessi skipan mála af þeim sökum ávallt verið Slóvenum mikill þyrnir í augum.³⁴² Nú hafa Slóvenar hótað að meina Króötum inngöngu í Evrópusambandið nema látið verði undan kröfum Slóveníu um aukið aðgengi að alþjóðlegum hafsvæðum en Króatar hafa á hinn bóginn tekið af öll tvímæli um að ekki komi til greina að láta undan „þvingunum” Slóveníu.³⁴³ Einn heimildarmanna minna á þrítugsaldri sagði um þetta: „Ef ríkisstjórnin³⁴⁴ lætur undan þessum fáránlegu kröfum, þá missi ég endanlega allt álit á Evrópusambandinu.”³⁴⁵ Aðkoma og þáttur Evrópusambandsins í deilunni um hafsvæði Piran-flóa er í hugum fólks greinilega mjög skýr.

³⁴¹ Viðtal við króatískan heimildarmann sem nýtur nafnleyndar. Tekið 4. apríl 2009.

³⁴² Eiríkur Bergmann Einarsson. 2009. Piran-deilan.

³⁴³ EUBusiness.com. Heimasíða. 2009. Croatia calls for assumption of EU accession talks.

³⁴⁴ Þ.e. ríkisstjórn Króatíu.

³⁴⁵ Viðtal við króatískan heimildarmann sem nýtur nafnleyndar. Tekið 1. apríl 2009.

Olli Rehn, sem fer með framkvæmd stækkunar Evrópusambandsins, skarst í Piran-deiluna til að miðla málum³⁴⁶ en augljóst er að almenningur í Króatíu fylgist grannt með framvindu málsins. Ekki hvað síst vegna þess að margir sýnast vantroysta stórveldunum sem hafa tögl og hagldir í Evrópusambandinu og finnst mörgum nóg um eftirlátssemi króatískra stjórnvalda gagnvart kröfum alþjóðasamfélagsins. Einn heimildarmaður minn sagði í þessu sambandi: „Ég skil ekki af hverju sum Vesturlöndin hafa horn í síðu Króata, sjáðu bara Englendinga til dæmis. Þeir hafa alltaf verið á móti okkur og hafa unnið að því öllum árum að halda okkur utan Evrópusambandsins. Það kæmi mér ekki á óvart þótt Englendingar stæðu á bak við þetta vesen í Slóveníu, gagngert til að koma í veg fyrir að við komumst inn.” Þetta viðhorf, að vestræn stjórnvöld mismuni ríkjum Balkanskagans Króatíu í óhag, er ekki óalgengt og kemur heim og saman við opinberar kannanir meðal króatísku almennings um afstöðu umheimsins til þjóðarinnar frá þeirra sjónarhóli.³⁴⁷

Veður hafa skipast snögglega í lofti vegna Piran-málsins því Evrópusambandið hefur nú frestað áframhaldandi aðildarviðræðum við Króata³⁴⁸ þar til deilan við Slóvena hefur verið leyst. Á dögunum sagði Ivo Sanader, forsætisráðherra til sl. 6 ára, skyndilega starfi sínu lausu og við forystunni tók flokksfélagi hans, Jadranka Kosor.³⁴⁹ Viðmælendur mínir í Króatíu gera því skóna að Sanader hafi fremur kosið að stíga til hliðar en að gefa eftir í deilunni um Piran-flóa og leggja nafn sitt við samninga sem honum kunna að vera þvert um geð. Þetta telja þeir vera til marks um að Evrópusambandið hafi lagst á árar Slóvena á bak við tjöldin og í bígerð séu afarkostir fyrir Króatíu sem Sanader hafi ekki hugnast að ganga að.³⁵⁰

Slóvenar hafa lagt alla áherslu á að leita lausna á deilunni eftir diplómátskum leiðum³⁵¹ en Króatar vilja leggja málið fyrir Alþjóðadómstólinn í Haag sem úrskurðar í deilumálum ríkja. Sú afstaða Króata hlýtur reyndar að teljast prýðileg tíðindi út af fyrir sig því hún ber með sér aukna tiltrú þeirra og traust á alþjóðlegu réttarfari sem er afar mikilvægt frá sjónarhóli alþjóðasamvinnu. Að sama skapi

³⁴⁶ The European Weekly. EU will keep pushing for Slovenia.

³⁴⁷ The European Weekly. 2008. Mesić wants Croatia to activate EU potential.

³⁴⁸ Mbl.is. Heimasíða Morgunblaðsins. 24. júní 2009. ESB hættir viðræðum við Króata.

³⁴⁹ Þau eru bæði meðlimir í Króatíska Lýðræðisflokknum, *Hrvatska Demokratska Zajenidca; HDZ*.

³⁵⁰ Viðtöl við króatíska heimildarmenn sem njóta nafnleyndar. Tekin í júlí 2009.

³⁵¹ Stabrawa, P. 2008. Diplomatic Tensions Increase as Slovenia halts Croatia's EU Accession Talks.

vekur afstaða Slóvena upp áleitnar spurningar um réttmæti krafna þeirra og verður ekki séð með góðu móti að tregða þeirra til að skjóta ágreiningsmálinu til alþjóðlegs dómstóls sé hreinlega rökrétt eða forsvaranleg.

Lausn Piran-deilunnar skiptir gífurlega miklu máli í inngöngu Króatíu í Evrópusambandið. Kannanir benda til að almenningur leggi höfuðáherslu á að ekki verði gengið á lagalegan rétt Króatíu til landsvæðisins og sé jafnvel tilbúinn til að leggja væntanlega inngöngu að veði. Vilji króatískra yfirvalda til inngöngu er augljós en fylgi almennings með aðild gæti orðið beggja blands, ekki síst vegna Piran-málsins.³⁵²

Flókin og átakamikil saga þjóðarinnar er fólki almennt mjög ofarlega í huga og vilja margir viðmælendur mínir rekja meinta andúð Englendinga á Króatíu til samstöðu hinna síðarnefndu með nasistum í seinni heimsstyrjöldinni; það sem Petra Roter og Ana Bojinović vilja kalla; „...*arfleifð Króata frá heimsstyrjöldinni*“.³⁵³ Þetta styður álit nokkurra heimildarmanna minna sem velkjast ekki í neinum vafa um að meint andúð ýmissa Vesturlanda, þar á meðal Englendinga, eigi rætur að rekja til óheppilegrar samstöðu Króata með nasistum í síðari heimsstyrjöld.

Máli sínu til stuðnings benda þeir á að breska utanríkisráðuneytið hafi vorið 2009 varað breska ferðamenn við því að ferðast til Króatíu vegna undirliggjandi hryðjuverkaógnar í landinu³⁵⁴ og slíkar digurbarkalegar yfirlýsingar geti skaðað stórlega hagsmuni lítillar þjóðar sem hefur stóran hluta tekna sinna af ferðamannaþjónustu. Þetta finnst viðmælendum mínum enn eitt dæmið um hræsni og lítilsigldar aðfarir breskra stjórnvalda gagnvart Króötum þar sem hátt er reitt til höggs að tilefnislausu.³⁵⁵ Opinberar tölur sýna að á árunum 2000-2006 voru framin 9 hryðjuverk í Króatíu þar sem alls slösuðust 3 einstaklingar en ekki var um nein dauðsföll að ræða.³⁵⁶ Til samanburðar voru gerðar 25 hryðjuverkaárásir í Bretlandi á sama tímabili þar sem slasaðir voru 229 manns og fjöldi látinna reyndist 56.³⁵⁷

³⁵² The European Weekly. Mesić wants Croatia to activate EU potential.

³⁵³ Roter, P. & Bojinović, A. 2005. Croatia and the European Union.

³⁵⁴ Breska utanríkisráðuneytið. Heimasíða.

³⁵⁵ Viðtal við króatískan borgara sem nýtur nafnleyndar. Tekið 10. júlí 2009.

³⁵⁶ NationMaster.com. Croatia-Terrorism.

³⁵⁷ NationMaster.com. United Kingdom-Terrorism.

Þessar staðreyndir skjóta Bretum í 26. sæti³⁵⁸ af 110 áhættusömum stöðum heims en Króatía situr í því 94.³⁵⁹ sem þýðir væntanlega að hið síðarnefnda er álitid margfalt hættuminna ferðamönnum hvað hryðjuverkaógn varðar. Hvernig sem í þann pott breska utanríkisráðuneytisins kann að vera búid verður að játa að vindar alþjóðlegrar utanríkisstefnu hafa ekki alltaf verið Króötum hagstæðir.

Kannanir sem gerðar hafa verið í Króatíu um afstöðu fólks til Gotovina hafa sýnt að í hugum fjölmargra er Gotovina stríðshetja en ekki stríðsglæpamaður.³⁶⁰ Hins vegar er athyglisvert að eftir handtöku Gotovina valdi tímarit í Króatíu yfirmann króatísku leyniþjónustunnar mann ársins vegna frammistöðu hans við handsömun Gotovina þótt opinber viðurkenning á þátttöku stjórnvalda hefði aldrei verið gerð opinska.³⁶¹ Þetta hlýtur að gefa til kynna að almenningsálitið sé að breytast og væntingar fólks um aðild að Evrópusambandsinu stangist hugsanlega á við þjóðernisvitundina sem bundin er ímynd frelsishetjunnar.³⁶² Frá því sjónarhorni hlýtur að vera ánægjuefni fyrir Evrópusambandið að stuðningur fólks við aðild verði tilfinningalegri afstöðu til Gotovina yfirsterkari, svo framarlega sem pólitískt hagsmunapot verður ekki látið ráða baggamuninn. Vonin um aukin lífsgæði skipta greinilega gríðarlegu máli, það var áberandi í málflutningi allra minna viðmælenda; „Ég vil bara að börnin mín njóti sömu lífsgæða og börn í öðrum Evrópulöndum”.³⁶³

Desmond Dinan segir að Evrópusambandið leggi ofurkapp á að styðja við uppgang og þróun á Balkanskaga í og með til að vega upp á móti slægri frammistöðu sinni í friðarumleitunum í stríðinu en minnugt átakasögu álfunnar renni sambandinu jafnframt blóðið til skyldunnar.³⁶⁴ Hvort sú greining Dinan er rétt verður látið liggja á milli hluta. Sambandið hefur lagt sig í framkróka við að styðja við framgang króatísku stjórn mála- og efnahagslífs og hefur stutt umbætur í hvívetna. Styrkur markaður og nokkuð heilbrigt lýðræði Króatíu ætti að verða

³⁵⁸ NationMaster.com. United Kingdom-Terrorism.

³⁵⁹ NationMaster.com. Croatia-Terrorism.

³⁶⁰ BBC.com. Heimasíða BBC. Croat Suspect to be Film Hero.

³⁶¹ Heimasíða króatíska tímaritsins Nacional.

³⁶² Roter, P. & Bojinović, A. 2005. Croatia and the European Union.

³⁶³ Viðtal við króatíska heimildarmann sem nýtur nafnleyndar. Tekið í janúar 2009.

³⁶⁴ Dinan, D. 2005. *Ever Closer Union*. Bls. 589-592.

samvinnu ríkisins við Evrópusambandið til framdráttar, ekki síst nú þegar samskiptin við ICTY eru komin á góðan reksþól.³⁶⁵

Áhersla Evrópusambandsins á borgaralegt öryggi, efnahagslega velferð og virðingu fyrir mannréttindum undirstrikar þá ákvörðun sambandsins að einbeita sér að „mjúku” öryggi frekar en hernaðarlegu og einsýnt að sambandið hyggst reiða sig á hernaðarmátt NATO til að sinna þeim málum. Með því skapast líka aukið svigrúm fyrir sambandið til annars konar inngripa eða þrýstings til umbóta hjá þeim ríkjum sem sækjast eftir aðild. Eftir sem áður er þjóðfélagsleg krafa um öryggi ófrávíkjanleg og gildir einu hvort um er að ræða gamalgróin aðildarlönd Evrópusambandsins eða nýgræðinga. Þörf almennings fyrir öryggi er brýn og forvitnilegt að skoða hvar og hvernig einstaklingar í Króatíu telja því best borgið. Það verður umfjöllunarefni næsta kafla og jafnframt þess síðasta.

³⁶⁵ Dinan, D. 2005. *Ever Closer Union*. Bls. 533.

ÖRYGGI ÞJÓÐAR

Öryggi er öllum nauðsynlegt og snertir allar hliðar samfélags. Þjóð sem hefur lifað af blóðsúthellingar og þjáningar hlýtur að vera í mun að tryggja hag sinn og öryggi til framtíðar. Hvernig álitur hinn almenni borgari í Króatíu að öryggi hans sé best tryggt? Telur fólk að aukið öryggi sé að finna í faðmi Evrópusambandsins og frekari samruna? Viðfangsefni síðasta kaflans verður að afla svara við þessum spurningum. Nauðsynlegt er að gera öryggisstefnu Evrópusambandsins og samvinnu við NATO nokkur skil en ekki síður þróun ákveðins öryggissamfélags sem virðist vera ætlan Evrópusambandsins og hornsteinn í eflingu öryggis á sambandssvæðinu.

Marghliða öryggi

Einn helsti undirliggjandi hvati alþjóðlegrar samvinnu var að búa svo vel um hnúta alþjóðlegra samskipta að þeir héldu þótt á þá reyndi. Í aðra röndina mætti jafnvel fullyrða að í öndvegi slíkrar samvinnu sé öryggi þegna og þjóða því að grundvallarskylda hvers þjóðfélags sem vill teljast fullvalda er að standa vörð um öryggi borgaranna.³⁶⁶ Öryggi er hins vegar ákaflega víðfeðmt hugtak sem þarfnast gaumgæfilegri vangaveltna, ekki síst vegna þeirrar hlutverkaskiptingar Evrópusambandsins og NATO í varðveislu öryggis sem nánar verður vikið að hér á eftir.

*„Á kaldastríðstímanum var öryggishugtakið nær eingöngu bundið við hervarnir og þjóðríkið. Á 9. áratug 20. aldar beittu stjórn málafræðingar eins og Buzan sér fyrir endurskilgreiningu hugtaksins með því að láta það ná yfir fleiri þætti eins og þjóðfélags-, efnahags- og umhverfismál“.*³⁶⁷ Í þessari fullyrðingu endurspeglast hinir ólíku realísku og neoliberalísku hugmyndastraumar í alþjóðlegum samskiptum sem gerð voru skil

³⁶⁶ Beetham, D. 2005. *Democracy: A Beginners Guide*. Bls. 21.

³⁶⁷ Valur Ingimundarson. 2008. *Uppbrot hugmyndakerfis*. Bls. 5.

í fyrsta kafla ritgerðarinnar. Hugtakið öryggi hefur gjarnan verið tengt landfræðilegu svæði og ríkinu innan þess þótt það sjónarhorn sé mjög þröngt og gefi alls ekki heildarmynd af öryggi. Hin hefðbundna skilgreining einblínir á það sem stundum er kallað „hart öryggi“ (*e. hard security*) þ.e. hernaðarlegt öryggi ríkis sem um leið skírskotar til pólitískra þátta sem felast í möguleikum ríkisins á að varðveita frelsi sitt, sjálfstæði og grundvallargildi. Fræðigreinin um alþjóðasamskipti hefur löngum haft tilhneigingu til að halla sér að þrengri skilgreiningunni, oft einfaldlega af hagkvæmnisástæðum þar sem nánast ógjörningur er að spanna allan skala öryggis.³⁶⁸ Ríki sem aðhyllast realískar áherslur í stefnumótun sinni leggja jafnan mikla áherslu á að tryggja hernaðarlegt öryggi sitt, oft á kostnað annarra mikilvægra þátta í öryggi borgaranna.

Víðari og almennari skilgreining öryggis á jafnt við um einstaklinga sem aðrar félagslegar einingar og varðar mál af ýmsum toga, allt frá líkamlegu og persónulegu frelsi einstaklinga til öryggis ríkja gagnvart ytri hernaðarárásum og öryggi mannkyns gagnvart alheimshættu á borð við loftslagsbreytingar. Undir almennari skilgreininguna, sem kalla má „mjúkt öryggi“ (*e. soft security*), ná einnig fleiri þættir eins og efnahags- og orkumál, umhverfismál, fólksflutningar, skipulögð glæpastarfsemi, farsóttir og annað sem ógnar öryggi ríkja og þegnana sem þau byggja.³⁶⁹

Enn er hér ótalið óbeint og annars konar öryggi sem snýr að afkomu, líf skjörum og farsæld þegnanna í grasrótinni, hinum smáriðnari möskvum þjóðfélaganna sem þó hafa mikil áhrif á ákvarðanatöku og framvindu mála eins og vikið var að í kaflanum hér á undan. Mikilvægasta atriðið varðandi öryggi er þó það að öryggi er fyrst og fremst huglægt mat sem er háð skynjun og upplifun einstaklinganna á hverjum stað; „...afkomutrygging gegn tilvistarógn“.³⁷⁰ Þannig er vandséð hvernig mætti aðskilja ógn frá öryggi, upphafi og endi mannglegrar skynjunar um aðsteðjandi hættu.

³⁶⁸ Cottey, A. 2007. *Security in the New Europe*. Bls. 7.

³⁶⁹ Cottey, A. 2007. Bls. 6.

³⁷⁰ Valur Ingimundarson. 2008. *Uppbrot hugmyndakerfis*. Bls. 5.

Öryggi í Evrópu

Saga Evrópu er undirlögð af styrjöldum og blóði drifnum átökum. Ekki þarf því að koma á óvart að öryggi og sjálfstæði eru hugtök sem Evrópubúum eru sérdeilis hjartfólgin. Þróun og mótun öryggismála í Evrópu á síðustu áratugum hefur tekið miklum stakkaskiptum og hefur sýnst renna styrkari stoðum undir friðvænlegri sambúð ríkjanna undangengna áratugi.

Í framhaldi af stofnun Kola-og stálbandalagsins árið 1951 sömdu Frakkland, V-Þýskaland, Ítalía, Holland, Belgía og Lúxemborg um myndun Öryggissamfélags Evrópu (e. *European Defence Community; EDC*). Sá samningur gerði ráð fyrir að stofnaður yrði fjölþjóðlegur evrópskur her en vegna áhyggna De Gaulle, þáverandi Frakklandsforseta, yfir tilhugsuninni um að setja mikilvægasta hluta fullveldisins í hendur yfirþjóðlegrar stofnunar, felldu Frakkar samninginn og þar með voru dagar EDC taldir. Þetta þýddi þrennt. Í fyrsta lagi var augljóst að Evrópa bjó enn ekki yfir nægilega gagnkvæmu trausti til að geta sameinast um viðkvæmasta málaflokk hvers ríkis, öryggismál. Í öðru lagi urðu Vestur-Evrópuríkin að reiða sig á samvinnu við NATO sem meginstoð öryggisstefnu Vestur-Evrópuríkjanna úr því að þeim tókst ekki að standa saman í öryggis -og varnarmálum. Í síðasta lagi þýddi þessi tortryggislega afstaða að áhersla á efnahagsmál hlyti að verða sett í öndvegi í samrunaþróun Evrópu eins og raunin hefur orðið.³⁷¹

Þá þegar var stefnan tekin í öryggismálum Evrópusambandsins því samvinna alþjóðasamtakanna tveggja hefur styrkst mjög í gegnum tíðina, ekki síst frá og með stríðinu í gömlu Júgóslavíu. Eins og fram kom í fyrsta kafla eru samkvæmt kenningum neoliberalismans ýmsar tegundir samþættingar, sameiginleg lýðræðisleg gildi, nán efnahagssamskipti, frjáls verslun og alþjóðastofnanir heillavænlegar leiðir til að tryggja varanlegan frið.³⁷² Við lok kalda stríðsins stóðu allir þessir þættir sterkum fótum í vestari hluta Evrópu en þar að auki voru flest ríki svæðisins meðlimir í NATO. Allar forsendur neoliberalista fyrir styrkara,

³⁷¹ Cottey, A. 2007. *Security in the New Europe*. Bls. 81.

³⁷² Keohane, R. O. og Nye, J. 2001. Í Cottey, A. 2007. *Security in the New Europe*. Bls. 13.

friðsamlegu samvinnusvæði í Evrópu voru því fyrir hendi.³⁷³ Fátt stóð í veginum fyrir frekari samvinnu við NATO eins og þróun öryggisstefnunnar hefur orðið.³⁷⁴

Í desember 2003 gaf Evrópusambandið út nágildandi öryggisstefnu sína (*e. European Security Strategy; ESS*) undir því bjartsýna heiti „Öruggari Evrópa í betri heimi“ (*e. A Secure Europe in a Better World*).³⁷⁵ Orðalag ESS einkennist af sömu bjartsýni, umburðarlyndi og jákvæðni. Áhersluatriði neoliberalismans koma skýrt í ljós í áherslu ESS á „lög samkvæmt alþjóðlegri reglu“ (*e. Rule Based International Order*) þar sem lögð er öll áhersla á að fylgja beri alþjóðalögum, alþjóðasáttmálum og samþykktum Sameinuðu þjóðanna.³⁷⁶ ESS leggur auk þess áherslu á friðsamlega uppbyggingu og margþátta tengingar við jaðra evrópska öryggissvæðisins sem muni sjálfkrafa leiða til friðar; stefnu sem hefur gengið undir nafninu „nágrannastefna“ Evrópusambandsins. Þessi nágrannastefna snýst, eins og kom fram í fyrsta kafla, um að gæta hagsmuna sambandsins með því að tryggja frið og öryggi á nærliggjandi svæðum til að hamla keðjuverkandi ógn inn á sambandssvæðið sjálft.³⁷⁷ Til þess notar Evrópusambandið ýmis ráð, bæði með efnahagslegum sem og félagslegum stuðningi við nágrannalöndin.

Glögglega má sjá grundvallaratriði í kenningu neoliberalískrar stofnanahyggu í uppbyggingu öryggisstefnu Evrópusambandsins. Valin eru viðfangsefni á sviðum sem allir geta sætt sig við og telja sér hag í að starfa saman á og þau síðan færð í stofnanaform. Hægt og rólega brotna múrar, traust skapast, væntingar um frekari hagsmuni kvikna og grundvöllur myndast fyrir útvíkkun samstarfs á öðrum sviðum, nákvæmlega eins og neofunctionalistar hafa haldið fram. Sú hefur enda líka orðið reyndin og takmark aukinnar samvinnu innan öryggissamfélags sýnist innan seilingar þar sem öryggi þegnanna verður æ tryggara og hættan á stríðsátökum milli aðildarlanda minnkar jöfnum höndum.

³⁷³ Keohane, R. O. 1993. Í Cottey, A. 2007. *Security in the New Europe*. Bls. 16.

³⁷⁴ Cameron, F. 2007. *An Introduction to European Foreign Policy*. Bls. 86.

³⁷⁵ Evrópusambandið. Heimasíða. Common Foreign and Security Policy.

³⁷⁶ Evrópusambandið. Heimasíða. Common Foreign and Security Policy.

³⁷⁷ Evrópusambandið. Heimasíða. European Neighborhood Policy.

Öryggissamfélag í Evrópu

Hugmyndin um samþætt samfélög þar sem styrjaldarógnin er fjarri er ekki ný hugsmíð heldur spröttin úr kenningum stjórnmálaspekingsins Karl Deutsch frá miðri síðustu öld um félagslegar leiðir til samruna ólíkra samfélaga. Að mati Deutsch er heillavænlegast til friðsamlegs árangurs að leggja kapp á að auka traust og samskipti manna á milli og stuðla að gagnkvæmri sjálfsmynd þegna, jafnvel þótt þjóðernið sjálft sé mismunandi. Eftir því sem samskipti aukast og traust vex, minnka líkurnar á að ríki grípi til hernaðaraðgerða til að binda endi á deilumál sín að álitum Deutsch.³⁷⁸ Augljóst er að líkt og í öðrum kenningum í alþjóðasamskiptum snúast tillögur Deutsch um leit að haldbærum leiðum til friðvænlegrar tilveru. Munurinn er hins vegar sá að Deutsch leggur áherslu á félagslegar leiðir í lággróðri þjóðfélagsins, meðal einstaklinganna sem tileinka sér svipaðar hugmyndir og gildi svo þannig tvinnist hægt og örugglega saman sjálfsmyndir ólíkra þjóða á kostnað stríðsógnar.³⁷⁹

Slík samtvinnun þjóðfélaga kallar að mati Deutsch á þrenns konar skilyrði eigi hún að heppnast eins og vonir standa til.³⁸⁰ Í fyrsta lagi þarf gildismat hópanna að vera sambærilegt og samanburðarhæft svo á endanum leiði samskipti milli ríkja til mótunar sameiginlegra hagsmuna og gildismats.³⁸¹ Í öðru lagi þurfa að vera fyrir hendi skilyrði fyrir stjórnmálaflokka þjóðanna að starfa saman og andspænis hverjum öðrum án ofbeldis eins og Valur Ingimundarson tekur undir: „*Með dýpri milliríkjasamskiptum aukast líkurnar á því að ákveðin pólitísk menningarviðmið og reglur liggi (...) öryggistryggingum og efnahagslegum gæðum (...) til grundvallar.*”³⁸²

Síðast en ekki síst þarf að vera til staðar gagnkvæm þekking á stjórnmálalegri, efnahagslegri og félagslegri hegðun hvers annars. Heimildarmaður minn innan íslensku utanríkisþjónustunnar þakkaði einmitt mætti alþjóðastofnana þennan möguleika á nánari samvinnu og skilningi þjóðanna á háttalagi hvernar annarrar: „*Alþjóðastofnanir eru ekki síst lífsnauðsynlegar til þess allir geti vitað hvað hinir*

³⁷⁸ Rosamond, R. 2007. *Theories of European Integration*. Bls. 42-43.

³⁷⁹ Valur Ingimundarson. 2008. *Uppbrot hugmyndakerfis*. Bls. 3.

³⁸⁰ Rosamond, B. 2000. Bls. 43.

³⁸¹ Valur Ingimundarson. 2008. Bls. 6.

³⁸² Valur Ingimundarson. 2008. Bls. 6.

eru að gera, að vita hvað er í gangi hverju sinni. Þegar við þekkjum hvert annað er svo miklu auðveldara að láta sér koma saman.”³⁸³

Öryggissamfélag má því í stuttu máli skilgreina sem „...hóp af ríkjum þar sem stríð er ekki lengur haldþætt leið til að útkljá deilumál.“³⁸⁴ Nærtækt dæmi um þess konar öryggissamfélag er Skandinavía þar sem að flestra mati er nánast óhugsandi að stríð brjótist út meðal þjóða sem álíta sig vini og frændur og skýtur þar enn upp kollinum máttur og vægi sjálfsmyndar sem fjallað var um í síðasta kafla.

Ole Wæver heldur því fram að öryggissamfélag hafi orðið til í Evrópu á síðustu árum í ferli sem hann kys að kalla „desecuritization“ sem mætti þýða sem „aföryggisvæðingu“, þar sem áhersla er lögð á samþættingu annarra sameiginlegra hagsmunabáttanna Evrópuríkjanna en hernaðarlegra.³⁸⁵ Af tilgátu Wæver mætti draga þá ályktun að árangursríkasta aðferðin til að viðhalda evrópsku öryggisvæði sé að halda áfram samstarfi og stofnanauppbyggingu á öðrum sviðum en „hörðum“ öryggismálum. Þetta kemur heim og saman við þá skoðun að þar sem ógn milli aðildarríkja hverfur, færast innbyrðis tengsl sem reist eru á samvinnu á öðrum sviðum en hernaðarlegum mjög í vöxt.³⁸⁶

Aukin stofnanabygging Evrópusambandsins í anda neolibéralískrar stofnanahyggu sýnist streyma að sama ósi og kenningar Deutsch. Markmiðið er að skapa grundvöll fyrir sameiginlega sjálfsmynd í evrópskri ásýnd og gagnkvæma hollustu sem allar aðildarþjóðir geta fundið samhljóm í um leið og evrópsku öryggissamfélagi vex fiskur um hrygg.

NATO og Evrópusambandið

Króatía gekk nýverið í NATO og nú hafa a.m.k. 300 króatískir hermenn verið sendir til starfa undir gunnfána NATO í Afganistan.³⁸⁷ Evrópusambandið og NATO eru afsprengi og fulltrúar tveggja ólíkra áherslna í alþjóðasamskiptum og

³⁸³ Viðtal við heimildarmann innan íslensku utanríkisþjónustunnar sem nýtur nafnleyndar. Tekið í október 2008.

³⁸⁴ Rosamond, B. 2007. *Theories of European Integration*. Bls. 169. Hann vitnar í skilgreiningu Karl W. Deutsch frá árinu 1989.

³⁸⁵ Wæver, O. 1998. *Insecurity, Security and Asecurity in the Western European Non-War Community*. Í Adler, E. & Barnett, M. (Ritstj.) 1998. *Security Communities*. Bls. 80.

³⁸⁶ Valur Ingimundarson. 2008. *Uppbrot hugmyndakerfis*. Bls. 5.

³⁸⁷ Viðtal við króatískan heimildarmann sem nýtur nafnleyndar. Tekið 12. júlí 2009.

eru að eðli til mjög ólík þó samvinna þeirra í milli hafi yfirleitt verið með miklum ágætum. NATO er milliríkjastofnun sem var sett á laggirnar í mettuðu andrúmslofti realismans árið 1949 og hafa Bandaríkjamenn löngum haft yfirhöndina í starfseminni. Undirrót og ástæða stofnunar NATO var ótti við yfirvofandi og hugsanlega innrás Sovétríkjanna í skugga síkólnandi stríðs í hjarta Evrópu. Bandaríkjamenn sáu sig knúna að fá Evrópuríkin í lið með sér til að mynda varnarvegg í hæfilegri fjarlægð frá Norður-Ameríku en í ákjósanlegri fjarlægð frá höfuðandstæðingnum og Varsjárbandalaginu.³⁸⁸

Þegar kommúnísk hugmyndafræði rann sitt skeið eftir hrun Berlínarmúrsins var fótunum jafnframt kippt undan tilveru Varsjárbandalagsins og NATO stóð eitt síns liðs eftir á leikvellingum án andstæðingsins sem þó var upphafleg forsenda stofnunarinnar. Sovétríkin voru ekki lengur viðlíka ógn og fyrrum og áframhaldandi tilveru NATO í óbreyttri mynd hætta búin. Með aðkomu sinni í stríðinu á Balkanskaga fékk NATO nýtt hlutverk sem hefur síðan styrkst hröðum skrefum. Stofnunin hefur þróast frá því að spretta úr garði realískra hugmynda í eiginhagsmunaskyni Bandaríkjanna í það að gegna nýju hlutverki þar sem stuðningur og samvinna milli landa er höfð í hávegum.

Beinar hernaðaraðgerðir NATO í Balkanstríðið skiptu sköpum því án þeirra hefði ófriðurinn sennilega orðið enn langvinnari og mannskæðari. Richard Holbrooke fór ekki í grafgötur með það að samningar við Milošević væru borin von án loftárása NATO og aðstoðar sem samninganefndin naut við að neyða Serba til sammingsins sem undirritaður var í Dayton.³⁸⁹ Af þeim sökum hefur NATO skapað sér góðan orðstír á Balkanskaga og enn hefur stofnunin gæslusveitir í Kosovo þar sem friður er ekki með öllu tryggður.³⁹⁰

Ljóst er af ummælum allra minna viðmælenda í Króatíu að fólk virðist meta NATO og leggja traust á samtökin sem friðargæsluaðila,³⁹¹ en ekki síður sem vettvang ríkja til samskipta á jafnræðisgrundvelli: „Nú erum við komin í NATO og þá erum við í allt annarri aðstöðu en áður. Nú erum við miklu öruggari en fyrr því að nú

³⁸⁸ Answers.com. Nato.

³⁸⁹ Holbrook, R. 1999. *To End a War*. Bls.103.

³⁹⁰ Nato. Heimasíða. Nato in Kosovo.

³⁹¹ Viðtöl við 6 króatíska heimildarmenn sem njóta nafnleyndar. Tekin í mars-júlí 2009.

loksins getur enginn ráðist á okkur án þess að hin aðildarlöndin láti það til sín taka,”³⁹² sagði einn viðmælanda minna í Króatíu og má hvoru tveggja greina ótvírætt traust hans á NATO sem og væntingar um aukið öryggi landsins.

Evrópusambandið er hins vegar sprottið úr jarðvegi neoliberalískra áherslna, undir yfirþjóðlegu yfirbragði og hefur sem slíkt lagt allt kapp á eflingu borgaralegs öryggis af öðrum toga en hernaðarlegum. Í Balkanstríðinu varð Evrópuríkjunum ljós hin brýna þörf fyrir útréttan hernaðararm Bandaríkjanna á meginlandinu³⁹³ og hefur engin stefnubreyting orðið þar á. Sterk, söguleg bönd eru á milli álfanna beggja vegna Atlantshafsins sem eflast enn frekar með samvinnu NATO og Evrópusambandsins. Mörg aðildarlanda NATO eru jafnframt í Evrópusambandinu og sú staðreynd styrkir enn tengslin milli stofnananna. Heimildarmaður minn sagði aðspurður: „Það er enginn vafi á því að við Króatar verðum ekki fyllilega örugg fyrir en við erum komin í Evrópusambandið líka.”³⁹⁴ Annar heimildarmaður tók í sama streng: „Lífskjör okkar og þar með öryggi verða mun betur tryggð þegar við verðum komin í Evrópusambandið.”³⁹⁵

Evrópusambandið fer ekki í launkofa með þann ásetning sinn að treysta enn frekar samvinnu við NATO þar sem hernaðar kann að vera þörf.³⁹⁶ Sambandið skilgreinir fimm svið þar sem ógnunar er að vænta: Hryðjuverk, útbreiðsla kjarnorkuvopna, svæðisbundin átök, brotalamir í forsjá ríkja (*e. State failure*) og skipulögð glæpastarfsemi eru þeir flokkar sem Evrópusambandið álítur helst ógna öryggi þegnanna.³⁹⁷ Í öllum tilfellum hefur sambandið ákveðið að styrkja og efla samvinnu milli ríkja til að mæta þessum ógnum, ekki síst með hjálp NATO.

Sameiginleg öryggismálastefna getur gengið milli þjóða ef lýðræðisleg vinnubrögð eru í hávegum höfð, það hefur saga NATO sannað þótt lýðræði þess hafi kannski ekki alltaf þótt flekklaust.³⁹⁸ Forsenda slíkrar stefnu er samt að sameiginlegur óvinur sé til staðar og þar liggur m.a. ástæða þess að aðildarríki

³⁹² Viðtal við króatískan embættismann sem nýtur nafnleyndar. Tekið í desember 2008.

³⁹³ Dinan, D. 2005. *Ever Closer Union*. Bls. 623.

³⁹⁴ Viðtal við króatískan heimildarmann sem nýtur nafnleyndar. Tekið 4. apríl, 2009.

³⁹⁵ Viðtal við króatískan heimildarmann sem nýtur nafnleyndar. Tekið í desember 2008.

³⁹⁶ Evrópusambandið. Heimasíða. Common Foreign and Security Policy.

³⁹⁷ Evrópusambandið. Heimasíða. Key challenges and EU obligations.

³⁹⁸ Dinan, D. 2005. Bls. 623.

NATO hafa séð hagsmunum sínum borgið með tilvist NATO. Í stað Sovétríkjanna sálugu hefur óvinurinn umbreyt og ber nú ásýnd hvers ríkis eða hóps sem ógnar almennum friði í heiminum.

Ógn

Þó ógn sé fyrst og fremst tilfinningaleg upplifun sem teygir rætur sínar í sögulegt samhengi og reynslu eru ákveðnir þættir sem ákvarða skilgreiningar hennar og vægi.³⁹⁹ Í fyrsta lagi hafa sértækar ógnir brennipunkt eða upphaf sem dreifast með tilteknu ferli frekar en með einstaklingum. Þetta gildir t.a.m. um uppgang og útbreiðslu kommúnisma eða hryðjuverka, efnahagskreppu eða gróðurhúsaáhrif sem ógna breiðum hópi fólks, hvar sem vera skal. Í öðru lagi getur ógn verið staðbundin þannig að möguleg hætta tiltekins ríkis sé bundin við ógn frá öðru tilteknu ríki.⁴⁰⁰ Þetta á oft en ekki ófrávíkjanlega við þar sem nágrannaríki eiga í hlut, t.d. Austur- og Vestur Þýskaland, Norður- og Suður-Kórea en ekki síður löndin á Balkanskaga. Ógnin í þessum tilfellum þarf ekki að vera gagnkvæm og kemur þar til skjalanna skynjun og upplifun ríkis á eigin styrk í samanburði við önnur eins og eftirfarandi staðhæfing ber með sér: „*Við Króatar vissum að mesta ógnin stafaði innan frá, frá Serbunum sem þó sögðu okkur tilheyra sama ríki og þeir. Það er eiginlega verri ógn en sú sem að utan kemur, næstum því eins og að búa við stöðuga ógn um yfirvofandi landráð.*”⁴⁰¹

Í þriðja lagi þarf að henda reiður á tímasetningu hugsanlegrar ógnar og samsvarandi viðbrögð eða undirbúning, þ.e. hvort hún geti riðið skyndilega yfir eða hvort hennar megi vænta til lengri tíma litið.⁴⁰² Mögulega ógn þarf að skoða með hliðsjón af eigin styrkleika, með því að leggja eigin veikleika og varnarleysi samsíða aðsteðjandi hættu og áætla út frá því hugsanlegar afleiðingar og raunverulega hættu.

³⁹⁹ Buzan, B. 2007. *People, States and Fear*. Bls. 106-107.

⁴⁰⁰ Buzan, B. 2007. Bls. 120.

⁴⁰¹ Viðtal við króatískan heimildarmann sem nýtur nafnleyndar. Tekið 4. apríl, 2009.

⁴⁰² Buzan, B. 2007. Bls. 120-121.

Förunautur ógnar eru líkurnar á að ógnin verði að veruleika og það er einmitt sá hluti áhættugreiningar sem hefur reynst ráðamönnum hvað erfiðastur ljár í þúfu.⁴⁰³ Skýringin er sú að til að meta líkur á yfirvofandi hættu er iðulega sótt í sögulegar staðreyndir um fyrri atburði og þannig litar ótti og reynsla fortíðar hugsanlega framtíð.⁴⁰⁴ Önnur skýring skiptir einnig miklu máli hér en það er þáttur upplifunar og skynjunar fólks á ógn og hættu eins og hún birtist í orðræðu og sjálfsmynd þjóðarinnar og magnast upp með sögulegum tilvísunum. Áður hefur verið bent á tilhneigingu heimildarmanna minna til að tengja mögulega ógn við Serba og greinilegt er að þar skiptir saga landanna gífurlegu máli. Í rauninni mætti segja að króatíska þjóðarsálin sé að verulegu leyti særð eins og skynjun eins viðmælanda míns á ógn birtist: „*Enginn veit hvað NATO lifir lengi en Serbar verða alltaf til.*”⁴⁰⁵

Sjálfsmynd, skynjun og styrkur ríkis opinberast, að mati ýmissa fræðimanna sem vilja styðjast við greiningu sjálfsmyndarinnar, í gegnum orðræðu heildarinnar vegna þess að þar má finna skýra vísbendingu um utanríkisstefnu viðkomandi heildar í samskiptum „okkar” við „hina” því að orðræðan endurspeglar sjálfsmyndina sem hún er sprottin upp úr. „*Ég fann að það var nauðsynlegt að sýna ykkur raunverulegt hjarta króatísku þjóðarinnar, ekki fyrir orðspor eða umsagnir annarra. Þess vegna fór ég með ykkur í venjulegt þorp, þar sem búa venjulegir, óbreyttir borgarar. Ég vissi að þá mynduð þið finna hvernig raunveruleg afstaða hins almenna Króata er til umheimsins,*”⁴⁰⁶ sagði fyrrverandi utanríkisráðherra Króatíu nýlega þegar hann rifjaði upp ferð sem hann fór með hóp vestrænna erindreka.

Þannig hlýtur orðræðan óneitanlega að vera spyrð við sjálfsmynd, öryggi og þar með utanríkisstefnu ríkis því þótt henni sé stýrt af þeirri pólitísku elítu sem er við völd hverju sinni þá er henni áskapað að enduróma fleiri raddir innan

⁴⁰³ Cotten, A. 2007. *Security in the New Europe*. Bls. 8-9.

⁴⁰⁴ Buzan, B. 2007. *People, States and Fear*. Bls. 122.

⁴⁰⁵ Viðtal við króatíska heimildarmann sem nýtur nafnleyndar. Tekið 4. apríl 2009.

⁴⁰⁶ Miomir Žužul, fyrrverandi utanríkisráðherra í stjórn Franjo Tudjman, bar fyrir dómi hjá ICTY þann 8. júní 2009 að hann hefði farið með hóp erlendra sendimanna til lítils fjallaþorps norður af Split til að taka þátt í trúarlegri hátíð heimamanna. Í þessum hópi voru m.a. Richard Holbrook, formaður samninganefndar Vesturveldanna við Slobodan Milošević, og Peter Galbraith, þáverandi sendiherra Bandaríkjanna á Balkanskaga. Tilgangur Žužul með förinni var sýna sendinefndinni raunverulega afstöðu Króata til umheimsins; þegar sendimennirnir sæu hvernig hinn almenni borgari brygðist við þeim augliti til auglitis, sæju þeir jafnframt raunverulegt viðhorf Króata.

heildarinnar.⁴⁰⁷ „Það er engin spurning að Króatía er landfræðilega innan Evrópu, við þurfum bara að finna okkur innan hennar.“⁴⁰⁸

Hér er freistandi að grípa til afbyggingar orðræðunnar til að henda reiður á upplifun ógnar í hugum fólks því þegar öllu er á botninn hvolft er pólitísk vitund uppbyggð á orðræðu og tákmyndum sem kalla á margvídda skoðun undirbyggingar sjálfsmyndarinnar. Orðræða innan og utan samfélags myndar tengsl við alla aðra orðræðu innan sömu menningar eða hugmyndastrauma og stuðlar þannig beint og óbeint að auknum tengslum ólíkra sjálfsmynda.⁴⁰⁹

Af hverju skiptir vægi orðræðunnar máli í þessu sambandi? Vegna þess að ekki er ólíklegt að þungi hugmyndastrauma sem flæða óhindrað yfir hnattvæddan heim með ógnunum sínum og tækifærum, felist einmitt í undirliggjandi krafti orðræðunnar sem býr yfir þeim sérstæða mætti að ganga þvert á kerfi og lögmál tungumáls, óháð landfræðilegum takmörkunum.⁴¹⁰ Þannig lýtur túlkun orðræðunnar sumpart eigin lögmálum, burtséð frá þjóðerni. Í því ljósi er orðræðan ekki aðeins kerfi staðhæfinga heldur einnig undanfari og upphaf staðhæfinga og ber að skoðast sem slík því orðræðan er óhjákvæmilega spyrð við sjálfsmynd og öryggi fólks og þar með afstöðu þjóðar. Í þessum sannleika felast miklir möguleikar því að orðræða innan og utan samfélags myndar tengsl við alla aðra orðræðu innan sömu menningar, þjóðfélagslegrar gerðar sem samtímalegrar.⁴¹¹ Með eflingu sameiginlegrar menningar og samskipta skapast jafnframt aukin skilyrði til samtvinnnaðrar orðræðu sem er þess umkomin að hvetja og styðja við sameiginlega sjálfsmynd ólíkra hópa.

Í tilraun Evrópusambandsins til að efla og skapa samevrópskt öryggissamfélag þar sem sjálfsmyndir margra þjóða verða að finna sér samsvörun og tengsl verður hlutur orðræðunnar ekki aðskilinn frá samþættri ásjónu. Hollusta, þegnskylda og ábyrgð einstaklinga af ólíku þjóðerni verður að tengjast saman frá rótum, neðan frá

⁴⁰⁷ Wendt, A. 1999. *Social Theory of International Politics*. Bls. 224.

⁴⁰⁸ Viðtal við króatíska embættismann sen nýtur nafnleyndar. Tekið í desember 2008.

⁴⁰⁹ Gunnar Helgi Kristinsson og Baldur Thorhallsson. 2004. Í Baldur Thorhallsson.(Ritstj.) *Iceland and European Integration: On the Edge*. 2004. Bls. 148-149.

⁴¹⁰ Mingst, K. A. 2004. *Essentials of International Relations*. Bls. 310-311.

⁴¹¹ Enloe, C. 1989. The Personal is International. Í Mingst, K. A. og Snyder, J. L. (Ritstj.) 2004. *Essential Readings in World Politics*. Bls. 204.

og upp,⁴¹² svo þeir finni sig hluta af stærri heild. Frá því sjónarhorni verður hlutur orðræðu í nánari samvinnu og samtengingu Evrópuríkjanna býsna mikilvægur auknu öryggi.

⁴¹² Mingst, K. A. 2004. *Essentials of International Relations*. Bls. 150.

NIÐURSTÖÐUR

Tilgangur ritgerðarinnar var að gera tilviksathugun á máli Ante Gotovina og rannsaka hvaða þýðingu framsal hans hefur í inngönguferli Króatíu í Evrópusambandið sem setti samstarfsvilja og hlýðni Króatíu við ICTY sem skilyrði inngöngu.⁴¹³ Samvinna milli alþjóðastofnana hefur vaxið og styrkst verulega á undangengnum áratug, m.a. með samstarfi Evrópusambandsins við ICTY. Gerð hefur verið grein fyrir kenningarlegum grunni neoliberalískrar stofnanahyggju sem og viðbrögðum og afstöðu króatísku almennings gagnvart kröfum Evrópusambandsins. Önnur sjónarmið sem snúa að sjálfsmynd þjóða, öryggi og ógn hafa einnig verið kynnt og verður í lok þessa niðurstöðukafla gerð nokkur grein fyrir þeim.

Afstaða Evrópusambandsins gagnvart hindrunum á vegferð aðildarumsóknar Króatíu var í upphafi afdráttarlaus. Framsal Ante Gotovina var gjaldið sem greiða þurfti fyrir samþykkt aðildarumsóknar Króata, hinn fullgildi inngöngufarseðill.⁴¹⁴

Þótt framsal Gotovina hafi ekki orðið með hefðbundnum hætti varð handtaka hans á Kanaríeyjum til að opna dyr sambandsins fyrir Króötum. Króatísk yfirvöld hafa hingað til ekki treyst sér til að gangast opinberlega við handsömun hershöfðingjans en fáum blandast hugur um að um einhvers konar ígrip af þeirra hálfu hljóti að hafa verið að ræða. Ljóst er að Króatar hafa gengið að upphaflegum kröfum og skilyrðum Evrópusambandsins⁴¹⁵ og hafa sjálfir litið á framsal Gotovina sem lokahnykkinn í því ferli þótt mörgum þætti fórnin í stærra lagi.

Vilyrði Evrópusambandsins um inngöngu að Gotovina fengnum hefur ekki gengið eftir og er þar um að kenna deilum Króata við Slóvena um Piran-flóa. Piran-deilan hefur sett stórt strik í inngöngu Króatíu í Evrópusambandið. Slóvenar hótuðu að leggja stein í götu aðildar Króatíu nema gengið yrði til samninga um

⁴¹³ Dinan, D. 2005. *Ever Closer Union*. Bls. 147-148.

⁴¹⁴ Evrópusambandið. Heimasíða. The European Union opens accession negotiations with Croatia.

⁴¹⁵ Evrópuþingið. Heimasíða. Debates: Application for membership from Croatia.

svæðið sem hefur verið þrætuepli landanna frá 1991. Látið hefur verið að því liggja í Króatíu að Slóvenar séu ekki án stuðnings sér stærri aðildarþjóða á bak við tjöldin, þjóðin sjálf sé alltof lítil til að gera slíkan usla og valda með því stefnubreytingu Evrópusambandsins upp á eigin spýtur.⁴¹⁶ Þessar grunsemdir eru óstaðfestar en Evrópusambandið hætti aðildarviðræðum við Króatíu að sinni til að þrýsta á lausn Piran-málsins⁴¹⁷ og sýnist með því hafa tekið nýja afstöðu varðandi inngöngu Króata.

Króatar hafa alla tíð lagt áherslu á að Piran-málið sé landamæradeila milli ríkja og ætti sem slíka að leggja fyrir Alþjóðadómstólinn í Haag sem dæmir í milliríkjamálum.⁴¹⁸ Slóvenar hafa ekki viljað sættast á dómstólaleiðina heldur einblína á lausn eftir diplómátskum leiðum.⁴¹⁹ Sú afstaða er fremur sérkennileg og ekki í samræmi við viðteknar venjur í milliríkjadeilum. Ekki verður lagður neinn dómur á réttmæti krafna hvors lands um sig til hafsvæðisins í Piran-flóa en eigi Slóvenía sögulegt eða lagalegt tilkall til svæðisins er það óumdeilanlega hlutverk Alþjóðadómstólsins að kveða upp úr með rétt ríkjanna í eitt skipti fyrir öll.⁴²⁰ Með því að breyta afstöðu sinni og kröfum á síðustu metrum inngönguferlis Króata á Evrópusambandið á hættu að vera sakað um að ganga á bak loforða sinna og jafnframt að sýna alþjóðlegri réttvísi nokkra lítilsvirðingu þar sem sambandið stígur sumpart í veg fyrir ætlunarverk Alþjóðadómstólsins í Haag.

Hér er gífurlega mikilvægt að alþjóðasamfélagið kappkosti að standa vörð um alþjóðalög og rétt og forðist að leggja misvitur, pólitísk lóð á þessar vogarskálar. Pólitískt argaþras og margróma skilaboð eru til þess eins fallin að auka misrétti og ala á gremju og vinna þannig gegn áfallallitlu samrunaferli aðildarlanda Evrópusambandsins. Nýlegar tilraunir Breta til að undaskilja Serba skikkan ICTY um framsal stríðsglæpamanna til dómstólsins en bjóða þeim aðild að Evrópusambandinu þrátt fyrir það,⁴²¹ báru augljós merki misræmis og ósanngirni

⁴¹⁶ Viðtöl við króatíska heimildarmenn sem njóta nafnleyndar. Tekin í mars-júlí 2009.

⁴¹⁷ Mbl.is. Heimasíða Morgunblaðsins. Fréttaskýring: Króötum vísað í skammarkrókinn.

⁴¹⁸ Alþjóðadómstólinn; International Court of Justice. Heimasíða. The Court.

⁴¹⁹ Í viðtali við slóvenskan lögfræðing vísaði hann aðspurður um tilkall Slóvena til Piran-flóa til pólitískra og sögulegra raka en ekki lögfræðilegra. Þjóðimar væru náskyldar og ættu að leysa þetta mál í bróðerni án aðkomu dómstóla. Auk þess ættu Króatar miklu betri lögfræðinga en Slóvenar og myndu því standa betur að vígi í hugsanlegum málaferlum. Tekið í maí 2009.

⁴²⁰ Bennett, A. L. og Oliver, J. K. 2002. *International Organizations: Principles and Issues*. Bls. 186.

⁴²¹ Human Right Watch. Heimasíða. EU/Serbia: Don't compromise on Mladić.

og hefðu getað haft mjög alvarlegar og ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir frið í Evrópu. Fyrir tilstilli Belga og Hollendinga tókst að afstýra þessu ráðabruggi sem sýnir svo ekki verður um villst að ekki þurfi stórar þjóðir til að hafa heillavænleg áhrif í samvinnu Evrópulandanna.

Fyrir liggur að Evrópusambandið tók höndum saman við alþjóðlegan dómstól þegar sett voru fram skilyrði um framsal Gotovina. Með því verður ekki annað séð en að alþjóðlegt réttarfar hafi styrkst verulega og aukið líkur á friðsamlegum lausnum deilumála. ICTY hefur frá upphafi lagt alla áherslu á að dæma stríðsglæpi á málefnalegan og hlutlausan hátt og hefur verið brautryðjandi í alþjóðlegri réttargæslu.⁴²² Auk þess hefur lagalegur grunnur alþjóðalaga styrkst mjög í tíð dómstólsins. Til marks um góðan árangur ICTY nægir að benda á aukinn fjölda dæmdra stríðsglæpamanna í öllum löndum Balkanskagans en ekki síður á nýrri stríðsglæpadómstóla sem hafa verið settir á laggirnar í kjölfar ICTY. Miklum áfanga í alþjóðlegu réttarfari var náð þegar Alþjóðlegi glæpadómstóllinn (*e. International Criminal Court*) var stofnaður⁴²³ og sýnist því óhætt að fullyrða að alþjóðleg réttvísi hafi styrkst til mikilla muna og ofið snöggum þéttari vef sameiginlegra, alþjóðlegra laga og reglna sem tryggja öðru fremur friðvænlegar horfur.

Framfylgni laga og réttar er í höndum alþjóðlegra stofnana og í sameiningu eru þessir tveir þættir alþjóðasamvinnu hornsteinn friðar. Alþjóðlegar stofnanir eru einn vænlegasti farvegurinn fyrir samskipti milli landa. Þar hafa bæði stórar og smáar þjóðir tækifæri til að láta til sín taka og með aukinni samvinnu innan stofnana er öryggi allra betur tryggt. Nýverið undirrituðu Serbar og Króatar gagnvirkan samning um samvinnu í löggæslumálum landanna⁴²⁴ og gefa fyrirheit um að samvinna í þessum málaflokki skili sér í auknum samskiptum milli ríkjanna á öðrum sviðum.

Afar brýnt er að Evrópusambandið og aðrar alþjóðastofnanir séu samkvæmar sjálfum sér og alþjóðalögum því að öðrum kosti er hætt við að pólitísk mismunun og ólík meðhöndlun ríkja verði myllusteinn um háls sambandsins og allri skilvirkni

⁴²² Mingst, K. A. 2004. *Essentials of International Relations*. Bls. 189.

⁴²³ Bennett, A. L. og Oliver, J. K. 2002. *International Organizations: Principles and Issues*. Bls. 204.

⁴²⁴ B92. Fréttavefur um málefni landa Balkaskagans. Heimasíða.

og framfylgni réttargæslu til trafala. Traust og tiltrú almennings í ólíkum löndum Evrópusambandsins byggist að miklu leyti á ákvörðunum og stefnu sambandsins og ræður miklu í ákvarðanatökum aðildarríkjanna. David Beetham segir að sjálf lýðræðishugsjónin sé best varðveitt fyrir tilstilli alþjóðlegra dómstóla þar sem réttur þjóðanna og einstaklingsrétturinn er settur í öndvegi.⁴²⁵ Áhersla Evrópusambandsins á eflingu lýðræðis bæði innan og utan endimarka sinna hlýtur að koma lífsgæðum allra íbúa aðildarlandanna til góða enda er lýðræðisformið best til þess fallið að auka og tryggja öryggi og afkomu þegna.⁴²⁶ Einn liður í varðveislu lýðræðis er einmitt tryggt og heilbrigt réttarfar⁴²⁷ og ætti því að vera í fylkingarbrjósti áherslna Evrópusambandsins.

Með hliðsjón af þeirri ímynd þjóðhetju sem Ante Gotovina hefur meðal margra samlanda sinna reynir enn frekar á tilfinningalega afstöðu fólks gagnvart skilyrðum Evrópusambandsins um hlýðni og samvinnu yfirvalda við alþjóðlegar stofnanir. Viðbrögð króatísku almennings við framsali Ante Gotovina voru afgerandi. Langflestum viðmælendum mínum bar saman um að hann væri sannkölluð þjóðhetja, hann hefði verið potturinn og pannan í viðsnúningi stríðsins og án hans hefði Króötum líklega aldrei tekist að reka Serba af höndum sér. Hins vegar voru nokkrir á þeirri skoðun að í „*Stormi*” hefðu ýmsir atburðir gerst sem vörðuðu við alþjóðalög og þá gerninga yrði að skoða með réttlætissjónarmið í huga og án nokkurrar tilfinningasemi.⁴²⁸ Gotovina bar, sem æðsti hershöfðingi aðgerðarinnar, ábyrgð á þeim verknuðum sem þar voru framdir og hlýtur að þurfa að standa á þeim skil.

Afstaða heimildarmanna minna til inngöngunnar sjálfvar var á mjög líkum nótum. Allir voru sammála um að öryggi króatísku almennings yrði margfalt tryggara með þéttari samvinnu við önnur Evrópuríki en ekki síður með inngöngunni í NATO sem reyndar vakti mikla og auðsjáanlega ánægju. Flestir sjá fyrir sér bætt líf skjör í kjölfar væntanlegrar inngöngu í Evrópusambandið og fyrir marga skiptir betri afkoma ekki síður máli en beint öryggi.

⁴²⁵ Beetham, D. 2005. *A Beginner's Guide to Democracy*. Bls. 116-118.

⁴²⁶ Giddens, A. 2002. *Runaway World*. Bls. 68.

⁴²⁷ Beetham, D. 2005. Bls. 175.

⁴²⁸ Viðtal við króatískan embættismann sem nýtur nafnleyndar. Tekið í desember 2008.

Sjálfsmynd Króata virðist vera skýr og viðmælendum mínum er mjög tamt að höfða til sögunnar til að undirstrika rétt þjóðarinnar til frelsis. Áberandi er rík tilhneiging til að minnast ógnar og þjáningar þjóðarinnar sem nánast allir viðmælendur mínir hafa upplifað. Króatía var í hugum fólks undirokuð til langs tíma af Serbum en vilji þjóðarinnar til sjálfstæðis og frelsis er geysilega sterkur. Fyrir viðmælendur mína skipti sérlega miklu máli að þjóðin væri tekin fullgild sem jafningi í alþjóðasamfélaginu; „...það er það sem allar sjálfstæðar og frjálsar þjóðir gera, að eiga samskipti hver við aðra.”⁴²⁹

Orðræða fólks ber þess rík merki að Króatar fundu sig undirmálmenn í gömlu Júgóslavíu en með sigrinum í „*Stormi*” breyttist þetta viðhorf og sjálfsmynd þeirra rétti úr kútnum. Sameiginleg sjálfsmynd ólíkra þjóða sem sprottin er úr samþættri orðræðu er hvorki óhugsandi né fráleit eins og Haseler hefur bent á: „Í sögu þjóðanna hefur augljóslega tekist að skapa sameiginlega sjálfsmynd með auknum tækifærum fólks til gagnkvæmra samskipta.”⁴³⁰ Með því að leggja áherslu á að efla samvitund Króata við önnur ríki Evrópu aukast líkurnar á að samruni landsins við sambandið verði áfallalítill.

Mikilvægur þáttur í endurreisn og styrkingu sjálfsmynda er að þjóð sem hefur afgreitt sín mál gagnvart alþjóðlegum lög- og réttargæsluaðilum, er búin að fá n.k. aflausn og getur borið höfuðið hátt í samfélagi við aðrar þjóðir. Sjálfsvirðing og sjálfsmynd verður ekki endurheimt nema með því að horfast í augu við sannleikann vegna þess að án hans getur aldrei orðið um neitt réttlæti að ræða.⁴³¹ Sú þjóð sem hefur gengið í gegnum þess konar reynslu er betur til þess fallin að takast á við önnur verkefni og áskoranir í alþjóðasamfélagi enda getur hún nú deilt reynslu sinni þar sem hennar er þörf.⁴³² Þetta er ekki síst mikilvægur þáttur vegna þess að eftir því sem fleiri ríki eru knúin til hlýðni við alþjóðlega dómstóla, eykst styrkur þeirrar alþjóðlegru réttvísi sem svo mjög er þörf. Þetta atriði er hins vegar tvíeggjað sverð og getur valdið ágreiningi þar sem kunna að rekast á alþjóðlegt réttarfar annars vegar og þjóðarréttarfar hins vegar. Dómar Mannréttindadómstóls

⁴²⁹ Ummæli Miomir Žužul, fyrrverandi utanríkisráðherra í stjórn Franjo Tudjman. Sett fram 8. júní, 2009.

⁴³⁰ Haseler, S. 2005. *Super-State: The New Europe and its Challenge to America*. Bls. 123.

⁴³¹ Drakulic, S. 2004. *They would never hurt a fly*. Bls. 15.

⁴³² Viðtal við greiningarsérfræðing ICTY. Tekið í nóvember 2008.

Evrópusambandsins sýna þó að alþjóðadómar eru affarasælli leið til að hafa endurbætandi áhrif á dómskerfi innan ríkja vegna þess óháða hlutleysis sem alþjóðadómstólar búa yfir.⁴³³ Það rennir enn styrkari stoðum undir mikilvægi alþjóðlegs réttarfars og vísað var til hér fyrir í kaflanum.

Þar sem ólíkir efnó-hópar og þjóðir takast á innan Evrópusambandsins er sérlega áriðandi að gæta jafnaðar og forðast mismunun í lengstu lög því ella er hætt við því að öfgahópar fái byr í seglin með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Öfgasinnaðir stjórn mála flokkar í Króatíu hafa raunar aldrei fengið meira en 10% fylgi í þingkosningum þar í landi⁴³⁴ en úrslit nýlegra kosninga til Evrópuþingsins þar sem öfgamenn víða um álfuna fengu óvænt brautargengi⁴³⁵ eru þörf áminning til Evrópusambandsins um að huga betur að þjóðfélagslegum innviðum sambandsríkjanna svo komast megi hjá innri þrýstingi sem ógnar öryggi og farsæld sambandsins. Mismunun og ójöfnuður eru kjörlendi gremju og andúðar sem getur auðveldlega magnast upp í öfgafull viðbrögð sem ógna öllu öryggi og friði.

Meginmarkmið þessarar ritgerðar er að skoða framsal Ante Gotovina í ljósi þess að Evrópusambandið gaf fyrirheit um að framsal hans opnaði leið aðildar að uppfylltum kröfum ICTY. Ekki verður annað séð en að Króatar hafi mætt kröfum Evrópusambandsins. Loforð þess hefur ekki staðist þar sem sambandið hefur ákveðið að fresta viðræðum þar til Króatar hafa komist að samkomulagi við Slóvena um lausn Piran-deilunnar. Með því virðist það hafa tekið aðra afstöðu en Króatar vonuðust eftir. Miðað við upprunalegar áherslur Evrópusambandsins um löghlýðni aðildarríkja hefði mátt vænta þess að það hefði hvatt deiluaðila til að leggja ágreininginn fyrir Alþjóðadómstólinn í Haag eins og Króatar hafa lagt áherslu á. Í stað þess að halda fast við kröfur um hlýðni við alþjóðlegt réttarfar hefur Evrópusambandið hins vegar tekið nýjan pól í hæðina sem ber svip pólitískra ákvarðana. Sambandið sýnist með þessu taka ákveðna áhættu gagnvart ólíkum þjóðum og þjóðarbrotum þar sem hætt er við að tiltrú almennings bíði hnekki við þessa umþóttun og vonbrigði viðmælenda minna í Króatíu með stefnu

⁴³³ Beetham, D. 2005. *A Beginner's Guide to Democracy*. Bls. 116.

⁴³⁴ Viðtal við króatískan embættismann sem nýtur nafnleyndar. Tekið í desember 2008.

⁴³⁵ BBC. Heimasíða. 2009. Mark Mardell.

Evrópusambandsins í þessu máli eru augljós. Án trausts þegnanna er vandséð hvernig sambandinu farnast í samþættingu gildismats og evrópskrar sjálfmyndar.

Pierre Hazan sagði að einungis hnattvæðing alþjóðlegrar réttvísi myndi áorka það sem stjórnmalakerfum heimsins hefði mistekist; að auka öryggi og frið í veröldinni.⁴³⁶ Tíminn einn mun leiða í ljós hvort Evrópusambandinu tekst upphaflegt ætlunarverk sitt, að tryggja áframhaldandi frið í álfunni.

⁴³⁶ Hazan, P. 2004. *Justice in a Time of War*. Bls. 202.

HEIMILDASKRÁ

Andreatta, Filippo. (2005). Theory and the European Union's International Relations. Í Hill, C. & Smith, M. (Ritstj.). (2005). *International Relations and the European Union*. Oxford: Oxford University Press.

Answers.com. Ante Gotovina.

Sótt 31. maí 2009 af vefsíðu:

<http://www.answers.com/topic/ante-gotovina>.

Answers.com. Ethnic Cleansing.

Sótt 18. maí 2009 af vefsíðu:

<http://www.answers.com/topic/ethnic-cleansing>.

Answers.com. First Geneva Convention.

Sótt 17. maí 2009 af vefsíðu:

<http://www.answers.com/topic/first-geneva-convention>.

Answers.com. Greater Serbia.

Sótt 27. maí 2009 af vefsíðu:

<http://www.answers.com/topic/greater-serbia>.

Answers.com. Hague Conferences.

Sótt 3. maí 2009 af vefsíðu:

<http://www.answers.com/the%20hague%20conventions>

Answers.com. International Criminal Court.

Sótt 28. janúar 2009 af vefsíðu:

<http://www.answers.com/international%20criminal%20court>.

Answers.com. International Criminal Tribunal for the former Yugoslavia.

Sótt af 26. janúar 2009 vefsíðu:

<http://www.answers.com/icty>

Answers.com. Nato.

Sótt 23. júní 2009 af vefsíðu:

<http://www.answers.com/nato?cat=biz-fin>

Answers.com. Ustaše.
Sótt 23. júní 2009 af vefsíðu:
<http://www.answers.com/topic/usta-e>.

Answers.com. War Crime.
Sótt 27. maí 2009 af vefsíðu:
<http://www.answers.com/topic/war-crime>.

Axis Information and Analyses: Global Challenges Research. (2005). Ante Gotovina: Gangster, General, National Hero... War Criminal?
Sótt 31. maí 2009 af vefsíðu:
<http://www.axisglobe.com/article.asp?article=548>.

Baldur Thorhallsson & Anders Wivel. (2006). Small States in the European Union: What do we know and what would we like to know? Í *Cambridge Review of International Affairs*, Volume 19, Number 4, December 2006.

Baldur Thorhallsson. (Ritstj.). (2004). *Iceland and European Integration*. Oxon: Routledge.

Barnard, Frederick M. (2004). *Herder on Nationality Humanity and History*. Montreal: McGill-Que.
Sótt 4. júní 2009 af vefsíðu:
<http://books.google.com/books?hl=is&lr=&id=NfaFJ7aAR1AC&oi=fnd&pg=PA3&dq=herder+%2Bnationality&ots=EKS6xtvn0x&sig=yQ-k2SP1G49XY5h4EeRjI6DtH4M#PPA4,M1>.

BBC. Fréttir og fréttatengt efni. Immunity deal protects Karadžić.
Sótt 27. maí 2009 af vefsíðu:
<http://news.bbc.co.uk/2/hi/europe/8067078.stm>.

BBC. Fréttir og fréttatengt efni. Croat Suspect to be Film Hero.
Sótt 24. júlí 2009 af vefsíðu:
<http://news.bbc.co.uk/2/hi/europe/4854318.stm>.

Beetham, David. (2005). *A Beginner's Guide to Democracy*. Oxford: Oneworld Publication.

Bennett, A. Leroy & Oliver, James K. (2002). *International Organizations: Principles and Issues*. Upper Saddle River: Prentice Hall.

B92. Fréttir og fréttasíða af málefnum landa Balkanskagans. Serbia, Croatia sign police agreement.
Sótt 26. maí 2009 af vefsíðu:
<http://www.b92.net/eng/>.

B92. Fréttir og fréttasiða af málefnum landa Balkanskagans B92. Heimasíða. JM:All War Criminals to be arrested.

Sótt 24. júlí 2009 af vefsíðu:

http://www.b92.net/eng/news/crimes-article.php?yyyy=2009&mm=06&dd=30&nav_id=60170.

Boli, John og Thomas, George M. (1999). INGOs and the Organizations of World Culture. Í Diehl, P. (Ritstj.) (2001). *The Politics of Global Governance: International Organizations in an Interdependent World*. Boulder: Lynne Rienner Publishers, Inc.

Buzan, Barry. (2007). *People, States and Fear: An Agenda for International Security Studies in the Post-Cold War Era. Second Edition*. Boulder: Lynne Rienner Publisher.

Breska utanríkisráðuneytið. Heimasíða.

Sótt 21. júlí 2009 af vefsíðu:

<http://www.find-croatia.com/forum/index.php?topic=1760.0>.

Calleo, David P. (1995). Reflections on the Idea of the Nation-State. Í Kupchan, Charles A. (Ritstj.) (1995). *Nationalism and Nationalities in the New Europe*. Ithaca: Cornell University Press.

Cameron, Fraser. (2007). *An Introduction to European Foreign Policy*. London: Routledge.

Computers and Society. (Informatik und Gesellschaft). Technical University of Berlin. What is a Nation?

Sótt 4. júní 2009 af vefsíðu:

<http://ig.cs.tu-berlin.de/oldstatic/w2001/eu1/dokumente/Basistexte/Renan1882EN-Nation.pdf>.

Cooper, Robert. (2003). *The Breaking of Nations: Order and Chaos in the Twenty-First Century*. London: Atlantic Books.

Cottey, Andrew. (2007). *Security in the New Europe*. Houndsmills: Palgrave Macmillan.

Cox, Robert W. (1981). Social Forces, States and World Orders: Beyond International Relations Theory. Í Keohane, R. O. (Ed.). *Neorealism and its Critics*. (1986). New York: Columbia University Press.

Croatia. (2006). Hrvatska Heritage Series. Zagreb: Vjesnik d.d.

Croatia, Overview of History, Culture and Science. Heimasíða.
Sótt 3. júní 2009 af vefsíðu:
www.croatianhistory.net.

Croatia, Overview of History, Culture and Science. Heimasíða. The Period of Croatia Within Ex-Yugoslavia.
Sótt 3. júní 2009 af vefsíðu:
<http://www.croatianhistory.net/etf/et112.html#jugo>.

Cupitt, Richard, Whitlock, Rodney, og Whitlock, Lynn W. (1996). The (Im)mortality of International Governmental Organizations. Í Diehl, P. F. (Ritstj.). 2001. *The Politics of Global Governance: International Organizations in an Interdependent World.* Boulder: Lynne Rienner Publishers, Inc.

Dayton Peace Agreement. (1995).
Sótt 18. júlí 2009 af vefsíðu:
http://www.ohr.int/dpa/default.asp?content_id=380

Diehl, Paul. (Ritstj.) (2001). *The Politics of Global Governance: International Organizations in an Interdependent World.* Boulder: Lynne Rienner Publishers, Inc.

Dinan, Desmond. (2005). *Ever Closer Union.* Houndsmills: Palgrave Macmillan.

Drakulić, Slavenka. (2004). *They would never hurt a fly.* New York: Penguin.

Droege, Cordula. (2007). The Interplay between the International Humanitarian Law and International Humanitarian Rights Law in Situations of Armed Conflict. Jerusalem: The Hebrew University of Jerusalem.
Tekið af heimasíðu International Committee of the Red Cross.
Sótt 14. maí 2009 af vefsíðu:
[http://www.icrc.org/Web/eng/siteeng0.nsf/htmlall/ihl-human-rights-article-011207/\\$File/interplay-article-droege.pdf](http://www.icrc.org/Web/eng/siteeng0.nsf/htmlall/ihl-human-rights-article-011207/$File/interplay-article-droege.pdf).

Dusko, Doder. (1993). Yugoslavia: Old War, New Hatreds.
Sótt 20. maí 2009 af vefsíðu:
<http://www.jstor.org/pss/1149057>.

Edwards, Geoffrey. (2005). The Pattern of the EU's Global Activity. Í Hill, C. og Smith, M. (Ritstj.). (2005). *International Relations and the European Union.* Oxford: Oxford University Press.

Eiríkur Bergmann Einarsson. (2009). Píran-deilan.
Sótt 6. júní 2009 af vefsíðu:
<http://eirikur.eyjan.is/2009/05/piran-deilan.html>.

Enloe, Cynthia. (1989). The Personal is International. Í Mingst, K. A. og Snyder, J. L. (Ritstj). 2004. *Essential Readings in World Politics*. New York: W. W. Norton Company.

EUBusiness. Heimasíða. Croatia calls for assumption of EU accession talks. Sótt 8. júní 2009 af vefsíðu:
<http://www.eubusiness.com/news-eu/1242913621.63/>.

European Union. Heimasíða Evrópuþingsins. Sótt 27. janúar 2009 af vefsíðu:
<http://www.europarl.europa.eu/sides/getDoc.do?pubRef=-//EP//TEXT+CRE+20040420+ITEM-016+DOC+XML+V0//EN>.

European Union. Heimasíða Evrópusambandsins. The European Union opens accession negotiations with Croatia. Sótt 27. maí 2009 af vefsíðu:
<http://europa.eu/rapid/pressReleasesAction.do?reference=IP/05/1222&format=HTML&aged=0&language=EN&guiLanguage=en>.

European Union. Heimasíða Evrópusambandsins. European Neighborhood Policy. Sótt 27. janúar 2009 af vefsíðu:
http://ec.europa.eu/external_relations/enp/index_en.htm.

European Union. Heimasíða Evrópusambandsins. Debates: Application for membership from Croatia. Sótt 27. janúar 2009 af vefsíðu:
<http://www.europarl.europa.eu/sides/getDoc.do?pubRef=-//EP//TEXT+CRE+20040420+ITEM-016+DOC+XML+V0//EN>.

European Union. Heimasíða Evrópusambandsins. European Security Strategy. Sótt 18. júní 2009 af vefsíðu:
http://europa.eu/legislation_summaries/justice_freedom_security/fight_against_terrorism/r00004_en.htm.

European Union. Heimasíða Evrópusambandsins. Common Foreign and Security Policy. Sótt 21. júlí 2009 af vefsíðu:
http://ec.europa.eu/external_relations/cfsp/index_en.htm.

European Union. Heimasíða Evrópusambandsins. Handover of Mr. Milošević – Reaction of The European Commission. Sótt 1. ágúst 2009 af vefsíðu:
<http://europa.eu/rapid/pressReleasesAction.do?reference=IP/01/922&format=HTML&aged=0&language=EN&guiLanguage=en>.

European Union. Heimasíða Evrópusambandsins. Key challenges and EU obligations.

Sótt 21. júlí 2009 af vefsíðu:

http://ec.europa.eu/external_relations/peace_security/why_en.htm.

European Union. Heimasíða Evrópusambandsins. Progress with enlargement: Bulgaria, Romania and Croatia.

Sótt 17. júlí 2009 af vefsíðu:

http://europa.eu/legislation_summaries/enlargement/ongoing_enlargement/e50016_en.htm.

European Union. Heimasíða Evrópusambandsins. The Symbols of the EU.

Sótt 1. ágúst 2009 af vefsíðu:

http://europa.eu/abc/symbols/index_en.htm.

European Union. Heimasíða Evrópusambandsins. 2009 The Year of the Western Balkans.

Sótt 23. júní 2009 af vefsíðu:

http://ec.europa.eu/cyprus/news/20081105_western_balkan_year2009_en.htm.

European Union. Heimasíða Evrópusambandsins. Why has EU opened negotiations with Croatia?

Sótt 21. júlí 2009 af vefsíðu:

http://ec.europa.eu/enlargement/questions_and_answers/croatia_en.htm

Friedman, Thomas, L. (2005). *The World is Flat*. London: Penguin Books.

Giddens, Anthony. (2002). *Runaway World: How Globalisation Is Reshaping Our Lives*. London: Profile Books.

Glennon, Michael J. (2003). Why the Security Council failed. Í Mingst, K. A. & Snyder, J. L. (Ritstj.) (2004). *Essential Readings in World Politics*. New York: W. W. Norton & Company Inc.

GlobalSecurity.com. Military: Army of Yugoslavia.

Sótt 24. júlí 2009 af vefsíðu:

<http://www.globalsecurity.org/military/world/serbia/army.htm>.

Guardian. Fréttir og fréttaskýringar. Former Bosnian Serb leader Radovan Karadzic immune from prosecution, claim lawyers.

Sótt 25. maí 2009 af vefsíðu:

www.guardian.co.uk/world/2009/may/25/karadzic-claims-immunity-deal.

Guðmundur Hálfðanarson. (2001). *Íslenska þjóðríkið: Uppruni og endimörk*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag – ReykjavíkurAkademían.

Gunnar Helgi Kristinsson og Baldur Thorhallsson. (2004). The Euro-sceptical political elite. Í Baldur Thorhallsson. (Ritstj.) (2004). *Iceland and European Integration: On the Edge*. Oxon: Routledge.

Hartmann, Florence. (2007). *Paix Et Châtiment*. Paris: Flammarion.

Haseler, Stephen. (2005). *Super-State: The New Europe and Its Challenge to America*. London: I. B. Tauris & Co. Ltd.

Hazan, Pierre. (2004). *Justice in a Time of War: The True Story Behind The International Tribunal for the Former Yugoslavia*. Bryan: Texas A&M University Press College Station.

Hill, Christopher og Smith, Michael. (Ritstj.). (2005). *International Relations and the European Union*. Oxford: Oxford University Press.

Hjálmar Sveinsson & Irma Erlingsdóttir. (Ritstj.). (2000). *Atvik :Framtíð lýðræðis á tímum hnattvæðingar*. Reykjavík: Bjartur – ReykjavíkurAkademían.

Holbrooke, Richard. (1999). *To End a War*. New York: Random House, Inc.

Howorth, J. (2005). From Security to Defence. Í Hill, C. og Smith, M. (Ritstj.). (2005). *International Relations and the European Union*.

Human Right Watch. Heimasíða. EU/Serbia: Don't compromise on Mladić. Sótt 24. júlí 2009 af vefsíðu:
<http://www.hrw.org/en/news/2007/11/05/euserbia-don-t-compromise-mladic>.

International Committee of the Red Cross. International humanitarian law in brief. Sótt 3. maí 2009 af vefsíðu:
http://www.icrc.org/web/eng/siteeng0.nsf/htmlall/section_ihl_in_brief.

International Committee of the Red Cross. Heimasíða. What are the origins of international humanitarian law? Sótt 3. maí 2009 af vefsíðu:
<http://www.icrc.org/Web/eng/siteeng0.nsf/html/5KZFR8>.

International Committee of the Red Cross. Heimasíða. Geneva Conventions. Sótt 24. júlí 2009 af vefsíðu:
<http://www.icrc.org/Web/Eng/siteeng0.nsf/htmlall/genevaconventions>.

International Court of Justice. The Court.

Sótt 25. janúar af vefsíðu:

<http://www.icj-cij.org/court/index.php?p1=1&PHPSESSID=c4d1065e598d982e05e57c6cfa428a9b>.

International Criminal Court. Heimasíða. ICC at a Glance.

Sótt 24. júlí 2009 af vefsíðu:

<http://www.icc-cpi.int/Menus/ICC/About+the+Court/ICC+at+a+glance/>.

International Criminal Tribunal for the Former Yugoslavia. About the ICTY.

Sótt 24. júlí 2009 af vefsíðu:

<http://www.icty.org/sections/AbouttheICTY>.

International Criminal Tribunal for the Former Yugoslavia. Accused at Large.

Sótt 24. júlí 2009 af vefsíðu:

<http://www.icty.org/action/cases/4>

International Criminal Tribunal for the Former Yugoslavia. (2001). Ákærir ICTY á hendur Ante Gotovina.

International Criminal Tribunal for the Former Yugoslavia. (1995) og (2000). Ákærir ICTY á hendur Radovan Karadžić.

International Criminal Tribunal for the Former Yugoslavia. (2004). Case ICTY against Goran Hadžić.

Sótt 20. maí 2009 af vefsíðu:

<http://www.icty.org/x/cases/hadzic/ind/en/had-ii040716e.htm>.

International Criminal Tribunal for the Former Yugoslavia. Cases at Trial.

Sótt 24. júlí 2009 af vefsíðu:

<http://www.icty.org/action/cases/4>

International Criminal Tribunal for the Former Yugoslavia. (2006). General Information.

International Criminal Tribunal for the Former Yugoslavia. International Tribunal issues first indictment dealing with Bosnian-Serb victims.

Sótt 23. júní 2009 af vefsíðu:

<http://www.icty.org/sid/7392>.

International Criminal Tribunal for the Former Yugoslavia. Press Release. Biljana Plavšić transferred to Sweden to serve prison sentence.

Sótt 23. júní 2009 af vefsíðu:

<http://www.icty.org/sid/8229>.

International Criminal Tribunal for the Former Yugoslavia. Statute.

Sótt 3. maí 2009 af vefsíðu:

http://www.icts.de/dokumente/icty_statut.pdf.

International Criminal Tribunal for the Former Yugoslavia. Rules of Procedure and Evidence.

Sótt 14. maí 2009 af vefsíðu:

http://www.icty.org/x/file/Legal%20Library/Rules_procedure_evidence/IT032_Rev42_en.pdf.

International Law of War Association. Heimasíða. About the War Crime research Office.

<http://www.wcl.american.edu/warcrimes/about.cfm>.

International Law of War Association. Heimasíða. Basic Documents and Jurisprudence of Internationalized Criminal Courts and Tribunals

Sótt 24. júlí 2009 af vefsíðu:

https://www.wcl.american.edu/warcrimes/wcro_docs/index.cfm.

Keohane Robert O. & Nye, Joseph S. (1977). *Power and Interdependence: World's Politics in Transition*. Boston: Little Brown and Company.

Keohane, Robert O. (1984). *After Hegemony: Cooperation and Discord in the World Political Economy*. Surrey: U.K.Princeton University Press.

Keohane, Robert O. (1986). *Neorealism and Its Critics*. New York: Columbia University Press.

Keohane, Robert. O. (1986). *Neorealism and World Politics*. Í Keohane, R. O. (Ritstj.). (1986). *Neorealism and Its Critics*. New York: Columbia University Press.

Keohane, Robert O. (1993). *Institutional Theory and the Realist Challenge after the Cold War*. Í Baldwin, D. A. (Ritstj.) (1993). *Neorealism and neoliberalism: The Contemporary Debate*. New York: New York Columbia Press.

Keohane, Robert O. og Nye, Joseph S. (2001). Í Cottey, . (2007). *Security in the New Europe*. Houndsmills: Palgrave Macmillan.

Kissinger, Henry A. (2001). *The Pitfalls of Universal Jurisdiction*. Í Mingst, K.M. & Snyder, J.L. (Ritstj.) (2004). *Essential Readings in World Politics*. New York: W. W. Norton & Company Inc.

Koenig-Arcihbugi, Mathias. (2002). *Mapping Global Governance*. Í Held, D. og McGrew, A. (Ritstj.) (2002). *Governing Globalization*. Cambridge: Polity Press.

Kristrún Heimisdóttir. (2003). Stjórnarskrárbundið fullveldi Íslands. Í Tímariti lögfræðinga. 1. hefti. 53. árgangur.

Kupchan, Charles A. (Ritstj.) (1995). *Nationalism and Nationalities in the New Europe.* Ithaca: Cornell University Press.

Kwintessential. Heimasíða. Religion in Croatia.

Sótt 8. júní 2009 af vefsíðu:

[http://www.kwintessential.co.uk/articles/article/Croatia/Religion-in-Croatia/470.](http://www.kwintessential.co.uk/articles/article/Croatia/Religion-in-Croatia/470)

Lepgold, Joseph. (1998). NATO's Post-Cold War Collective Action Problem. Í Diehl, P. (Ritstj.) (2001). *The Politics of Global Governance: International Organizations in an Interdependent World.* Boulder: Lynne Rienner Publishers, Inc.

Magaš, Branka & Žanić, Ivo. (Ritstj.) (2001). *The war in Croatia and Bosnia-Herzegovina 1991-1995.* Florence: Routledge.

Sótt 23. maí 2009 af vefsíðu:

[http://books.google.co.uk/books?id=ccOWvqdxpVUC&pg=PA110&lpg=PA110&dq=jna+%2B+4th+most+powerful+army&source=bl&ots=i2ILqkimpE&sig=h3OMU1nfu1wo0GiUGeEQVwN4cyc&hl=is&ei=kccXSseaHMKO-Aakr4SRBA&sa=X&oi=book_result&ct=result&resnum=1.](http://books.google.co.uk/books?id=ccOWvqdxpVUC&pg=PA110&lpg=PA110&dq=jna+%2B+4th+most+powerful+army&source=bl&ots=i2ILqkimpE&sig=h3OMU1nfu1wo0GiUGeEQVwN4cyc&hl=is&ei=kccXSseaHMKO-Aakr4SRBA&sa=X&oi=book_result&ct=result&resnum=1)

Mann, Micahel. (2005). *The Dark Side of Democracy.* Cambridge: Harvard University Press.

Sótt 18. maí 2009 af vefsíðu:

[http://books.google.com/books?hl=is&lr=&id=cGHGPgj1_tIC&oi=fnd&pg=PA1&dq=ethnic+cleansing&ots=OFAXqRankE&sig=N85pFPx5nk6LsjSRdd5n9Dw_vuM#PPA2,M1.](http://books.google.com/books?hl=is&lr=&id=cGHGPgj1_tIC&oi=fnd&pg=PA1&dq=ethnic+cleansing&ots=OFAXqRankE&sig=N85pFPx5nk6LsjSRdd5n9Dw_vuM#PPA2,M1)

Mardell, Mark. March of the Right.

Sótt 22. júní af vefsíðu:

[http://www.bbc.co.uk/blogs/thereporters/markmardell/2009/06/almere_near_a_msterdam_three_bl.html.](http://www.bbc.co.uk/blogs/thereporters/markmardell/2009/06/almere_near_a_msterdam_three_bl.html)

Mazurana, Dyan, Raven-Roberts, Angela og Parpart, Jane L. (Ritstj.) (2005). *Gender, Conflict and Peacekeeping.* Oxford: Rowman & Littlefield Publishers, Inc.

Mbl. is. Heimasíða Morgunblaðsins.

Sótt 31. maí 2009 af vefsíðu:

[http://www.mbl.is/mm/frettir/erlent/2005/12/11/gotovina_neitar_ad_hafa_fra_mid_stridsglaepi_a_balka/.](http://www.mbl.is/mm/frettir/erlent/2005/12/11/gotovina_neitar_ad_hafa_fra_mid_stridsglaepi_a_balka/)

Mbl.is Heimasíða Morgunblaðsins. ESB hættir viðræðum við Króata.
Sótt 21. júlí 2009 af vefsíðu:
http://www.mbl.is/mm/frettir/erlent/2009/06/24/esb_haettir_vidraedum_vid_kroata/.

Mbl.is Heimasíða Morgunblaðsins. Króötum vísað í skammarkrókinn.
Sótt 22. júlí 2009 af vefsíðu:
http://www.mbl.is/mm/frettir/innlent/2009/06/28/krootum_visad_i_skammarkrokinn/.

Merriam-Webster's Online Dictionary. Heimasíða. Civil War.
Sótt 24. júlí 2009 af vefsíðu:
<http://www.merriam-webster.com/dictionary/civil+war>.

Merriam-Webster's Online Dictionary. Heimasíða. War.
Sótt 24. júlí 2009 af vefsíðu:
<http://www.merriam-webster.com/dictionary/war>.

Merriam-Webster's Online Dictionary. Heimasíða. War Crime.
Sótt 24. júlí 2009 af vefsíðu:
<http://www.merriam-webster.com/dictionary/war+crime>.

Miller, Linda. (1991). *The Idea and the Reality of Collective Security.* Í Diehl, P. (Ritstj.). 2001. *The Politic of Global Governance: International Organizations in an Interdependent World.* Boulder: Lynne Rienner Publishers, Inc.

Mingst, Karen M. (2004). *Essentials of International Relations.* New York: W. W. Norton & Company, Inc.

Mingst, Karen M. & Snyder, Jack L. (Ritstj.) (2004). *Essential Readings in World Politics.* New York: W. W. Norton & Company Inc.

Morgenthau, Hans J. (1949). *Politics among Nations.* New York: Alfred A. Knoff, Inc.

Monsters and Critics. Heimasíða. EU lures Serbia with pre-membership deal.
Sótt 24. júlí 2009 af vefsíðu:
http://www.monstersandcritics.com/news/europe/news/article_1388867.php/EU_lures_Serbia_with_pre-membership_deal_3rd_Roundup.

Nacional. Króatískt tímarit. Heimasíða blaðsins.
Sótt 16. júní 2009 af vefsíðu:
<http://www.nacional.hr/clanak/50856/mocni-prije-cetrdesete>.

Naimark, Norman M. (2002). *Fires of Hatred*. Cambridge: Harvard University Press.

Sótt 18. maí 2009 af vefsíðu:

<http://books.google.com/books?hl=is&lr=&id=L-QLXnX16kAC&oi=fnd&pg=PA1&dq=ethnic+cleansing+%2B+definition&ots=BzoAfGtH1V&sig=kBYulPIfU6GPiaIDtnk04EKUydg#PPA3,M1>.

NationMaster.com. Heimasíða.

Sótt 21. júlí 2009 af vefsíðu:

<http://www.nationmaster.com/country/hr-croatia/ter-terrorism>.

NationMaster.com. Heimasíða.

Sótt 22. júlí 2009 af vefsíðu:

<http://www.nationmaster.com/country/uk-united-kingdom/ter-terrorism>

NATO. Heimasíða. Nato in Kosovo.

Sótt 24. júlí 2009 af vefsíðu:

<http://www.nato.int/kfor/>.

Neumann, Iver B. (2001). *The Nordic States and European Unity*. Í Neumann, I.B. (Ritstj.) (1997). *Cooperation and Conflict*. London: Sage Publications.

Nye, Joseph S. (1993). *Understanding International Conflicts: An Introduction to Theory and History*. New York: HarperCollins College Publishers.

Perić, Ivo. (1998). *A History of the Croats*. Zagreb: CTT-Center of Technology Transfer.

Posen, Barry R. (1993) *The Security Dilemma and Ethnic Conflict*. Í Mingst, K.A. & Snyder, J.L. (Ritstj.). (2004). *Essential Readings in World Politics*. New York: W.W. Norton.

Rivera, Lauren. (2005). *After Nationalism: Tourism and the Production of Post-War Croatian Identity*. Tekið af heimasíðu Allacademic.com.

Sótt 20. maí 2009 af vefsíðu:

http://www.allacademic.com/meta/p23436_index.html.

Rosamond, Ben. (2000). *Theories of European Integration*. New York: St. Martin's Press, Inc.

Roter, Petra & Bojinović, Ana. (2005). 10. Bindí, 3. Tölublað, 3. nóvember 2005. *Croatia and the European Union: A Troubled Relationship*. Mediterranean Politics: Roter, P. & Bojinović, A.

Roth, Kenneth. (2001). The Case for Universal Jurisdiction. Í Mingst, K.M. & Snyder, J.L. (Ritsstj.). (2004). *Essential Readings in World Politics*. New York: W. W. Norton & Company Inc.

Scheffer, David J. (1999). Rape as a War Crime.

Sótt 18. júlí 2009 af vefsíðu:

<http://www.converge.org.nz/pma/arape.htm>.

Silja Bára Ómarsdóttir. (Ritsstj.). (2007). *Ný staða Íslands í utanríkismálum*.

Reykjavík:Háskólaútgáfan.

Smajilhodzic, Rusmir. (2008). Croatia moves against corruption to boost EU hopes.

Birt 23. september 2008 í Agence France Presse.

Smith, Anthony D. (2001). *Nationalism: Theory, Ideology, History*. Cambridge: Polity Press.

Stabrawa, Petr. (2008). Diplomatic Tensions Increase as Slovenia halts Croatia's EU Accession Talks.

Birt 22. desember 2008 í Global Insight Daily Analysis.

Taylor, Steven J. & Bogdan, Robert. (Ritsstj.). (1998). *Introduction to Qualitative Research Methods: A Guidebook and Resource*. (3. útgáfa). Toronto: John Wiley & Sons, Inc.

The American Society of International Law. Heimasíða. U.S. Announces Intent Not to ratify International Criminal Court Treaty.

Sótt 24. júlí 2009 af vefsíðu:

<http://www.asil.org/insigh87.cfm>.

The European Weekly: New Europe. Heimasíða blaðsins 18. maí 2009. EU will keep pushing for Slovenia – Croatia border compromise.

Sótt 6. júní 2009 af vefsíðu:

<http://www.neurope.eu/articles/94202.php>.

The European Weekly: New Europe. Heimasíða blaðsins 30. júní 2008. Mesić wants Croatia to activate EU potential.

Sótt 8. júní 2009 af vefsíðu:

<http://www.neurope.eu/articles/88628.php>.

Tiilikainen, Teija. (1998). *Europe and Finland*. Aldershot: Ashgate Publishing Ltd.

Transparency International: Global Corruption Barometer. Appendix D. (2009).

Sótt 6. júní af vefsíðu:

http://www.transparency.org/policy_research/surveys_indices/gcb/2009.

Two hours from London. Heimildarmynd.

Sótt 8. júní 2009 af vefsíðu:

<http://www.youtube.com/watch?v=DsvqkMABbjo>.

Valur Ingimundarson. (Ritstj.) (2008). *Uppbrot hugmyndakerfis: Endurmótun íslenskrar utanríkisstefnu 1991-2007*. Reykjavík: Hið Íslenska Bókmenntafélag.

Valur Ingimundarson. (2008). Frá óvissu til upplausnar: „Öryggissamfélag” Íslands og Bandaríkjanna. Í Valur Ingimundarson (Ritstj.) (2008). *Uppbrot hugmyndakerfis: Endurmótun íslenskrar utanríkisstefnu 1991-2007*. Reykjavík: Hið Íslenska Bókmenntafélag.

Verdun, A. & Croci, O. (2005). *The European Union in the wake of Eastern enlargement: Institutional and policy-making challenges*. Manchester: Manchester University Press.

United Nations. Office of the High Commissioner for Human Rights. Geneva Convention relative to the Treatment of Prisoners of War

Sótt 3. maí 2009 af vefsíðu:

<http://www.unhchr.ch/html/menu3/b/91.htm>.

United Nations. Security Council. 1993. Resolution 827: S/RES/827 (1993).

Sótt 20. júlí 2009 af vefsíðu:

<http://daccessdds.un.org/doc/UNDOC/GEN/N93/306/28/IMG/N9330628.pdf?OpenElement>.

Úlfar Hauksson. (2005). Staða og merking lýðræðis, fullveldis og þjóðríkisins á nýrri öld. Erindi flutt á ráðstefnu í Háskóla Íslands í október 2005.

Þorsteinn Pálsson. Ræða við útskrift nema frá Háskólanum í Reykjavík. 13. júní 2009.

Zubrinic, Darko. (1995). The period of Croatia within ex-Yugoslavia.

Sótt 21. júlí 2009 af vefsíðu:

<http://www.croatianhistory.net/etf/et112.html#jugo>.

Wendt, Alexander. (1999). *Social Theory of International Politics*. Cambridge: Cambridge University Press.

Sótt 20. júní 2009 af vefsíðu:

http://books.google.com/books?id=rsK0ghBUPbQC&pg=PA224&lpg=PA224&dq=wendt+%2B+self+identity&source=bl&ots=z8KXr34ubr&sig=0wzcBOW1pC8ku6XQIVX_sif86YA&hl=is&ei=xcw8Ss_ELsOQ-AaQzditBQ&sa=X&oi=book_result&ct=result&resnum=2

Wikipedia.com. Republic of Serbian Krajina.

Sótt 18. maí 2009 af vefsíðu:

[http://en.wikipedia.org/wiki/Republic of Serbian Krajina.](http://en.wikipedia.org/wiki/Republic_of_Serbian_Krajina)

Wunderlich, Uwe. 2008. The EU – a Post-Westphalian Actor in a Neo-Westphalian World? Ræða á Research Conference, University of Edinburgh 1.-3. september 2008.

Wæver, Ole. (1998). Insecurity, Security and Asecurity in the Western European NonWar Community. Í Adler, E. og Barnett, M. (Ritstj.). *Security Communities.* Cambridge: Cambridge University Press.

Viðtöl:

Anna Richterova. Saksóknari hjá ICTY. Tekið 15. nóvember 2008.

Brigitte St.Germaine. Kanadískur rannsóknari ICTY. Tekið 15. janúar 2008.

Francesco de Aguilar. Sendiherra Costa Rica í Hollandi. Fyrrverandi nefndarmaður í Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna í Genf. Tekið 25. janúar 2009.

Luka Mišetić. Bandarískur aðalverjandi Ante Gotovina. Tekið 25. júní 2009.

Serge Krieger. Greiningarsérfræðingur ICTY. Tekið 13. október 2008.

Stefan Waespi. Svissneskur aðalsaksóknari ICTY í máli Ante Gotovina. Tekið 9. janúar 2009.

Tekin voru viðtöl við 2 embættismenn í íslensku utanríkisþjónustunni.

Tekið var viðtal við svissneskan heimildarmann sem starfaði í IFOR sveitum Sameinuðu þjóðanna í stríðinu á Balkanskaga.

Tekin voru viðtöl við 6 Króata á mismunandi aldri. Einn þeirra er opinber starfsmaður, tveir eru núverandi og fyrrverandi prófessorar við háskóla í Króatíu og einn er tónlistarmaður.

Tekið var viðtal við slóvenskan lögfræðing.

Allir ofangreindir sem ekki eru nafngreindir njóta nafnleyndar að eigin ósk.

Höfundur ferðaðist um Króatíu sumarið 2009 og tók þar viðtöl við nokkra ofangreindra. Önnur viðtöl voru tekin í Haag á tímabilinu janúar 2008 til júlí 2009.

Höfundur fylgdist með réttarhöldum yfir Ante Gotovina við ICTY á tímabilinu september 2008 til júní 2009.